

skoðun 14



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt







Betra brauð í saumaklúbbinn!
HATTING



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
12. apríl 2011
85. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA
2001 - 2011




## Dásamleg tilfinning

*Sigríður Þorvaldsdóttir leikkona fagnar 70 ára afmæli sínu.*

**tímamót** 16

## Nýr maður

*Jóhannes Haukur breytti sér í vöðvatröll fyrir hlutverk sitt í myndinni Svartur á leik.*

**fólk** 30



## Flenging í Frostaskjóli

*KR fór illa með Stjörnuna í fyrsta leik liðanna um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta.*

**sport** 26

## veðrið í dag




**LITLAR BREYTINGAR** Í dag ríkja áfram SV-áttir, 5-10 m/s norðan til en 10-15 m/s víða annars staðar. Áfram skúrir eða él sunnan- og vestanlands en úrkomulítið og bjart með köflum allra austast.

**VEÐUR** 4

# Varist á öllum vígstöðvum

**Ráðuneyti, Seðlabankinn og utanríkisþjónustan hafa í nægu að snúast við að tala máli Íslands vegna Icesave. Matsfyrirtæki og sendiherrar eru meðal þeirra sem við reynum nú að sannfæra um rétt okkar.**

**STJÓRNSÝSLA** Unnið var að því af krafti í öllu íslenska stjórnkerfinu í gær, jafnt innan lands sem utan, að milda áhrifin af niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave-málið á laugardag.

Viðbrögðin voru af ýmsum toga. Már Guðmundsson seðlabankastjóri hóf daginn á að ráðfæra sig við nokkra ráðherra ríkisstjórnarinnar og í kjölfarið tók hann, líkt og undirmenn hans og starfsmenn ráðuneytanna, til við að reyna að tala um fyrir lánshæfismatsfyrirtækjunum og sannfæra þau um að lækka ekki lánshæfiseinkunn ríkisins.

Már var spurður að því í fréttum Stöðvar 2 í gær hvort hann væri vongóður um að það tækist. „Það er mjög erfitt að meta líkurnar á þessum tímapunkti. Ég reyni að byggja mitt mat ekki á einhverjum tilfinningum, varðandi vonir eða ótta, heldur áhættumati," sagði hann. Betri mynd fengist af málum eftir nokkra daga.

> Ég reyni að byggja mitt mat ekki á einhverjum tilfinningum, varðandi vonir eða ótta, heldur áhættumati.
>
> **MÁR GUÐMUNDSSON**
> SEÐLABANKASTJÓRI

Utanríkisráðherra fundaði í gærmorgun með sendifulltrúum erlendra ríkja og skýrði fyrir þeim stöðuna sem upp væri komin. Jafnframt verða íslensku sendiráðin erlendis nýtt til að koma skilaboðum áleiðis til þarlendra stjórnvalda.

Í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu er verið að undirbúa svar við áminningarbréfi Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá því á síðasta ári. Í áminningarbréfinu lýsir ESA því mati að Ísland beri ótvíræða skyldu til að ábyrgjast innistæður breskra og hollenskra sparifjáreigenda á Icesave-reikningunum.

Drög að svari hafa legið fyrir í ráðuneytinu svo mánuðum skipti. Farið verður yfir þau drög, lögð á þau lokahönd og svarið sent á næstunni.

Þá verður valinn lögfræðingur til að reka málið fyrir Íslands hönd fyrir EFTA-dómstólnum. Líkast til verður alþjóðlegur sérfræðingur fenginn til starfans.

Fljótlega fara í hönd viðræður við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um breytta stöðu og möguleg áhrif hennar á framvindu efnahagsáætlunar Íslands og sjóðsins. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær ræður afstaða Svía miklu um framhaldið, en stjórnvöld þar hafa verið varfærin í yfirlýsingum sínum um málið en ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna hafa sýnt málinu meiri skilning. Því verður lögð sérstök áhersla á samskipti við sænsk stjórnvöld næstu daga.

Enn fremur stendur mögulega fyrir dyrum endurmat á forsendum efnahags- og ríkisfjármála.

- sh / sjá síður 4 og 6



**ÁSÝND BORGARINNAR AÐ BREYTAST** Umhverfi miðborgarinnar hefur breyst mikið með tilkomu tónlistarhússins Hörpunnar og turnsins við Höfðatorg. Nú hillir undir að ferðamenn geti notið þess til fullnustu að heimsækja höfuðborgina því í næsta mánuði lýkur framkvæmdum við höfnina sem og í miðbæ borgarinnar eftir brunann vorið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afstaða til hernaðar í Líbíu:

## Svipaður hópur með og á móti

**KÖNNUN** **Rúmlega þriðjungur landsmanna er hlynntur hernaðaraðgerðum aðildarríkja Atlantshafsríkjanna (NATO) í Líbíu. Svipað hlutfall landsmanna er andvígt aðgerðunum, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Alls sögðust 38,8 prósent mjög eða frekar hlynnt hernaði en 36,5 prósent segjast vera mjög eða frekar andvíg. Um 24,7 prósent segjast hvorki hlynnt né andvíg.**

**Karlar virðast vera mun herskárri en konur því alls sögðust 44,8 prósent þeirra vera mjög eða frekar hlynntir hernaði í landinu. 32,3 prósent kvenna gáfu sömu svör.**

**Talsverður munur var á afstöðu fólks til hernaðaraðgerðanna eftir því hvaða stjórnmálaflokk viðkomandi sagðist myndu kjósa yrði gengið til þingkosninga nú.**

- shá / sjá síðu 8

Hollywood-stjarna reynir á eigin þolmörk í raunveruleikaþættinum Man vs. Wild:

# Jake Gyllenhaal á Eyjafjallajökli

**FÓLK** Bandaríski stórleikarinn Jake Gyllenhaal eyddi stærstum hluta helgarinnar í tökum uppi á Eyjafjallajökli og Fimmvörðuhálsi fyrir raunveruleikaþáttaröðina Man vs. Wild sem sjónvarpsmaðurinn Bear Grylls stjórnar. Um er að ræða svokallaða frægðarfólks-útgáfu af þáttaröðinni en þættirnir sýna með nokkuð hispurslausum hætti hvernig á að lifa af í harðneskjulegum aðstæðum.

Tökulið frá True North sá um að þjónusta stórstjörnuna sem fékk sitthvað að reyna því aftakaveður var uppi á jökli alla helgina. „Ég get staðfest að þeir voru hérna en vil ekki tjá mig neitt meira um málið. Þeir fengu allavega allt það besta og villtasta í íslenskri náttúru," segir Þór Kjartansson, framleiðandi hjá True North, í samtali við Fréttablaðið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóð til að tökum lyki í gærkvöldi en ekki liggur fyrir hvort Gyllenhaal ætli að teygja úr sér í Reykjavík eftir svaðilfarirnar uppi á íslenskum jökli. Man vs. Wild-sjónvarpsþættirnir njóta mikilla vinsælda úti í heimi og er talið að rúmlega milljarður áhorfenda horfi á þættina hverju sinni.

- fgg / sjá síðu 30









AUKASÝNINGAR!
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
VesturPort
Borgarleikhúsið
568 8000 | borgarleikhus.is





## SPURNING DAGSINS



*Guðfríður, var þingflokkurinn í fæðingarþunglyndi þegar þú varst í fæðingarorlofi?*

„Eigi veit ég það eigi svo gjörla. En ég gleðst alltént yfir nýjasta fengnum á Reðasafni Íslands.“

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir var felld úr embætti þingflokksformanns Vinstri grænna á fundi flokksins á sunnudag, sama dag og hún sneri til baka úr fæðingarorlofi. Árni Þór Sigurðsson var kosinn í hennar stað.

Kostnaður Íslands vegna síðustu Icesave-samninga nam 369 milljónum króna:

# Lee Buchheit kostaði 86 milljónir króna

**ALÞINGI** Icesave-samningarnir sem viðræður hófust um snemma árs 2010 og lauk í desember kostuðu íslenska ríkið 369 milljónir króna.

Mest rann til ráðgjafarfyrirtækisins Hawkpoint, 181 milljón króna, og lögfræðistofu Lee C. Buchheit, aðalsamningamanns Íslands, 86,4 milljónir. Alls nam kostnaðurinn vegna samninganefndarinnar rúmlega 132 milljónum en erlend sérfræðiráðgjöf kostaði 233 milljónir. Innlendur kostnaður nam samtals rúmlega 33 milljónum króna.



LEE C. BUCHHEIT

Þetta kom fram í svari Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra við fyrirspurn flokksbróður síns Björns Vals Gíslasonar á Alþingi í gær.

Nokkuð er um liðið frá því að fyrirspurnin var borin fram í þinginu en það var gert fáum dögum eftir að Morgunblaðið og Ríkisútvarpið höfðu óskað sömu upplýsinga hjá fjármálaráðuneytinu. Var gagnrýnt harkalega á þingi og í fjölmiðlum að upplýsingarnar skyldu ekki veittar fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna á laugardag og ráðherranum borið á brýn að fá Björn Val til að spyrja hins sama svo hann þyrfti ekki að svara fjölmiðlum þegar þeir óskuðu upplýsinganna.

Umboðsmaður Alþingis gerði athugasemdir við vinnulag ráðherrans og krafði hann skýringa með vísunum í lög. Steingrímur upplýsti á þingi í gær að hann hefði svarað umboðsmanni. **- bþs**

### Kostnaðurinn

| | |
|---|---|
| Lee C. Buchheit | 86,3 |
| Don Johnston | 16,8 |
| Lárus Blöndal | 18,1 |
| Jóhannes Karl Sveinsson | 11,2 |
| Ashurst | 52 |
| Hawkpoint | 181 |
| Innlendur kostnaður | 3 |

Ekki er um eiginleg laun viðkomandi einstaklinga að ræða heldur kostnað sem lögmannsstofur þeirra hafa innheimt. Aðrir starfsmenn stofa þeirra kunna að hafa veitt aðstoð, ferðakostnaður er innifalinn og fleira sem við getur átt. Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Mánuður frá hamförum:

## Enn einn eftirskjálfti í Japan

**JAPAN, AP Sterkur eftirskjálfti varð í Japan í gær, nákvæmlega mánuði eftir stóra skjálftann sem varð allt að 27 þúsundum að bana.**

**Fyrr um daginn höfðu japönsk stjórnvöld tilkynnt að þau hefðu stækkað rýmingarsvæði í nágrenni Fukushima-kjarnorkuversins vegna ótta um langtímaáhrif af geislun.**

**Skjálftinn í gær varð skömmu eftir mínútu þögn til þess að minnast þeirra sem létust og er saknað eftir skjálftann þann 11. mars. Í skamma hríð var flóðbylgjuviðvörun í gangi en hún var afturkölluð. Svo virðist sem áhrifin af skjálftanum hafi verið lítil.** **- þeb**

Margdæmdur brotamaður:

## Aftur grunaður um misnotkun

**LÖGREGLUMÁL** Barnaníðingurinn Ágúst Magnússon, sem ítrekað hefur hlotið dóma fyrir kynferðisbrot gegn drengjum, á nú yfir höfði sér enn eina ákæruna. Hann er grunaður um að hafa brotið gegn ungum, misþroska manni fyrir á þessu ári.



ÁGÚST MAGNÚSSON

Greint var frá málinu í Kastljósi í gærkvöldi. Þar sagði að Fangelsismálastofnun hefði í fyrra framlengt reynslulausn Ágústs um eitt ár vegna þess hve hann var talinn hættulegur umhverfi sínu.

Ágúst var dæmdur í fimm ára fangelsi árið 2004 fyrir brot gegn sex drengjum. Þegar hann var enn í afplánun á Vernd beit hann á agn fréttaskýringarþáttarins Kompás og mætti í kjallaraíbúð til að hitta 13 ára stúlku. **- sh**

# Óvæntur stormur og eldingum laust niður

**Eldingar léku um himininn frá Vesturlandi til Austurlands í gær eftir mikinn éljahvell á sunnudag. Margvísleg óhöpp og skemmdir urðu. Í Húsavíkurhöfn kipptist skipverji fyrir borð og annar fótbrotnaði er lystiskúta var dregin til lands.**

**VEÐUR** „Þetta er svolítið vetrarlegt,“ viðurkennir Þorsteinn Jónsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, spurður um harðar sviptingar í veðrinu síðustu daga.

Þorsteinn segir að kalt loft í háloftunum hafi valdið illviðrinu, geysilegu hvassviðri á sunnudag og éljaveðri með eldingum í kjölfarið. „Loftið varð óstöðugt og það mynduðust háreistir skúrabakkar. Í þeim eru alltaf líkur á að myndist eldingar,“ segir Þorsteinn.

Eldingaveðrið gekk með hagli yfir sunnanvert landið frá vestri til austurs frá því seint í fyrrinótt og fram eftir degi í gær. Draga tók úr eldingavirkninni upp úr hádeginu.

Mikla hvellinn sem setti ferðaplön úr skorðum um allt land á sunnudag og olli ýmsum skemmdum og óhöppum segir Þorsteinn hafa komið dálítið í opna skjöldu. Í Kolgrafarfirði á Snæfellsnesi fór vindhraðinn upp í 50 metra á sekúndu í hviðum.

„Þetta var ótrúlega slæmt veður. Það var kröpp lægð sem kom nálægt landinu sem olli þessu hvassviðri. Ef lægðin hefði farið aðeins nokkrum tugum kílómetra vestar og fjær landinu þá hefði þetta ekki orðið svona slæmt,“ útskýrir veðurfræðingurinn. Áfram er spáð suðvestan éljaveðri í dag en á morgun segir Þorsteinn að búist sé við suðlægari átt með rigningu og allhvössum vindi.

Meðal þeirra sem lentu í vandræðum vegna veðurhamsins voru níu manns á sextíu feta skútu sem siglt hafði verið frá Ísafirði í skoðunarferð norður undir Jan Mayen. Þegar skútunni var siglt inn Skjálfanda í fyrrinótt á leið til Húsavíkur reyndist mótvindurinn svo mikill að áhöfnin óskaði aðstoðar úr landi. Fjórir menn fóru þá á hvalaskoðunarskipinu Knerrinum og drógu skútuna áleiðis til hafnar. Þegar þangað kom hugðist áhöfn skútunnar sigla henni fyrir eigin vélarafli síðasta spölinn en ekki vildi betur til en svo að dráttartaugin flæktist í skrúfu skútunnar

„Þá strekktist á tauginni með þeim afleiðingum að hún kippti einum manni af Knerrinum fyrir borð. Annar sem var með fótinn í lykkju á tauginni ökklabrotnaði,“ segir Sigurður Brynjólfsson yfirlögregluþjónn. „Þeir sem eftir voru náðu síðan að hífa manninn um borð á dráttartauginni. Hinn var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þar sem gerð var aðgerð á fætinum á honum.“

Við það að fá reipið í skrúfuna misstu skipverjar á skútunni stjórn á henni svo hana rak umsvifalaust upp í sandfjöru við höfnina. Þaðan var hún síðan dregin óskemmd að sögn yfirlögregluþjónsins.

gar@frettabladid.is



**FALLIÐ TRÉ** Veðurhamurinn á sunnudag náði að fella þetta gamla grenitré í Fossvoginum í Reykjavík til jarðar. Sjálfur mun garðeigandinn einmitt nýlega hafa grisjað hávaxin tré á lóðinni og ætlað greninu að standa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HÚSLEIT** Breska efnahagsbrotadeildin gerði húsleit hjá Hreiðari Má Sigurðssyni á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Breska lögreglan gerir víðreist:

## Leitað heima hjá Hreiðari og Magnúsi í Lúx

**LÖGREGLUMÁL** Breska efnahagsbrotadeildin (Serious Fraud Office) hélt í þarsíðustu viku til Lúxemborgar og gerði meðal annars húsleit á heimili Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþingssamstæðunnar, og heimili Magnúsar Guðmundssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings í Lúxemborg.

DV greinir frá þessu. Þar kemur einnig fram að þeir Hreiðar og Magnús hafi verið yfirheyrðir vegna rannsóknar breskra yfirvalda á lánveitingum til Tchenguiz-bræðra. Rannsóknin hófst af krafti í síðasta mánuði með húsleitum og handtökum bæði í Bretlandi og á Íslandi. **- sh**

## Lést í bílslysi

Maðurinn sem beið bana í bílslysi á Langadal á Möðrudalsöræfum á sunnudagsmorgun hét Daniel Krzysztof Sakaluk. Hann var fæddur árið 1993 og búsettur í Neskaupstað.

Daníel, sem var af pólskum ættum, hafði búið hérlendis í tvö ár.




Leitin að meintum raðmorðingja í New York tekur óvænta stefnu:

# Enn finnast bein á ströndinni

**BANDARÍKIN** Lögregluyfirvöld í New York grunar að raðmorðinginn sem leitað er í borginni geti verið fyrrverandi lögregluþjónn. Bein fundust í gær en ekki er búið að staðfesta að um enn eitt fórnarlamb morðingjans sé að ræða. Eitt lík af átta, sem fundist hafa á strönd á Long Island, er talið vera að barn, ekki eldra en átján mánaða.

Eins og greint hefur verið frá í fréttum fundust fjögur lík í desember. Þau reyndust öll vera af vændiskonum sem saknað hefur verið allt aftur til ársins 2007. Fjögur lík fundust á dögunum sem ekki hafa verið borin kennsl á. Konurnar sem búið er að nafngreina höfðu allar auglýst þjónustu sína á vinsælli stefnumótasíðu sem ber nafnið Craigslist.

Bandarískar fréttastofur sögðu frá því í gær að aðferðir raðmorðingjans bentu til þess að hann þekkti í þaula starfsaðferðir lögreglu og að maður hefði hringt til systur eins fórnarlambsins úr síma sem hún var með þegar hún hvarf. Lögregla segir að morðinginn hafi greinilega verið virkur í nokkur ár. Hann skipuleggi morðin áður en hann leggur til atlögu, myrði konurnar á einum stað og losi sig við líkin á ströndinni, og jafnvel víðar.



**LEITA FÓRNARLAMBA** Aðstæður á ströndinni eru afar erfiðar en óttast er að mun fleiri fórnarlömb séu enn ófundin á ströndinni. NORDICPHOTOS/AFP

Alríkislögreglan, sem tekur þátt í rannsókninni, telur ekki að morðinginn skeri sig úr; hann eigi fjölskyldu og vini og útilokað sé að greina morðæðið í fari hans. **- shá**




Nýja sjálfsafgreiðslu-
stöðin okkar er við
Haukatorg við Ásvelli.
Renndu við í dag og
fylltu á tankinn
á betra verði!

HAUKAR
80 ára

Óskum Haukum og
Hafnfirðingum öllum til
hamingju með daginn!

**99 kr.**
SS pylsa og Coke




# OPNUM Í DAG AÐ ÁSVÖLLUM

Í dag kl. 15 opnum við nýja og glæsilega sjálfsafgreiðslustöð að Ásvöllum í Hafnarfirði. Dagsetningin er engin tilviljun enda fagna Hafnfirðingar 80 ára afmæli Hauka í dag.

Við tökum vel á móti ykkur öllum á þessum gleðidegi og bjóðum 10 kr. afslátt af hverjum lítra á nýju stöðinni við Haukatorg frá kl. 15 til miðnættis og SS pylsu og 33cl Coke á aðeins 99 kr. að auki.*

*Gildir ekki með öðrum tilboðum, veitingar fást á N1 Lækjargötu, Hafnarfirði.

## -10 KR.

**PR. LÍTRA FRÁ KL. 15 Í DAG**




WWW.N1.IS

N1

Meira í leiðinni

**GENGIÐ 11.04.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,09 | 112,63 |
| Sterlingspund | 183,42 | 184,32 |
| Evra | 162,11 | 163,01 |
| Dönsk króna | 21,735 | 21,863 |
| Norsk króna | 20,719 | 20,841 |
| Sænsk króna | 17,991 | 18,097 |
| Japanskt jen | 1,3228 | 1,3306 |
| SDR | 178,86 | 179,92 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,9024

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forseti Hvíta-Rússlands kennir erlendum hryðjuverkamönnum um:

# Ellefu fórust í sprengjutilræði

**MINSK** Ellefu létust og hundruð slösuðust í sprengingu í neðanjarðarlestakerfi Minsk, höfuðborgar Hvíta-Rússlands, um miðjan dag í gær.

Ekki liggur fyrir hvað olli sprengingunni en þarlend fréttastofa, RIA Novosti, hafði eftir aðstoðarríkissaksóknara landsins að um hryðjuverkaárás hefði verið að ræða.

Alexander Lúkasjenkó, forseti landsins, ýjaði að því í sjónvarpsviðtali í gær að erlendum hryðjuverkamönnum væri um að kenna.

„Við verðum að komast að því hverjir hagnast á því að grafa undan friði og stöðugleika í landinu – hverjir bera ábyrgðina,“ sagði Lúkasjenkó. „Ég útiloka ekki að þessi sprenging hafi verið gjöf frá útlöndum.“

Sprengingin varð um það leyti sem farþegar stigu frá borði neðanjarðarlestar skammt frá heimili og skrifstofum Lúkasjenkós. - sh



**MARGIR SÆRÐIR** Sár kona sést hér færð í sjúkrabíl eftir sprenginguna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dönsk mynd vekur deilur:

## Vilja lög gegn dýrakynlífi

**DANMÖRK Stjórnmálamenn og dýraverndunarsamtök í Danmörku hafa kallað eftir löggjöf gegn kynlífi með dýrum eftir umdeilda heimildarmynd sem sýnd var nýverið í sjónvarpi.**

**Dómsmálaráðherrann Lars Barfoed segir að þó hann sé alfarið á móti slíku framferði, sé ekki víst að sérstök lög þurfi um kynlíf með dýrum. Núverandi lög kveði á um bann gegn misnotkun dýra, en hann sé þó tilbúinn til að ræða málið á þinginu á ný. - þj**

Þjóðaratkvæði um Icesave:

## Engin áhrif á ESB-viðræður

**UTANRÍKISMÁL** Aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið skaðast ekki af því að Íslendingar hafi hafnað því að staðfesta Icesave-samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar hefur engin áhrif á yfirstandandi aðildarviðræður, sem framkvæmdastjórnin stendur að af fullum heilindum,“ segir í yfirlýsingu frá Stefan Fule, stækkunarstjóra ESB, og Michel Barnier, sem fer með málefni innri markaðar ESB.

Þar segir jafnframt að ESB muni fylgjast grannt með frekari þróun Icesave-málsins og því að Ísland standi við skuldbindingar sínar sem aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. - bj

Persónuvernd vísar máli frá:

## Seðlabanki fær vaktaáætlunina

**PERSÓNUVERND Kvörtun flugmanns vegna kröfu Seðlabankans um að fá afrit af vaktaáætlun áhafnarmeðlima var vísað frá af Persónuvernd. Stofnunin taldi það ekki heyra til síns valdsviðs að gera athugasemdir við hvernig aðrar ríkisstofnanir rækja sitt hlutverk samkvæmt lögum.**

**Seðlabankinn fer fram á að fá vaktaáætlanir áhafnarmeðlima til að þeir geti keypt gjaldeyri, þar sem ekki eru til staðar farseðlar eins og hjá almennum farþegum.**

**Flugmaður sem kærði málið taldi vaktaáætlanir trúnaðarmál, og að duga ætti að sýna skilríki sem sýndu að viðkomandi væri í starfi hjá flugfélagi. - bj**

# Eftirlitsstofnun bíður svars Íslands við áminningarbréfi

**Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fullyrðir að ESA hafi ekkert sagt um Icesave sem mark sé á takandi. Frumniðurstöður ESA eru þegar komnar fram og eru þvert á fullyrðingar íslenskra stjórnvalda.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað hefur ESA, eftirlitsstofnun EFTA, sagt um Icesave og málstað Íslendinga í málinu?

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sagði ekkert mark takandi á því sem komið hafi frá ESA, eftirlitsstofnun EFTA, um Icesave-málið hingað til, á blaðamannafundi á sunnudag.

Þetta sagði Ólafur þrátt fyrir að ESA hafi sent íslenskum stjórnvöldum áminningarbréf þar sem fram kemur að stofnunin hafi komist að þeirri frumniðurstöðu að Íslandi beri að tryggja greiðslu á lágmarkstryggingu til breskra og hollenskra sparifjáreigenda.

„Ég veit ekki betur en að eftirlitsstofnun EFTA eigi eftir að gera málið upp við sig og að eftirlitsstofnun EFTA bíði núna eftir því að fá röksemdir og málflutning Íslendinga. Það væri nú skrýtið ef eftirlitstofnun EFTA færi að gefa einhvern úrskurð eða gefa eitthvað til kynna áður en málflutningur annars aðilans hefði komið fram,“ sagði Ólafur Ragnar á sunnudag.

„Eftirlitsstofnun EFTA hefur bara ekkert sagt um málið enn sem komið er sem mark er á takandi nema það heyrðust einhverjar einkaskoðanir manna hér í umræðunni sem þeir hlupu reyndar frá þegar þeim var bent á að það væri óeðlilegt,“ sagði Ólafur.

ESA sendi þann 26. maí í fyrra áminningarbréf til Íslands vegna Icesave-málsins. Þar kemur fram að ESA hafi komist að þeirri frumniðurstöðu að íslensk stjórnvöld séu skuldbundin til að tryggja greiðslur á lágmarkstryggingu á reikningum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi.

Vísað er til þess í áminningarbréfinu að tilskipun um innstæðutryggingar sé hluti af EES-samningnum. Samkvæmt henni beri Íslandi að greiða hverjum innstæðueiganda ríflega 20 þúsund evrur í kjölfar falls Landsbankans.

Íslensk stjórnvöld hafa sett fram þau sjónarmið að nægilegt hafi verið að koma á fót Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjármagnseigenda í samræmi við tilskipunina. Ráði sjóðurinn ekki við að greiða lágmarksinnstæðutryggingu sé það ekki á ábyrgð íslenskra stjórnvalda að greiða mismuninn.

Þá hefur ríkisstjórn Íslands haldið því fram að tilskipunin eigi ekki við í algeru efnahagshruni eins og orðið hafi hér á landi.

Í áminningarbréfi ESA kemur fram að stofnunin fallist á hvorugt af þessum sjónarmiðum íslenska ríkisins.

„Innstæðutryggingartilskipunin tryggir að sparifjáreigendur fái greiddar 20.000 evrur ef banki þeirra verður gjaldþrota. Öll ríki verða að sjá til þess að sparifjáreigendur njóti þeirrar verndar. Hún er nauðsynleg til þess að viðskiptavinir banka geti verið öruggir um sparifé sitt,“ er haft eftir Per Sanderud, forseta ESA, í tilkynningu sem send var fjölmiðlum eftir að áminningarbréfið var sent íslenskum stjórnvöldum.

brjann@frettabladid.is



**ÁMINNT** Íslensk stjórnvöld frestuðu því að svara áminningarbréfi eftirlitsstofnunar EFTA vegna Icesave þar sem til stóð að semja um málið. Nú þegar samningarnir hafa verið felldir þarf að svara áminningarbréfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Munu vísa Icesave til EFTA dómstólsins

Áminningarbréf er fyrsta skref ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, til að bregðast við telji stofnunin að ríki brjóti gegn EES-samningnum. Íslenskum stjórnvöldum var sent áminningarbréf vegna Icesave 26. maí í fyrra.

Ríkisstjórnin frestaði því að taka afstöðu til bréfsins þar sem til stóð að ljúka Icesave-málinu með samningi. Nú er unnið að því að svara bréfi ESA.

Í tilkynningu sem birt var á vef ESA í gær kemur fram að stofnunin geri ráð fyrir því að svör íslenskra stjórnvalda við áminningarbréfinu fljótlega. ESA muni þá kynna sér svörin áður en frekari skref verði tekin í málinu.

Komi ekkert fram í svari íslenskra stjórnvalda sem hnekki frumniðurstöðu stofnunarinnar mun ESA senda frá sér rökstutt álit um brot Íslands á skyldum sínum samkvæmt EES-samningnum. Í kjölfarið fær Ísland tveggja mánaða frest til að bregðast við álitinu. „Geri Ísland það ekki mun ESA vísa málinu til EFTA dómstólsins,“ segir í tilkynningunni.

GLÆSILEGT ÚRVAL FERMINGARGJAFA
HJÁ JÓNI OG ÓSKARI



Leðurarmband
kr. 7.600
Hlekkir frá kr. 5.500
JÓN & ÓSKAR 1971-2011
WWW.JONOGOSKAR.IS LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN
PIPAR\TBWA • SÍA

## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**BEST NA-TIL** Litlar breytingar eru í kortunum næstu daga, áfram ríkja SV-áttir. Í dag eru horfur á skúrum eða éljum víða um land en í fyrrmálið kemur víðáttumikil lægð upp að landinu með rigningu, einkum sunnan til. NA-lands verður áfram bjart með köflum og úrkomulítið.



**Á MORGUN** víða 5-10 m/s, hvassara syðst.

**FIMMTUDAGUR** Stíf S-átt vestanlands.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 14° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 14° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 7° |
| París | 14° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Góð framtíð fyrir fermingarpeningana

**Fermingarpeningarnir** eru grunnurinn að reglubundnum sparnaði margra. Það er einfalt að byrja að spara reglulega, þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega.

## Taktu þátt í fermingarleik Landsbankans!



**Leggðu grunn að fjárhag framtíðarinnar með því að ávaxta fermingarpeningana vel.**

Ef þú leggur 20.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans færðu flotta tösku frá Landsbankanum að gjöf.

Einn heppinn þátttakandi vinnur iPad 2. Dregið verður 30. júní 2011.

Komdu við í næsta útibúi, hringdu í 410 4000 eða stofnaðu til reglubundins sparnaðar í Einkabankanum á landsbankinn.is.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

**KJÖRKASSINN**



*Fannst þér dómurinn yfir Baldri Guðlaugssyni of þungur?*

| | |
|---|---|
| Já | 8,5% |
| Nei | 91,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að ferðast innanlands í sumar?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Fjármálamarkaðurinn bíður í óvissu eftir breytingu á lánshæfismati ríkissjóðs:

# Telur að aðgangur að lánsfé geti lokast

**ICESAVE** „Niðurstaðan er ekki til að eyða óvissunni. En við bjuggumst aldrei við miklum tíðindum á fyrsta degi,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka.

Rólegt var yfir fjármálamarkaði í gær, á fyrsta virka deginum eftir að Icesave-samningarnir voru felldir í þjóðaratkvæðagreiðslu á laugardag. Hvorki urðu stórvægilegar breytingar á skuldabréfamarkaði né hreyfðist skuldatryggingarálag (CDS) ríkisins.

Ásdís bendir á að beðið sé eftir viðbrögðum matsfyrirtækjanna Moody‘s og Standard & Poor‘s, sem hefðu hótað því að fella lánshæfi ríkissjóðs í ruslflokk yrðu samningarnir felldir.

Lánshæfi ríkissjóðs hefur verið í ruslflokki hjá matsfyrirtækinu Fitch frá því að forseti Íslands setti fyrri Icesave-samninginn í hendur þjóðarinnar í janúar í fyrra. Í áliti Fitch í gær kemur fram að niðurstaðan í þjóðaratkvæðagreiðslunni nú geti tafið fyrir hærra mati.

„Ég held að ef lánshæfiseinkunn ríkissjóðs verði færð í ruslflokk hjá hinum fyrirtækjunum þá muni það hafa neikvæð áhrif. Ríkissjóður mun ekki geta fjármagnað sig á erlendum vettvangi með slæma lánshæfiseinkunn,“ segir Ásdís og bendir jafnframt á að vafi sé á því hvort Landsvirkjun geti tryggt sér lánsfé vegna framkvæmda við Búðarhálsvirkjun hjá evrópska fjárfestingarbankanum. Í nýlegum lánasamningi fyrirtækisins upp á sjötíu milljónir evra, 11,3 milljarða króna, er skilyrði um að lánshæfið verði óbreytt.

Ekki náðist í Hörð Arnarson, forstjóra Landsvirkjunar, þegar eftir því var leitað í gær. - jab



**ÁSDÍS** Óvissa ríkir á meðan beðið er eftir því hvort matsfyrirtæki færi lánshæfismat ríkisins í ruslflokk, segir forstöðumaður greiningardeildar Arion Banka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Nefnd þingmanna móti öryggisstefnu

**Utanríkisráðherra leggur til að þingmannanefnd móti þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Engar vísbendingar um hernaðarógn en taka þarf alvarlega hættu vegna mengunarslysa, netglæpa, farsótta og skipulagðrar glæpastarfsemi.**

**ALÞINGI** Nefnd tíu þingmanna allra flokka sem sæti eiga á Alþingi verður falið að móta þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland nái þingsályktunartillaga sem utanríkisráðherra hefur lagt fyrir Alþingi fram að ganga.

Grundvöllur þessarar fyrstu þjóðaröryggisstefnu sem íslensk stjórnvöld láta vinna verður herleysi, að því er fram kemur í tillögunni. Vinnu við stefnuna á að vera lokið í júní á næsta ári.

„Eitt af grundvallarhlutverkum stjórnvalda hverju sinni er að tryggja öryggi þjóðarinnar,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

Hann segir öryggisstefnu landsins hingað til hafa beinst gegn hernaðarógn, en það þurfi að breytast. Flestir séu nú sammála um að engin hernaðarógn steðji að okkar heimshluta, þótt annars konar ógn geti steðjað að.

Hann nefnir til að mynda ógnir á borð við mengunarslys, farsóttir, skipulagða glæpastarfsemi, netglæpi og efnahagsþrengingar sem hafa áhrif þvert á landamæri ríkja. Þessar ógnir verði Ísland að taka alvarlega eins og önnur ríki.

Össur segist leggja mikla áherslu á að þverpólitísk samstaða náist í þingmannanefndinni. Aðeins þannig megi tryggja að svo breið sátt verði um stefnu landsins í þessum málaflokki að breytingar verði ekki gerðar þótt ríkisstjórnarskipti verði.

Þingmannanefndin á að fjalla um ýmis mál sem varða þjóðaröryggi, til dæmis aðild Íslands að varnarsamstarfi, samvinnu við önnur ríki, loftrýmisgæslu og ríkjasambönd um öryggi og varnir.

Össur segir að í starfi nefndarinnar sé allt undir, þar á meðal aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. „Ef það verður þverpólitísk niðurstaða um að það sé ekki rétt að vera í NATO hlýtur það að koma mjög alvarlega til álita, en ég á ekki von á að svo verði.“

Nefndin á jafnframt að skoða hvort rétt sé að koma upp sérstöku þjóðaröryggisráði eins og fjallað er um í áhættumatsskýrslu sem gefin var út árið 2009. Sé talin þörf á að koma upp slíku þjóðaröryggisráði þarf að fjalla um tengsl þess við almannavarna- og öryggisráð.

Þegar nefndin hefur mótað þjóðaröryggisstefnu mun utanríkisráðherra leggja fram á Alþingi tillögu um þjóðaröryggisstefnu á grundvelli starfs nefndarinnar.

brjann@frettabladid.is



**ÝMIS HÆTTA** Meðal þess sem nefnd sem móta á þjóðaröryggisstefnu þarf að hafa í huga er hætta vegna mengunarslysa. Hér sést Goðafoss á strandstað við strendur Noregs nýlega. NORDICPHOTOS/AFP

> Ef það verður þverpólitísk niðurstaða að það sé ekki rétt að vera í NATO hlýtur það að koma mjög alvarlega til álita, en ég á ekki von á að svo verði.
>
> **ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** UTANRÍKISRÁÐHERRA




Stjórnarandstæðingar í Líbíu segja sátt aðeins verða fari Gaddafi frá:

# Uppreisnarmenn hafna sátt

**LÍBÍA, AP** Leiðtogar uppreisnarmanna í Líbíu hafa hafnað sáttatillögu Afríkubandalagsins. Ástæðan er sú að í tillögunni er ekki kveðið á um að Gaddafi leiðtogi landsins fari frá völdum. Ekkert vopnahlé verði nema hann og nánustu samverkamenn hans fari frá.

Afríkubandalagið hafði lagt til sáttatillögu sem fól í sér tafarlaust vopnahlé milli fylkinga og óhindraðan aðgang að neyðaraðstoð. Hún fól einnig í sér að Nató hætti loftárásum og að viðræður hæfust á milli stjórnvalda og uppreisnarmanna.

Gaddafi og stjórn hans höfðu samþykkt tillöguna á sunnudag eftir fund með fimm leiðtogum Afríkuríkja, þar á meðal Jacob Zuma forseta Suður-Afríku, sem leiddi ráð leiðtoganna fimm. Leiðtogarnir héldu til Benghazi í gær og fengu óblíðar móttökur þar. Mótmælendur hrópuðu „Gaddafi burt“ og gerðu aðsúg að bílalest leiðtoganna.

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri Nató, hefur kallað eftir því að allt ofbeldi verði stöðvað. Hann segir að hernaðaraðgerðir muni ekki duga einar til þess, heldur þurfi miklar endurbætur á öllu kerfinu. - þeb



**MÓTMÆLI** Fólk safnaðist saman með mótmælaspjöld í borginni Benghazi í Líbíu í gær á sama tíma og fulltrúar uppreisnarmanna ræddu sáttatillögu Afríkubandalagsins. MYND NORDICPHOTOS/AFP

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 52600 04/11



# VATNSBERI

**ÞÚ ERT Á LEIÐ Í FERÐALAG OG ÞAÐ TEKUR ÞIG ENGA STUND AÐ INNRITA ÞIG.**

Í dag er dagurinn til að taka ákvarðanir. Þú hefur verið að hugsa um hvert þú stefnir í lífinu. Stundum er nauðsynlegt að stíga út fyrir hversdaginn og horfa yfir líf sitt úr 30 þúsund fetum. Þú gætir séð líf þitt í nýju og óvæntu samhengi á götuhorni í New York, í almenningsgarði í París eða á knæpu í Kaupmannahöfn.

Eitt er víst. Það er ferðalag í kortunum og áfangastaðurinn gæti verið einn af 31 áfangastað Icelandair. Og á leiðinni yfir hafið skaltu líta út um gluggann og upp til stjarnanna. Þær vísa okkur veginn.

Mundu bara að þú getur innritað þig á netinu eða í sjálfvirkum innritunarstöðvum Icelandair á Keflavíkurflugvelli.

**ÞÚ BÍÐUR MINNA. NJÓTTU ÞESS.**



+ Bókaðu ferð á www.icelandair.is

ICELANDAIR

Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að viðskiptavinir Icelandair fljúgi með vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Morgunverðarfundur um almenningssamgöngur

Innanríkisráðuneytið boðar til morgunverðarfundar um almenningssamgöngur miðvikudaginn 13. apríl kl. 8.15 til 10. Fundurinn verður haldinn á Radisson Hótel Sögu í Reykjavík.

Flutt verða erindi um núverandi stöðu almenningssamgangna, horfur og nýjungar sem ráðuneytið og aðrir aðilar vinna nú að.

Erindi og pallborðsumræður:
- Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri Hveragerðis
- Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri Seltjarnarness
- Dagur B. Eggertsson formaður samgönguráðs
- Hreinn Haraldsson vegamálastjóri
- Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó
- Þorsteinn Rúnar Hermannsson verkfræðingur í innanríkisráðuneyti
- Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra

Skráning fari fram með tölvupósti á netfangið postur@irr.is eigi síðar en um hádegi þriðjudaginn 12. apríl.

Fundurinn hefst kl. 8.30 en húsið er opið frá kl. 8.15 og geta fundarmenn keypt sér léttan morgunverð á 900 krónur.

# Húsaleigumálum hefur fjölgað ört á árinu hjá Neytendasamtökunum:

# Húsaleigumál 200 talsins á árinu

**NEYTENDUR** Neytendasamtökunum hafa borist í kringum 200 fyrirspurnir og erindi vegna húsaleigumála það sem af er ári. Samkvæmt tilkynningu frá samtökunum svarar þetta til um 800 erinda á ári, sem er helmingi meira heldur en var í fyrra. Árið 2009 voru rúmlega 200 fyrirspurnir af þessum toga.

Talsvert er spurt um hvað beri að varast við samningsgerð, hvernig ástand leiguhúsnæðis skuli vera og hvernig viðhaldi og skiptingu kostnaðar skuli háttað.

Neytendasamtökin telja ljóst að brýn þörf sé á aðstoð og ráðgjöf til leigjenda hér á landi, þar sem hér séu engin starfandi leigjendasamtök.

„Neytendasamtökin hafa gert sitt besta til að aðstoða leigjendur en sjá þó ekki fram á að geta sinnt þessum stóra málaflokki áfram sem skyldi nema til komi eitthvert framlag frá ríkinu,“ segir í tilkynningu frá samtökunum. „Hugmyndir um slíkt hafa verið ræddar en enn er þó ekkert fast í hendi.“

- sv



**LEIGUMARKAÐURINN** Húsaleigumarkaðurinn fer ört stækkandi á Íslandi og eru fyrirspurnir vegna húsaleigumála orðnar einn af stærstu málaflokkum Neytendasamtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Jafnmargir hlynntir og andvígir hernaði

**Rúmlega þriðjungur landsmanna er hlynntur hernaðaraðgerðum aðildarríkja NATO í Líbíu samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Svipað hlutfall er andvígt hernaðinum. Karlar virðast mun herskárri en konur samkvæmt könnuninni.**

**KÖNNUN** Svipað hlutfall landsmanna styður hernaðaríhlutun aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins (NATO) í Líbíu og er andvígt hernaðinum, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins.

Alls sögðust 38,8 prósent mjög eða frekar hlynnt hernaðaraðgerðunum en 36,5 prósent segjast mjög eða frekar andvíg. Um 24,7 prósent segjast hvorki hlynnt né andvíg.

Karlar virðast samkvæmt könnuninni talsvert herskárri en konur. Alls sögðust 44,8 prósent karla mjög eða frekar hlynnt hernaðaraðgerðum í Líbíu en 32,3 prósent kvenna.

Talsverður munur var á afstöðu fólks til hernaðaraðgerða NATO eftir því hvaða stjórnmálaflokk viðkomandi sagðist myndu kjósa yrði gengið til þingkosninga nú.

Alls sögðust ríflega 48 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hlynnt hernaðaraðgerðunum. Heldur fleiri sjálfstæðismenn sögðust andvígir hernaðinum, alls ríflega 27 prósent samanborið við 21 prósent framsóknarmanna.

Um 38 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar segjast hlynnt hernaðaraðgerðum NATO í Líbíu. Örlítið fleiri, eða um 41 prósent, segjast andvíg aðgerðunum.

Um 28 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna styðja hernaðaraðgerðirnar, en meirihluti stuðningsmanna flokksins, ríflega 57 prósent, er andvígur hernaðinum.

Hjá þeim hópi sem ekki tók afstöðu til stjórnmálaflokka voru um 35 prósent hlynnt hernaðinum en 37 prósent andvíg.

Hringt var í 800 manns dagana 5. og 6. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá og skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú hernaðaraðgerðum aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins í Líbíu? Alls tóku 79,7 prósent afstöðu.

**brjann@frettabladid.is**

## Hernaðaraðgerðir í Líbíu

Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú hernaðaraðgerðum aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins í Líbíu?




Amerískir með klakavél



vilborga@centrum.is

Kæli- og frystiskápar sem hafa innbyggða klakavél með mulningi og ísköldu íslensku vatni. Þeir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir.

Tilboð

kr. 369.000 stgr.

Verðlistaverð kr. 461.250

GCE21LGY / Stærð: h 177.5 x b 90.9 x d 63 sm

Kælir: 383 ltr. / Frystir: 172 ltr. Stálhurðir / Orkuflokkur A

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Umboðsmaður Alþingis gagnrýnir Fjármálaeftirlitið:

# Lífeyrissjóðsstjóri átti rétt á að fá gögn

**ATVINNUMÁL** Synjun Fjármálaeftirlitsins (FME) um afhendingu umbeðinna gagna til Ingólfs Guðmundssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga, skorti lagastoð að mati umboðsmanns Alþingis.

Ingólfur fór fram á að fá gögn í stjórnsýslumáli er laut að hæfi hans til þess að gegna stöðu framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga, en var synjað. Umboðsmaður mælist til þess að mál Ingólfs verði tekið upp að nýju innan FME.

Ingólfur var ráðinn framkvæmdastjóri sjóðsins í febrúar 2010. FME sendi sjóðnum bréf í maí þar sem gerðar voru athugasemdir við ráðningu Ingólfs. Í bréfinu stóð að verið væri að skoða hæfi framkvæmdastjórans til þess að gegna stöðunni, vegna starfa hans sem stjórnarformanns Íslenska lífeyrissjóðsins. Niðurstaða FME var sú að Ingólfur var ekki hæfur og í framhaldi af því lét hann af störfum.

„Ég var mjög ósáttur við afgreiðslu Fjármálaeftirlitsins og höfðaði mál gegn því í desember. Ég tel að þeir hafi gróflega misnotað valdheimildir sínar,“ segir Ingólfur. „Ég tel að [niðurstaða umboðsmanns] sýni vinnubrögðin í málinu í hnotskurn.“

Fjallað verður um mál Ingólfs innan FME 20. apríl næstkomandi.

- sv




**FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ** Mál Fjármálaeftirlitsins og Ingólfs Guðmundssonar ætti að vera endurskoðað, að mati umboðsmanns Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SMITAST** Að meðaltali greinast árlega ellefu börn undir fimm ára aldri með pneumókokkasýkingu hér á landi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Pneumókokkabólusetning:

# Öll börn fædd á árinu bólusett

**HEILBRIGÐISMÁL Öll börn fædd á árinu 2011 og síðar verða bólusett gegn pneumókokkasýkingum, og munu bólusetningarnar hefjast síðar í apríl, samkvæmt upplýsingum frá Landlæknisembættinu.**

**Útlit var fyrir að tafir yrðu á því að bólusetningar hæfust, en velferðarráðherra hefur ákveðið að þær skuli hefjast sem fyrst.**

**Börnin verða bólusett með bóluefninu Synflorix. Bólusetning fer fram við þriggja mánaða, fimm mánaða og tólf mánaða aldur. Börn sem fædd eru fyrir árið 2011 eiga þess kost að fá bólusetningu, en þá verða foreldrar þeirra að greiða kostnað við bóluefnið.**

**- bj**

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI

Way of Life!




# Tveir vinsælir fjórhjóladrifsbílar sem sameina öryggi, sparneytni, gott aðgengi og hagstætt verð



**Fjölskyldujeppinn**
**SUZUKI GRAND VITARA**
Eyðsla 8,9L/100 km í blönduðum akstri, sjálfskiptur
Verð kr. 4.980.000



**Sportjepplingurinn**
**SUZUKI SX4**
Eyðsla 7,6L/100 km í blönduðum akstri, sjálfskiptur
Verð kr. 3.690.000

**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

SUZUKI

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf Mars 2011



**UMHYGGJUSÖM MÓÐIR** Þetta nýfædda górillukríli lét fara vel um sig í faðmi móður sinnar í dýragarðinum í Dublin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stefnt er að því að grafa síki umhverfis votlendið í Vatnsmýrinni næsta haust:

# Vilja horfa til botns í vatninu

**UMHVERFISMÁL** Stefnt er að viðamiklum framkvæmdum í Vatnsmýrinni frá og með næsta hausti þegar varptíma lýkur. Markmiðið er að gera votlendið í mýri að opinni rannsóknarstofu um lífríkið.

„Við viljum miðla þekkingu á friðlandinu fyrir gestum og gangandi," segir Þuríður H. Kristjánsdóttir, verkefnisstjóri og formaður starfshóps í Norræna húsinu sem stendur að verkefninu með Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og fleirum.

Verkefnið var kynnt og samstarfið undirritað við hátíðlega athöfn í Norræna húsinu í gær.



**VERKEFNIÐ KYNNT** Jón Gnarr, Max Dager og Kristín Ingólfsdóttir í Norræna húsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stefnt er að því að afmarka friðlandið í Vatnsmýrinni með síki, endurheimta votlendi mýrarinnar og fjarlægja efni sem ekki er þar náttúrulegt. Þar á meðal er gamall jarðvegur og húsagrunnar frá byrjun síðustu aldar.

„Við viljum gefa fólki færi á að kíkja ofan í vatnið í gegnum glerkúpla til að sjá hvað er að gerast ofan í því og setja senda á farfugla til að fylgjast með þeim," bætir Þuríður við.

Þuríður segir verkefnið kostnaðarsamt. Að því koma Norræna húsið, Háskóli Íslands, Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar auk votlendissjóðsins Auðlindar. - jab

## Friðland í Vatnsmýri

Tjörnin í Reykjavík og Vatnsmýrin voru sett á náttúruminjaskrá árið 1981. Þremur árum síðar ákvað borgarstjórn að stofna til friðlands í hluta Vatnsmýrarinnar. Friðlandið afmarkast af Hringbraut, Njarðargötu, Sæmundargötu og Norræna húsinu.

Miyoko Watai erfingi Fischers:

# Átti milljónir í banka í Sviss

**DÓMSMÁL** Miyoko Watai er lögerfingi skákmeistarans Bobby Fischer en ekki systursynir hans, samkvæmt dómi Hæstaréttar í gær.



BOBBY FISCHER

Fischer lést hér á landi í janúar 2008. Fram kemur í málsgögnum að Bobby Fischer og Watai hafi stofnað til hjúskapar þegar skákmeistarinn var í Japan fjórum árum fyrr. Nokkrum sinnum hefur verið tekist á um lögmæti hjúskaparins og rétt að dánarbúi Fischers sem talið er að nemi hundruðum milljóna króna. Þar á meðal er íbúð og innbú í Reykjavík og fjármunir í svissneskum banka. - jab

Nýtt frumvarp fjármálaráðherra um ÁTVR:

# Minnka á magndrykkju

**ALÞINGI** Í nýju frumvarpi fjármálaráðherra til breytinga á lögum um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er lagt til að stofnunin verði án stjórnar og heyri beint undir fjármálaráðherra.

Meginefni frumvarpsins snýr að lögfestingu samfélagslegrar ábyrgðar ÁTVR. Slík stefna er þegar í gildi en án lagaskyldu.

Segir í greinargerð frumvarpsins að ÁTVR þurfi að fylgjast vel með rannsóknum á sviði áfengismála og miðla þeirri þekkingu til viðskiptavina. Þetta eigi sérstaklega við um tengsl áfengis og heilsu en mikilvægt sé að hvetja viðskiptavini til heilbrigðrar og ábyrgrar áfengisneyslu. Eitt mikilvægasta verkefni ÁTVR á sviði samfélagslegrar ábyrgðar sé að standa vörð um unga fólkið og vernda það gagnvart áfengi og misnotkun þess. Breyta þurfi þeim viðhorfum í þjóðfélaginu að áfengisneysla unglinga sé í lagi.

Þá segir að ÁTVR eigi að einbeita sér að því að bæta vínmenningu í landinu með því að vekja áhuga viðskiptavina á vönduðum vínum, tengja saman vín og mat og reyna þannig að draga úr magndrykkju.

Í frumvarpinu er vikið að stefnu stjórnvalda í áfengismálum og hún sögð til að lágmarka skaðlega neyslu. Sérstaklega sé stefnt að því að vernda börn og unglinga gegn áfengi og markaðssetningu þess. Grunnstoðir áfengisstefnunnar séu að starfrækja einkasölu ríkisins á áfengi, háir áfengisskattar og bann við áfengisauglýsingum og markaðsstarfsemi tengdri áfengi. - bþs



**HELSTU STJÓRNENDUR MP BANKA** Gunnar Karl Guðmundsson, forstjóri MP Banka, fór yfir aðdraganda að eigendaskiptum í gær. Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, hefur verið ráðinn stjórnarformaður. Skúli Mogensen, sá eini sem stendur, segir búið að hreinsa áhættueignir út úr nýjum banka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hópur fjárfesta kaupir MP Banka

**Skúli Mogensen er stærsti hluthafi MP Banka. Stofnandinn Margeir Pétursson og fyrri hluthafar sitja uppi með ábyrgðir og reksturinn í Úkraínu. Stefnt er að því að skipta um nafn á MP Banka.**

**VIÐSKIPTI** „MP Banki er það lítill að hann þarf ekki að fara út í meiri háttar tiltektir. Hann hefur ekki þegið styrki eða fyrirgreiðslu frá hendi ríkisins. Það finnst mér skipta miklu máli," segir fjárfestirinn Skúli Mogensen, aðaleigandi MP Banka.

Hann fór yfir aðkomu nýrra fjárfesta að MP Banka í höfuðstöðvum hans í gær, sama dag og kaupin voru innsigluð. Þar kom meðal annars fram að stefnt er að skráningu bankans á markað innan þriggja ára.

MP banki uppfyllti ekki skilyrði Fjármálaeftirlitsins um eigið fé um síðustu áramót og fékk hann frest til að bæta úr því. Nýir fjárfestar hafa lagt 5,5 milljarða króna til bankans og fór eiginfjárhlutfall hans við það í 24 prósent.

Í fjárfestahópnum er Skúli umsvifamestur með 17,45 prósenta hlut sem metinn er á 965 milljónir króna. Lífeyrissjóður verzlunarmanna er næstur á eftir með 8,9 prósenta hlut. Á meðal annarra stórra fjárfesta eru systkinin Guðmundur og Berglind Jónsbörn kennd við útgerðarfélagið Sjóla í Hafnarfirði. Þá lagði Einar Sveinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Glitnis og stjórnarformaður N1, fram hundrað milljónir króna í skiptum fyrir 1,8 prósenta hlut.

Þessu til viðbótar eiga erlendir fjárfestar tæpan 23 prósenta hlut. Þeirra stærstir með hvor sinn 9,64 prósenta hlutinn eru Joe Lewis, eigandi breska knattspyrnuliðsins Tottenham, og Rowland-fjölskyldan. Hún keypti banka Kaupþings í Lúxemborg af skilanefnd bankans um mitt ár 2009. Lewis var jafnframt viðskiptavinur Kaupþings í Bretlandi. Skúli sagði að þótt fjárfestarnir erlendu hafi allir þekkt Íslendinga þá hafi þurft að freista þeirra til að fjárfesta hér.

Kaupin fóru þannig fram að fjárfestarnir keyptu dótturfélag MP Banka ásamt ákveðnum eignum, þar á meðal starfsemi í Litháen. Annað var skilið eftir í félagi fyrri eigenda MP Banka, Austurbraut. Þar á meðal eru áhættusamar eignir og rekstur í vesturhluta Rúmeníu. Nokkur mál standa óuppgerð eftir bankahrunið, þar á meðal Exeter-málið svokallaða. Verði niðurstaðan MP Banka ekki í hag falla allar skuldbindingar á herðar Austurbrautar.

„Áhættan er farin úr MP Banka. Það er lykilatriði," segir Skúli. jonab@frettabladid.is

## Eigendur fá enga fyrirgreiðslu

Nýir eigendur MP Banka munu ekki geta gengið þar að lánafyrirgreiðslu vísri, hvort sem um er að ræða Skúla Mogensen eða aðra. Bankinn kom heldur ekki að fjármögnun kaupanna. „Ég lagði áherslu á að ég sem virkur hluthafi fæ hvorki lán né fyrirgreiðslu í bankanum né fyrirtæki sem ég er ráðandi hluthafi í," segir Skúli sem fjárfest hefur fyrir um tvo milljarða króna í íslenskum nýsköpunar- og þekkingarfyrirtækjum eftir að hann flutti aftur hingað til lands fyrir tveimur árum eftir nærri áratugardvöl í Kanada.

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# Ársfundur
Frjálsa lífeyrissjóðsins

Verður haldinn á morgun 13. apríl, kl. 17:15
í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Dagskrá
1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins má sjá á vefsíðu Frjálsa lífeyrissjóðsins www.frjalsilif.is

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

Arion banki

# GÁÐU. Bíldshöfði 6

# FÁÐU MEIRA EN BARA BÍL

**Brimborg lofar að einbeita sér að því að aðstoða þig við að kaupa vöru, þjónustu og hugarfar Brimborgar**

**Kafaðu dýpra** þegar þú kaupir notaðan bíl. Gerðu ríkar kröfur. Gáðu hvað er handan við kaupverðið. Hafðu í huga að þú kaupir miklu meira en bara bílinn. Brimborg lofar að einbeita sér að því að hjálpa þér að kaupa. Þannig færðu meira en bara bíl. Þú færð alla þá þjónustu og öryggi sem þú krefst. Þú velur ábyggilega öruggan stað að vera á. Bíldshöfði 6 er því sannkallað sæluhús. Og mundu, handan við hornið eru tvö önnur sæluhús, Citroën og Mazda, Bíldshöfða 8 og Brimborg á Akureyri, Tryggvabraut 5.

**Gerðu kröfur til okkar**
**Komdu í Brimborg í dag**



**Volvo XC70 SE AWD (UT314)**
2,5i bensín 210 hö
Station sjálfskiptur
Dráttarbeisli, leðuráklæði, álfelgur ofl.
Skrd. 11/2006. Ek. 91.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 266 g/km
**Gáðu: 3.880.000 kr.**



**Volvo XC90 SE+ AWD (JP239)**
4,4i V8 bensín 315 hö
7 manna sjálfskiptur
Leðurákl., 18" álfelgur, dráttarb. ofl.
Skrd. 12/2006. Ek. 117.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 322 g/km
**Gáðu: 4.890.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is



**Volvo S40 S (IIH18)**
2,4i bensín 140 hö
4 dyra sjálfskiptur
Álfelgur, hraðastillir ofl.
Skrd. 11/2007. Ek. 52.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 217 g/km
**Gáðu: 2.945.000 kr.**



**Volvo V70 SE AWD (MZF47)**
2,4 D5 dísil 185 hö
Station sjálfskiptur
Leðuráklæði, álfelgur, olíumiðsstöð m/tímaliða ofl.
Skrd. 12/2007. Ek. 66.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 209 g/km
**Gáðu: 5.280.000 kr.**

**Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar**

**Með þér alla leið**

Bíll er ekki bara bíll. Bíllinn þinn er miklu meira en vélknúið ökutæki. Bíllinn er staður tómstunda, ævintýra eða jafnvel vinnu. Þú reiðir þig á að bíllinn sé í lagi. Bíll er ekki bara bíll. Bíll þarf umhirðu, viðhald, þjónustu, bílastæði og margt fleira. Brimborg er hinsvegar með þér alla leið. Þú færð bílinn, þjónustuna, þrifin, dekkin, viðgerðir og ráðgjöf um hvað hentar þér. Þú færð... tækifæri til að sinna þínu lífi. Við sinnum bílnum. Fyrir þig.



**Ford Fiesta Trend (VS633)**
1,4i bensín 80 hö
5 dyra 5 gíra
Skrd. 6/2007. Ek. 69.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 147 g/km
**Gáðu: 1.210.000 kr.**



**Ford Transit 300M (OG659)**
2,2TDCi dísil 85 hö
6 dyra 5 gíra
Olíumiðstöð með tímaliða og dráttarb.
Skrd. 1/2007. Ek. 64.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ óskráð
**Gáðu: 2.250.000 kr.**



**Ford Escape XLS AWD (SI053)**
2,3i bensín 153 hö
5 dyra sjálfskiptur
Álfelgur, loftkæling ofl.
Skrd. 5/2007. Ek. 85.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ óskráð
**Gáðu: 1.890.000 kr.**



**Ford Focus Trend (NN359)**
1,6i bensín 100 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 1/2005. Ek. 68.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 184 g/km
**Gáðu: 1.330.000 kr.**



**Ford Mondeo Ghia (RU314)**
2,0i bensín 145 hö
5 dyra sjálfskiptur
Álfelgur, tölvustýrð miðstöð ofl.
Skrd. 12/2006. Ek. 49.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 218 g/km
**Gáðu: 1.880.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is



**Ford Ka (LDE73)**
1,3i bensín 69 hö
3 dyra 5 gíra
Skrd. 6/2008. Ek. 60.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 141 g/km
**Gáðu: 890.000 kr.**

Finndu okkur **á fasbókinni**

vistvæn skref með Brimborg

**Við hjálpum þér að kaupa bíl í dag.**
**Gáðu að verði. Komdu í Brimborg.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | notadir.brimborg.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Af hverju sætta Íslendingar sig við tvöfaldan lýðræðishalla í samskiptum sínum við ESB?

## Lýðræðislegt gjald

Sautján ára aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu virðist furðu oft gleymast í umræðum um Evrópumál. Hún gleymist til dæmis þegar talað er um „aðlögunarviðræður“ en ekki aðildarviðræður við Evrópusambandið og því haldið fram að íslenzkt samfélag þurfi að taka gagngerum breytingum, áður en til aðildar að ESB getur komið. Þeir sem tala svona hafa ekki tekið eftir þeim gífurlegu breytingum sem EES-aðildin hefur leitt af sér, en í samanburðinum er undirbúningur stjórnsýslunnar fyrir hugsanlega ESB-aðild smámunir.

EES gleymist líka þegar reynt er að telja okkur trú um að Evrópusambandið sé „ólýðræðislegt skrifræðisbákn“. Það er hægt að færa rök fyrir því að ESB sé bákn, sem samþykkir mikið af lögum og reglugerðum. Í samanburði við stjórnsýslu flestra aðildarríkjanna er það þó smátt í sniðum. Það má líka halda fram að ákvarðanir í ESB skorti lýðræðislegt lögmæti vegna þess að þær séu teknar býsna langt frá borgurum einstakra aðildarríkja. Þó eru ákvarðanirnar teknar af ráðherrum sem hafa lýðræðislegt umboð og Evrópuþingið, sem kjörið er beint af ESB-borgurum, hefur fengið aukin völd.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Það sem andstæðingar „ólýðræðislega skrifræðisbáknsins“ gleyma hins vegar er að með EES-samningnum skuldbatt Ísland sig til þess að leiða nánast sjálfkrafa í íslenzk lög veigamikinn hluta þeirra laga og reglna sem samþykktar eru í Brussel – og það án þess að lýðræðislega kjörin stjórnvöld á Íslandi hafi nokkur áhrif að ráði á samþykkt þeirra.

Ef hægt er að tala um „lýðræðishalla“ í Evrópusambandinu er sá lýðræðishalli tvöfaldur þegar kemur að þeim yfir 8.000 tilskipunum og reglugerðum sem Ísland hefur þegið af Evrópusambandinu undanfarin sautján ár. Það er reyndar áhugaverð þversögn að sumir þeir sem tala mest um vonda báknið í Brussel voru sjálfir í hópi þeirra sem hvað ákafast börðust fyrir samþykkt EES-samningsins – og þar með hlutdeild okkar í bákninu.

Maximilian Conrad, kennari í Evrópufræðum við Háskóla Íslands, ræddi hinn meinta lýðræðishalla í ESB í viðtali við helgarblað Fréttablaðsins. Um hinn tvöfalda lýðræðishalla Íslendinga segir hann: „Pólitískt séð hljóta allir að vilja endurheimta eitthvað af þessu glataða fullveldi. Það hljóta allir að vilja sitja við borðið þar sem er verið að semja um þá. Þetta er augljósasti punkturinn og um leið áhugaverður við afstöðu Íslendinga til Evrópu. Þið viljið taka þátt í samvinnunni, og af góðum ástæðum, en þið gangið ekki alla leið heldur eruð tilbúin að greiða þetta lýðræðislega gjald sem er að vera ekki viðstödd þegar ákvarðanir eru teknar.“

Ein rökin fyrir því að semja um aðild Íslands að Evrópusambandinu eru að þar með fengjum við á ný áhrif á ákvarðanir, sem skipta miklu fyrir íslenzka hagsmuni og þær ákvarðanir yrðu háðar lýðræðislegu aðhaldi íslenzkra kjósenda, eins og kjósenda í öðrum ríkjum ESB. Fáir tala fyrir því að Ísland segi sig frá EES-samningnum. Hann hefur að flestu leyti verið til góðs. En til lengdar getum við ekki sætt okkur við að greiða það lýðræðislega gjald, sem í honum felst. Sízt af öllu er hægt að halda því fram að lýðræðinu reiddi verr af með ESB-aðild Íslands.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871






*Fæst án lyfseðils*

Voltaren Gel® (Díklófenaktvíetýlamín 11,6 mg/g) er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Átökin

Enn halda þingmenn VG uppi stuðinu í pólitíkinni. Óvísindaleg athugun leiðir í ljós að frá því að VG komst í ríkisstjórn hafa þingmenn flokksins deilt harðar innbyrðis en við þingmenn annarra flokka. Það er sérstakt enda hafa flokksbundnir stjórnmálamenn jafnan lagt sig fram við að kljást við pólitíska andstæðinga í öðrum flokkum fremur en í sínum eigin.



### Traustið

Það er fullkomlega skiljanlegt að Guðfríður Lilja sé fúl - og raunar reið - yfir því að vera ekki lengur þingflokksformaður. Óskiljanlegt er hins vegar að hún skuli draga fram kyn sitt og þá staðreynd að hún var að koma úr fæðingarorlofi, þegar hún harmar framgöngu þeirra sem vildu Árna Þór í embættið. Málið er pólitískt og auðvitað skiptir það eitt máli að hún naut ekki lengur trúnaðar formanns flokksins. Í stjórnmálum stendur trúnaður kynferði og barneignum framar. Því breytir ekkert, ekki einu sinni skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis.

### Sögulokin

Ekki var við öðru að búast en að Ásmundur Einar og Ögmundur lýstu hryggð sinni yfir þingflokksformannsskiptunum; þeir eru og hafa verið hryggir yfir flestu sem Árni Þór og Steingrímur aðhafast. Samt eru þeir, og Guðfríður og Jón Bjarna, enn í þingflokknum. Auðvitað getur þessari átakasögu VG aðeins lokið með einum hætti; þau fjögur elta Atla og Lilju úr þingflokknum. Að öðrum kosti heldur þetta áfram og ekki nokkur maður getur talað um VG án þess að hlæja eða gráta.



bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Atvinnuleit er erfið


Rauði krossinn



Fjóla Einarsdóttir
verkefnisstjóri Félagsvina, atvinnuleitenda hjá Rauða krossinum


Þeir sem eru í þeim sporum að vera án vinnu nú á dögum hafa fundið fyrir því hversu atvinnuleitin er flókið og erfitt ferli. Tugir ef ekki hundruð manna sækja um hvert starf og þá er eins gott að ferilskráin sé vel unnin og lendi í þeim bunka sem boðaður er í viðtal. Heyrst hafa raddir frá þeim sem ekki þekkja vel til að næga vinnu sé að fá, fólk vilji hana bara ekki. Það getur ekki staðist þegar atvinnuleysi er rúm 8%. Þeir sem ekki hafa reynt á eigin skinni að leita sér að mannsæmandi vinnu á þessum undarlegu tímum vita ekki hve erfið atvinnuleitin er og hversu erfitt er að fá í hverja höfnunina á fætur annarri.

Þeir atvinnuleitendur sem eru um og yfir sextugt hafa margir hverjir aldrei verið í þessum sporum áður. Mikill uppgangur var í þjóðfélaginu þegar þeir fóru ungir út á vinnumarkaðinn og einfalt mál var að ganga inn í fyrirtæki og fá vinnu samdægurs. Vinnu sem borgaði vel. Atvinnuleitendur sem sækja Rauðakrosshúsið í Borgartúni og eru á fyrrgreindum aldri minnast þess tíma með söknuði. Það er ávallt skemmtilegt að hlusta á lýsingarnar, auðvitað var harkið mikið og vinnan erfið og fábrotin en að sjá augu ljóma þegar kemur að árangurslýsingum, óhöppum og hinum ýmsu reddingum sem áttu sér stað – vírar voru slegnir saman til þess að koma vélum í gang svo verkið gæti klárast fyrir myrkur, sjómenn voru fangelsaðir fyrir tungumálamisskilning í Lettlandi, lokur voru þéttar með tyggigúmmíi eða því sem hendi var næst til bráðabirgða, ef stigið var á nagla og hann fór í gegn þá var hreinsað með joði og haldið áfram að vinna. Sögurnar eru endalausar. Þær eru lýsandi, áhugaverðar og spennandi. Að vera án vinnu eftir ævilangt hark og strit, með miklum sýnilegum árangri (einstaklingar sem geta bent á heilu hverfin sem þeir áttu þátt í að byggja), er vægast sagt mannskemmandi. Það sem er til ráða og menn eru almennt sammála um er að gefast ekki upp. Horfa fram á við. Halda áfram að leita og sækja um störf. Alla föstudaga í Rauðakrosshúsinu í Borgartúni 25 er farið í markvissa atvinnuleit, fyrirlesarar víða að koma með innslög um málefni sem skipta atvinnuleitendur máli – farið er sérstaklega vel yfir gerð ferilskrár. Stuðningur og samvera á krepputímum er nauðsynlegur, það er ekki auðvelt að halda áfram þegar „neiin“ hrannast inn. Að lokum er vert að taka fram að fyrirtæki sem vantar starfsmenn eru sérstaklega velkomin á föstudagsstund atvinnuleitenda í Rauðakrosshúsinu.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nýir tímar – ný tækifæri

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Þegar einar dyr lokast, opnast aðrar. En oft mænum við svo lengi með eftirsjá á lokuðu dyrnar, að við komum ekki auga á þær dyr sem standa okkur opnar.“ Þetta er haft eftir Alexander Graham Bell og hittir beint í mark. Það er margt verra en að hafa þessa áminningu bak við eyrað á vegferðinni.

Á næstu misserum og árum þurfum við að skoða án fordóma allar þær dyr sem standa okkur opnar. Stjórnmál og atvinnulíf eru á vissan hátt í umpólun. Kreppan rændi okkur fjármunum, trausti og öryggi, en hún kom okkur niður á jörðina. Hvaða gildismat væri hér í mestum metum ef ekkert hefði breyst? Sú lexía var að vísu óhóflega dýr, en hún bjargaði gildismati og lífsháttum sem voru í útrýmingarhættu: Til dæmis raunsæi, hófsemi, nægjusemi, ættjarðarást, heiðarleika og samvistagleði.

Við eigum ekki að gleyma hvaðan við komum og hver við erum. Við eigum að þekkja og virða ræturnar. Það tekur okkur kannski tíma að skipta um mold á þeim, en sú tækni sem gerir öllum kleift að ná í þær upplýsingar sem hann sækist eftir, og aðgang að því sem er að gerast frá degi til dags hvar sem er í heiminum, hlýtur að breyta bæði stjórnmálum og viðskiptalífi. Þó að maðurinn sé alltaf og alls staðar eins, þá mótast hann af umhverfi sínu og möguleikum. Ég held að við séum ekki alltaf með nægilega opinn huga. Við höfum tilhneigingu til að fara fram úr okkur eða ríghalda í fortíðina.

### Áttu ekki föðurætt?

Við höfum ekki alltaf vald á skoðunum okkar. Stundum breytast þær í áráttu og þá hafa þær vald yfir okkur. Í annan tíma erum við kannski úti á þekju án þess að vita af því. Sjálf fékk ég á sínum tíma ágæta áminningu um slíkt meðvitundarleysi.

Nánustu aðstandendur mínir í móðurætt urðu ekki langlífir, þegar ég var að vaxa úr grasi, og flestir dóu skyndilega í dagsins önn. Engar kvalir eða sjúkrahúsvist. Kannski verkur fyrir brjósti og lyf við því. Þetta gerði það að verkum að manni fannst einboðið að gera ekki ráð fyrir elliárum, og ekkert við því að segja. Eina sem maður stefndi að var að koma sjálfur börnum sínum til manns. Síðan liðu árin og allt með felldu. Dag nokkurn hringdi ein af systrum mínum í mig og kvaðst hafa verið í skoðun í Hjartavernd. Þar var henni sagt að systkini með svona fjölskyldusögu ættu að láta fylgjast með sér,

Ég fór því og lét líta á mig. Að skoðun lokinni spurði læknirinn hvað hefði rekið mig til að panta skoðun í Hjartavernd. Ég sagði sem var að mér hefði verið bent á að gera það út af móðurættinni minni. Læknirinn horfði á mig og spurði þurrlega: Áttu ekki föðurætt?!“

> Stjórnmál og atvinnulíf eru á vissan hátt í umpólun. Kreppan rændi okkur fjármunum, trausti og öryggi, en hún kom okkur niður á jörðina.

Einhverjum þótti þetta nokkuð bratt hjá lækninum, en mér fannst það meira en gott. Frábært. Hafði aldrei horft til föðurættarinnar í þessu efni þó að þær dyr væru opnar upp á gátt. Stóri systrahópurinn sem lífið lék ekki alltaf við, en það kom ekki í veg fyrir það að þær léku sér við lífið. Heldur betur. Flestar duglegar, æðrulausar, fróðleiksfúsar, en fyrst og fremst glaðar og alltaf stutt í sönginn. Lifðu vel og lengi. Bæði húsmæðurnar og verkakonurnar. Tvær fóru saman í ferðir til Norðurlanda og Kanada á níræðis- og tíræðisaldri, drukku í sig menninguna þessara landa og nutu þess í botn.

Það gæti því verið býsna bjart fram undan hjá okkur systrunum. Hver veit.

### Skoðanafrelsi og vakandi vitund

Margir eru þeirrar gerðar að þeir eiga beinlínis erfitt með að skipta um skoðun, finnst það vera í ætt við niðurlægingu að hafa ekki á réttu að standa. Það er náttúrulega kross sem menn kjósa sjálfir að bera. Hitt er frelsi. Hvað sem í skerst á næstu misserum, þá finnst manni einboðið að marga hluti þurfi að hugsa upp á nýtt. Og þá er gott að vera ekki eins fastur í farinu eins og við systurnar vorum í móðurættinni. Vera með vakandi vitund.

# Leiðarljós Sigurðar Líndal

Stjórnlagaráð
Lýður Árnason
fulltrúi í stjórnlagaráði



Sá virti lögspekingur, Sigurður Líndal, átelur í nýlegri grein nýskipaða stjórnlagaráðsmenn fyrir að þiggja boðna skipun. Með því hafi þeir að einum undanskildum samsamað sig þeim aðilum sem sniðgengu lög og siðferði í aðdraganda hrunsins. Spyr Sigurður hvort þetta séu leiðarljós hins nýja Íslands.

Í fyrsta lagi var enginn kostur annar í boði. Uppkosningar komu aldrei til álita af hálfu þingsins né ný lög um stjórnlagaþing. Þessi ferill var ekki í okkar höndum. Úrskurði Hæstaréttar var enn fremur hlýtt og umboð stjórnlagaþingmanna afturkallað. Að segja úrskurðinn hundsaðan er því hrein og bein della. Bein skipan í stjórnlagaráð var einungis önnur leið að markmiðinu. Enda úrskurðaði Hæstiréttur aldrei neitt gegn stjórnlagaþinginu sem slíku, einungis kosningum til þess. Finnst dapurlegt að margreyndur lögspekingur skuli þurfa leikmann til að segja sér þetta.

Fulltrúar í stjórnlagaráði eru því með hreina samvizku, bæði gagnvart löggjafanum og fólkinu í landinu. Minni líka á að verk ráðsins eru einungis hugsuð sem tillögur að nýrri stjórnarskrá, ekki endanlegur, óhaggandi stóridómur.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI UMRÆÐA
vísir

## Tæknivörur ehf. til sölu

TÆKNIVÖRUR

Ákveðið hefur verið að bjóða til sölu allt hlutafé Tæknivara ehf, kt. 421192-2009, sem er að öllu leyti í eigu Skipta hf. Skipti hafa gert samning við MP banka hf. um að bankinn annist sölu á Tæknivörum.

Söluferlið hefst formlega í dag, þriðjudaginn 12. apríl, með aðgengi fjárfesta að samantekt um félagið. Söluferlið er opið öllum fjárfestum sem geta sýnt fram á fjárhagslegan styrk og viðeigandi þekkingu við innsendingu óskuldbindandi tilboða þann 3. maí n.k., en gert er ráð fyrir því að hlutafé í félaginu verði selt í heilu lagi. Stefnt er að því að ljúka sölunni í júní.

Tæknivörur ehf. var stofnað árið 1992. Félagið sér um innflutning og þjónustu á notendabúnaði fyrir fjarskiptamarkaðinn, s.s. GSM símum, ADSL mótöldum og myndlyklum og er í samstarfi við fjölmarga endursöluaðila á Íslandi.

Tæknivörur eru dreifingaraðili fyrir nokkur af stærstu vörumerkjunum á sviði farsímatækni, svo sem Sony Ericsson, LG og Samsung, ásamt Thomson netbúnaði, Doro heimasímum o.fl. Starfsmenn félagsins eru 16 talsins.

### Söluferlið

Boðið er til sölu allt hlutafé Tæknivara ehf. Söluferlinu er ekki beint til almennings heldur einungis til þeirra fjárfesta sem sýnt geta fram á fjárhagslegan styrk og talist upplýstir á grundvelli þekkingar og reynslu. Gert er ráð fyrir að hlutafé í félaginu verði selt í heilu lagi.

Fjárfestar munu í upphafi söluferlis hafa aðgengi að samantekt um félagið. Með hliðsjón af þeim upplýsingum geta fjárfestar skilað inn óskuldbindandi tilboði fyrir kl. 14:00 þann 3. maí 2011 til fyrirtækjaráðgjafar MP banka, Ármúla 13A, 108 Reykjavík. Tilboðum skal skilað á þar til gerðu formi. Við mat á óskuldbindandi tilboðum fjárfesta verður horft til fjárhagslegs styrks og þekkingar þeirra. Seljandi áskilur sér rétt til að takmarka aðgang að söluferlinu, s.s. vegna tengsla fjárfesta við Skipti, en kaupandi að eignarhlut Skipta í Tæknivörum skal vera óháður Skiptum og fyrirtækjum sem Skipti hefur yfirráð yfir. Jafnframt skal hann vera óháður eiganda Skipta hf. Fjárfestar, sem fá að halda áfram í söluferlinu eftir mat á óskuldbindandi tilboðum, þurfa að skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu til að fá frekari upplýsingar um fjárhag og rekstur Tæknivara. Í framhaldinu verður óskað eftir bindandi tilboðum með fyrirvara tilboðsgjafa um áreiðanleikakönnun á þeim gögnum og upplýsingum sem fram hafa komið í söluferlinu. Seljandi áskilur sér rétt til að a) breyta skilmálum og/eða viðmiðum söluferlisins og/eða b) ganga til samninga við hvaða tilboðsgjafa sem hann kýs eða hafna öllum.

**Fjárfestar sem óska eftir að taka þátt í söluferlinu eru beðnir að hafa samband við fyrirtækjaráðgjöf MP banka í síma 540 3200 eða senda tölvupóst á fyrirtaekjaradgjof@mp.is.**

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

# Þversagnir einkenna

Atvinnumál

Helgi Magnússon
formaður Samtaka iðnaðarins



Forseti Íslands sendi okkur í Samtökum atvinnulífs einkennilega kveðju í beinni útsendingu fjölmiðla frá Bessastöðum sl. sunnudag. Hann sagði m.a.:

„Ég segi í fullri alvöru við forystumenn í samtökum íslensks atvinnulífs: Hættið að tala niður íslenskt atvinnulíf. Farið og segið unga fólkinu og íslensku þjóðinni frá allri uppbyggingunni sem er í íslensku atvinnulífi. Lýsið því á hverjum degi hvað er verið að gera í hverju fyrirtækinu á fætur öðrum og að gríðarlegur fjöldi fyrirtækja í sjávarútvegi, iðnaði, ferðaþjónustu, hátækni, upplýsingatækni og öðrum greinum hefur á síðustu tveimur árum verið að upplifa ein sín bestu ár. Því það er mikið hættuspil að halda þeirri röngu mynd að íslensku fólki að hér sé ekkert að gerast.“ Ég mótmæli því að við séum að tala niður íslenskt atvinnulíf. Þeirri fullyrðingu til stuðnings bendi ég á ræðu mína á Iðnþingi þann 10. mars sl. Þar benti ég á fjölmargt af því jákvæða sem er að gerast í atvinnulífinu og þá jákvæðu undiröldu sem við í Samtökum iðnaðarins finnum fyrir í tengslum við átaksverkefnið ÁR NÝSKÖPUNAR sem við höfum staðið fyrir frá lokum október á síðasta ári og forsetinn sjálfur ýtti af stað með öflugri hvatningarræðu.

Við teljum það hins vegar skyldu okkar að minna á það sem hamlar gegn endurreisn þjóðfélagsins og kemur í veg fyrir bætt kjör fólks og fyrirtækja vegna ómarkvissrar efnahagsstefnu og rangra ákvarðana. Við teljum ástæðulaust að breiða yfir það sem er að.

Í ræðu minni sagði m.a.:

„Þversagnir einkenna veruleika okkar Íslendinga um þessar mundir. Það vantar samstöðu um hagvaxtarstefnu og vilja til að auka verðmætasköpun í samfélaginu en slík stefnumörkun er lykillinn að efnahagslegri endurreisn samfélagsins. Það vantar fjárfestingar til að hleypa krafti í atvinnulífið og til að vinna bug á atvinnuleysinu. Það vantar djarfa efnahagsstefnu sem gengur út á að nýta tækifæri okkar í stað þess að hækka skattprósentur á minnkandi skattstofna sem gerir ekki annað en að dýpka kreppuna að óþörfu. Við getum ekki unað við að þjóðin sé hneppt í skattafangelsi og festist í fátæktargildrum. Við verðum að rífa okkur út úr þessu ástandi með nýrri stefnumörkun.

Á sama tíma liggja fyrir staðreyndir um það hve öflug útflutningsstarfsemi landsins er og hve sterk staða okkar er varðandi náttúruauðlindir sem við þurfum þá að nýta rétt og skynsamlega.“

**Nýsköpun hugarfarsins**

Í ræðunni fjallaði ég einnig um hvernig nýsköpun væri að finna víðast hvar í atvinnulífinu: „Hún þarf ekki að felast í því að innleiða nýjungar eða kynna uppfinningar vísindamanna, heldur felst hún ekki síður í því að finna nýjar lausnir og bæta það sem fyrir er vel heppnað. Það gildir jafnt um framleiðsluvörur, þjónustu, tækni, aðferðafræði, framleiðsluaðferðir, stjórnskipulag eða þá verklag við framleiðslu, sölu og markaðssetningu.“ Þá gerði ég að umtalsins er tækifæri okkar. Kuldalegt. En engu að síður staðreynd.

Smáþjóð sem býr yfir þessum auðlindum á að hafa alla burði til að geta nýtt sér þær og lifað góðu lífi. Hún á að geta haldið háum meðaltekjum fólks, háum kaupmætti, lágu atvinnuleysi, haft öflugt atvinnulíf og gott mannlíf.“

**Eigum ekki að fela**

Við viljum benda á það sem vel er gert í atvinnulífinu. En okkur ber einnig skylda til að vara við því sem aflaga hefur farið og ástæða er til að óttast. Við komumst ekki hjá að fjalla um óþægilegar staðreyndir. Dæmi:

- atvinnuleysi 15.000 manna
- fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki síðustu 70 árin
- gjaldeyrishöft
- veikur gjaldmiðill
- hagvöxtur lítill sem enginn
- tugir þúsunda heimila í skuldavanda
- þúsundir fyrirtækja í skuldavanda
- tilfinnanlegar skattahækkanir á fólk og fyrirtæki
- stórminnkaður kaupmáttur fólks

> Smáþjóð sem býr yfir þessum auðlindum á að hafa alla burði til að geta nýtt sér þær og lifað góðu lífi.

efni glæsilegan árangur nokkurra nafngreindra fyrirtækja og fjallaði jafnframt um þau stórkostlegu tækifæri sem við ættum:

„Þessi örþjóð, 320 þúsund manna, hefur stórkostleg tækifæri, bara ef við kunnum að fara rétt með þau og koma okkur saman um vænlega efnahags- og framtíðarstefnu.

Jarðarbúar eru nú um 7 milljarðar talsins. Hvað vantar helst í heiminum í dag og hvað mun vanta mest í framtíðinni til þess að allur þessi mikli fjöldi manna eigi sér einhverja von? Einna helst: Hreint vatn, orku, matvæli, land.

Eru þetta ekki meginauðlindir Íslands? Hin risavöxnu viðfangsefni jarðarbúa á næstu árum og áratugum felast í því að geta séð hinum mikla fjölda fyrir mat, vatni, orku og landrými. Þar liggur styrkur Íslands. Þar liggja tækifæri Íslands. Vandi umheimsins er tækifæri okkar.

Ég vara við því að forystumenn í atvinnulífinu eða í stjórnmálum séu hvattir til að „tala upp“ ástand sem er óviðunandi. Ég mæli því heldur ekki bót að hið góða og vænlega sé „talað niður“.

**Sannleikurinn dugar best**

Eitt af því sem fór úrskeiðis í hruninu var það að bankarnir og útrásarfyrirtækin voru „töluð upp“, fáir urðu til að vara við þeim óveðursskýjum sem hrönnuðust upp en flestir voru að hjálpast að við að tala útrásina upp. Gilti það jafnt um fyrirtækin sjálf, fjölmiðla, álitsgjafa, stjórnmálamenn – jú, og sjálfan forsetann!

Þurfum við ekki að læra af þeirri reynslu? Sleppum því að tala fyrirtæki og atvinnugreinar upp eða niður. Látum staðreyndir og sannleikann nægja. Sannleikurinn er sagna bestur.

# Aukin ábyrgð og álag á sjúklinga og aðstandendur

Heilbrigðisþjónusta

Dr. Sólfríður Guðmundsdóttir
verkefnastjóri hjá rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við HÍ



Með breyttum aðstæðum í samfélaginu hefur þjónusta við skjólstæðinga innan heilbrigðiskerfisins færst í auknum mæli af sólarhrings legudeildum sjúkrastofnana yfir á dag- og göngudeildir. Aukin þjónustuþörf skapast þá fyrir þessar fjölskyldur utan stofnana, til dæmis í tengslum við heimahjúkrun, heilsuráðgjöf, heilsugæsluþjónustu og ýmis konar sérfræðiþjónustu heilbrigðisstétta. Undanfarna áratugi hefur meðaltal legudaga á sjúkrahúsum stöðugt farið lækkandi. Það getur talist jákvæð þróun ef umönnun sjúklinga er tryggð í heimahúsum og fullnægjandi öryggis er gætt. Það gengur þó misjafnlega vel að ná markvissri samvinnu fagfólks þegar skjólstæðingar færast úr einu kerfi í annað eftir útskrift af sjúkrahúsi.

Ef meðferðarþjónusta sem færist frá stofnun til heimilis er fyrirfram skipulögð í samvinnu við sjúklinginn og fjölskyldu hans gefst oftast tími og tækifæri til að fræða fjölskylduna og veita þeim undirbúning til að takast á við nýtt umönnunarhlutverk. Ef um bráða aðgerð eða meðferð er að ræða þarf fræðslan að fara fram eftir aðgerð og gott eftirlit getur fyrirbyggt fylgikvilla og að vandamál skapist hjá fjölskyldum vegna skorts á þekkingu eða nauðsynlegri eftirmeðferð. Einnig þarf í sumum tilfellum að skipuleggja heimilishjálp auk heimahjúkrunar eftir heimkomu, en það getur þó tekið lengri tíma að ná að mæta þörfum allra fyrir þjónustuna.

Greining sjúkdómsástands, meðferð heilsuvandamála og umönnun sjúkra fer nú í auknum mæli fram án innlagnar á stofnun. Með nýrri tækni má gera sífellt flóknari aðgerðir og meðferðir án þess að sjúklingurinn fari á legudeild, heldur fer hann heim strax eftir vöknun að lokinni aðgerð ýmist á sjúkrastofnun eða á læknisstofu úti í bæ. Þetta skipulag á aðgerðum kallar á aukið aðgengi fjölskyldna að heilbrigðisfræðslu og eftirfylgd úti í samfélaginu svo þau upplifi sig örugg og að vel takist til að ná bata. Þetta fyrirkomulag gerir einnig ákveðnar kröfur til skjólstæðinga og fjölskyldna þeirra, því þarf fræðsla og undirbúningur að vera góður áður en aðgerð fer fram. Æskilegast er að allir sem að þessu ferli koma vinni saman til að ná sem bestum árangri og hagkvæmni í heilbrigðisþjónustunni.

Almenningur lítur gjarnan á störf hjúkrunarfræðinga út frá þjónustu þeirra á sjúkrahúsum. Sú hjúkrun fer oftast fram með sólarhrings hjúkrunarþjónustu á legudeildum þar sem hjúkrunarfræðingar annast meðferð sjúklinga og mæta þeim þörfum sem viðkomandi er ófær um að sjá um vegna veikinda. Hjúkrunarfræðingar veita skjólstæðingum ráðgjöf og fræða um sjúkdómsástandið til að viðkomandi öðlist þekkingu á því hvað þarf að gera og hvers vegna, svo hann nái sér sem fyrst og efli eigin heilsu. Nú er svo komið að hjúkrunarfræðingum í vaktavinnu hefur fækkað mikið, enda hefur sólarhringsdeildum verið lokað eins og áður hefur verið lýst. Ráðningarsamningar við hjúkrunarfræðinga hafa sumir ekki verið endurnýjaðir sökum sparnaðar eða niðurskurðar og sjúkrahús hafa verið sameinuð eða lögð niður. Allar þessar breytingar auka álag á þá hjúkrunarfræðinga sem eru starfandi á sjúkrahúsum og sjúklingarnir eru útskrifaðir við fyrsta tækifæri og stundum án þess að þeir séu í raun undir það búnir. Umönnun sjúkra og aldraðra hefur því í auknum mæli færst á aðstandendur þeirra, sem eru misjafnlega vel í stakk búnir til að annast þetta hlutverk. Það er brýn þörf á að endurskoða og samræma þjónustukerfi heilbrigðismála með tilliti til þessara breyttu aðstæðna í samfélaginu til að auka vellíðan og nýta fjárveitingar til heilbrigðismála sem allra best.

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955

TIL SÖLU EINSTÖK EIGN VIÐ EYJAFJÖRÐ.





**Til sölu glæsilegt tvílyft einbýlishús á einstökum stað við Eyjafjörð.**
**Einungis 10 min.**
**Fjarlægð frá Akureyri.**

Húsið er samtals 167 fm. að stærð og er einkar vandað í alla staði.
Lóð er eignar lóð og samtals 3,3 ha. að stærð og nær niður að sjó.
**Útsýni er stórfenglegt.**
**Sjón er sögu ríkari.**
**Tilboð óskast**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

**Afturköllun starfsleyfa**
Fjármálaeftirlitið hefur afturkallað starfsleyfi eftirtaldra aðila:

**Askar Capital hf.**
Fjármálaeftirlitið hefur afturkallað starfsleyfi Askar Capital hf., kt. 441206-0110, sem lánafyrirtæki, þar sem kveðinn hefur verið upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

**Sparisjóðabanki Íslands hf.**
Fjármálaeftirlitið hefur afturkallað starfsleyfi Sparisjóðabanka Íslands hf., kt. 681086-1379, sem viðskiptabanka, þar sem kveðinn hefur verið upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

**VBS fjárfestingarbanki hf.**
Fjármálaeftirlitið hefur afturkallað starfsleyfi VBS fjárfestingarbanka hf.,kt.621096-3039,sem lánafyrirtæki, þar sem kveðinn hefur verið upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

Afturköllun starfsleyfanna miðast við 7. apríl 2011.

**SÖLUSTARF**
**Ertu jákvæð (ur) og hress !**
DANCO

Danco heildverslun Hafnarfirði óskar eftir sjálfstæðum og duglegum einstakling í fullt sölustarf.
Viðkomandi sinnir viðskiptavinum um allt land.
Æskilegur aldur 25-40ára. Ráðning strax.

**Aðeins tekið við skriflegum umsóknum merkt:**
Danco –atvinna v/Suðurbraut 220-Hafnarfjörður eða tölvupóst siggi@danco.is

**Aðalfundur**
Aðalfundur Samtaka lungnasjúklinga verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2011 kl. 20 í SÍBS húsinu að Síðumúla 6 (gengið inn baka til).

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf, samkvæmt lögum samtakanna
Önnur mál.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Stjórnin

SAMTÖK LUNGNASJÚKLINGA

# RAUÐA FJÖÐRIN

## LANDSSÖFNUN LIONS

## ÞAKKAR STUÐNINGINN

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939




## NÝR ÍSLENSKUR TALGERVILL – BÆTT LÍFSGÆÐI – ÍSLENSK MÁLRÆKT

**Hjartans þakkir til allra** sem lögðu okkur lið í söfnun Rauðu fjaðrarinnar. Með framlagi ykkar og samstilltu átaki þjóðarinnar náum við að stórbæta aðstöðu og lífsgæði þúsunda landsmanna sem munu eiga betri kost á að lesa af tölvu sér til gagns og gamans. Nýr talgervill á íslensku opnar blindum, sjónskertum, lesblindum og hreyfihömluðum nýja möguleika og veitir ómælda gleði.

**ÞEIR SEM EKKI ÁTTU KOST Á AÐ TAKA ÞÁTT Í SÖFNUNINNI UM HELGINA GEFST ÞESS ÞÓ ENN KOSTUR MEÐ ÞVÍ AÐ GREIÐA 1.000 KR. VALKRÖFU Í HEIMABANKANUM.**

**KÆRAR ÞAKKIR,**
**BLINDRAFÉLAGIÐ & LIONS Á ÍSLANDI**

ÍSLENSKA/SIA.IS/ SJO 54460 04/11

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA
SAMHENTIR
EIMSKIP
Síminn
Íslenska

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**55** **LEIKARINN ANDY GARCIA** er 55 ára

*„Sagt er að konur þrái að sjá mig berrassaðan, en það er engin linsa nógu löng til slíkrar myndatöku.“*

## MERKISATBURÐIR

**1540** Prentun Nýja testamentisins í þýðingu Odds Gottskálkssonar lýkur. Bókin er sú fyrsta sem var prentuð á íslensku.

**1919** Átján manns láta lífið í snjóflóðum við Siglufjörð. Eitt flóðið eyðileggur síldarverksmiðju sem talin var ein sú fullkomasta sem þá þekktist.

**1945** Franklin D. Roosevelt Bandaríkjaforseti deyr.

**1952** Gúmmíbjörgunarbátur kemur fyrst við sögu í sjóslysi hér við land þegar Veiga sekkur við Vestmannaeyjar. Sex bjargast en tveir farast.

**1961** Júrí Gagarín fer fyrstur manna út í geim í geimfarinu Vostok 3KA-2.

## AFMÆLI



**FRIÐRIK FRIÐRIKSSON** leikari er 39 ára.



**SIGRÍÐUR BACHMANN** ljósmyndari er 65 ára.



**CLAIRE DANES** leikkona er 32 ára í dag



**VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON** rithöfundur er 57 ára.

**ÞETTA GERÐIST:** 12. APRÍL 1953

## Menntaskólinn á Laugarvatni settur

Árið 1940 gengu í gildi lög um gagnfræðanám á Íslandi og 1947 var samþykkt þingsályktunartillaga um betra námsframboð á landsbyggðinni. Þá var ákveðið að stofna menntaskóla á Laugarvatni, en skólinn starfaði sem útibú fyrir Menntaskólann í Reykjavík fyrstu árin. Það var síðan sex árum síðar, 12. apríl 1953, að Menntaskólinn á Laugarvatni var settur sem sjálfstætt starfandi skóli.

Við stofnun skólans færði Jónas frá Hriflu menntaskólanum að gjöf Hvítbláinn, útfararfána Einars Benediktssonar. Hafði kista Einars verið sveipuð bláhvíta fánanum sem hann hafði barist fyrir að yrði þjóðfáni Íslendinga, en við lát Einars fékk Jónas fánann til varðveislu ásamt leyfi til að ráðstafa honum vel. Enn í dag telst fáninn vera ein merkasta eign skólans, en talið er að Jónas hafi viljað vekja áhuga æskunnar á verkum þjóðskáldsins. Dr. Sveinn Þórðarson, fyrsti skólameistari menntaskólans, ákvað að Hvítbláinn skyldi verða merki skólans og ljóðið Til fánans söngur hans, auk þess sem hann kom á þeirri hefð að 31. október ár hvert skyldu verk þjóðskáldsins vera kynnt fyrir nemendum skólans.

**Heimild: Wikipedia.org**



**SIGRÍÐUR ÞORVALDSDÓTTIR LEIKKONA:** FAGNAR 70 ÁRA AFMÆLI SÍNU Í DAG

# Brún og bjútífúl fyrir afmælið

„Ég skrapp á Kanarí til þess eins að verða brún og bjútífúl fyrir afmælisveisluna og vonast til að brúnkan haldist fram á morgundaginn, en þá er allt í lagi að hún hverfi,“ segir lífsglöð og skellihlæjandi afmælisstúlka dagsins, Sigríður Þorvaldsdóttir leikkona.

„Ég hef aldrei haft hugmynd um hversu gömul ég er og ekki til í dæminu að mér finnist aldur skipta máli, en nú veit ég að sjötugasti afmælisdagurinn er runninn upp og finnst það ofsalega flott og dásamleg tilfinning,“ segir Sigríður sem fæddist á Leifsgötu í Reykjavík 12. apríl 1941. Foreldrar hennar voru Þorvaldur Steingrímsson fiðluleikari og Ingibjörg Halldórsdóttir hárgreiðslumeistari, en Sigríður á sér yngri systur og bróður.

„Við systurnar vorum ætíð eins og prinsessur, því mamma saumaði á okkur dýrindis kjóla og var alltaf að punta okkur. Saman fórum við að hlusta á pabba spila á fiðlu, saxófón eða klarínett með sinfóníunni eða á Borginni, og allar minningar ógleymanlega yndislegar sem tengjast uppvextinum,“ segir Sigríður sem missti föður sinn í fyrra en móðir hennar lést fyrir aldur fram úr krabbameini, þá 46 ára.

„Það var sár missir því við mamma vorum svo miklar trúnaðarvinkonur. Eins er sem betur fer á milli mín og dætra minna. Við erum allar mjög samrýndar og miklar vinkonur,“ segir Sigríður sem þrátt fyrir skin og skúrir hefur alltaf haft jákvæða sýn á lífsins gang. Eftir heilablóðfall fyrir hartnær tveimur áratugum missti hún minni á sumum sviðum og þurfti að læra að tala upp á nýtt.

„Lífið hefur verið mér meiri háttar, allan tímann. Ég varð aldrei vör við heilablóðfallið því það gerðist meðan ég svaf og svo var búið að laga mig þegar ég vaknaði þremur dögum síðar. Þá stóð ég upp með jákvæðnina að vopni, tilbúin að læra íslensku og ensku upp á nýtt, og sem var bara skemmtilegt í minningunni,“ segir Sigríður og hlær dátt.

Aðeins fimmtán ára hóf Sigríður hárgreiðslunám hjá móður sinni, en leiklistarbakterían lét hana ekki í friði og hún laumaði sér í inntökupróf þrátt fyrir að hafa ekki aldur til.



**SJÖTUG FEGURÐARDÍS** Sigríður var valin Ungfrú Ísland 1958 og komst í 15 manna úrslit í alheimskeppninni á Langasandi. Hún starfaði síðar með Kvennalistanum og var varaþingkona 1983-87. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þá sótti ég æfingar hjá Ævari Kvaran og komst í gegnum inntökuprófið, en spurð um aldur sagðist ég vera hárgreiðsludama. Já, sagði þá Guðlaugur Rósinkrans og reiknaði út með sjálfum sér að ég væri þá orðin nógu gömul. Þegar upp komst um réttan aldur minn var haldinn fundur en úr því ég var komin inn var ákveðið að leyfa mér að halda áfram,“ segir Sigríður sem eftir útskrift á átjánda ári hélt utan til Kaliforníu í frekara leiklistarnám og starfaði þar í leikhúsum á þriðja ár við góðan orðstír.

„En ég saknaði mömmu og pabba og var alltaf að biðja þau að koma út til mín svo á endanum flutti öll fjölskyldan vestur um haf þegar pabbi fékk samning í Dallas í Texas og ég réði mig þar í leikhús þar sem ég lék stór hlutverk um tveggja ára skeið,“ rifjar Sigríður upp, en við heimkomu 23 ára skrifaði hún undir samning við Þjóðleikhúsið þar sem hún hefur starfað allan sinn starfsaldur síðan. „Þjóðleikhúsið á mig og ég á Þjóðleikhúsið; það er partur af mér. Fyrir heilablóðfall var ég ávallt í aðalhlutverkum en eftir að ég hafði lært að tala á ný tók ég að mér minni hlutverk sem var alveg jafn skemmtilegt. Maður endurmetur lífið eftir svona reynslu og síðan hef ég bara gert það sem mig langar og notið lífsins, en ég hef alltaf verið óhrædd við að elta eigin drauma,“ segir Sigríður sem á dæturnar Þórunni leikkonu, Dísellu óperusöngkonu og Ingibjörgu flugfreyju og laganema, og alls sjö barnabörn.

„Besta afmælisgjöfin verður að taka á móti vinum sem ég hef boðið til veislu í Þjóðleikhúskjallaranum og ég vonast til að geta fengið fólkið til að dansa, því ég vil hafa þetta létt og skemmtilegt. Það er í mínum anda og vonandi hef ég alltaf verið þannig sjálf.“

thordis@frettabladid.is




†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Árnason**

húsasmíðameistari og bóndi
frá Höskuldarnesi,
dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést föstudaginn 8. apríl.

**Fjölskylda hins látna.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sólveig Pétursdóttir**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans þann 6. apríl síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 14. apríl kl. 15.00. Fjölskylda Sólveigar sendir sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar 11-E á Landspítala Hringbraut fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Ingunn Pétursdóttir** | **Óðinn Sörli Ágústsson**
**Helga Rúna Pétursdóttir** | **Valdimar Agnar Valdimarsson**
**Gabríel Pétur Óðinsson og Tinna Björt Valdimarsdóttir**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Reynir Ólafsson**

Burknabergi 2, Hafnarfirði,

lést 9. apríl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 15. apríl kl. 15.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið. Sérstakar þakkir til læknanna Jakobs Jóhannssonar og Elfars Úlfarssonar, starfsfólks deildar 11-E á Landspítalanum og starfsfólks líknardeildar LSH.

**Sigríður Stefánsdóttir**
**Stefán Reynisson** | **Oxana Skakoun**
**Gylfi Reynisson**
**María Sigríður Stefánsdóttir**



†

*Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Úrsúlu Magnússon**

Garðbraut 85, Garði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Garðvangs, fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Friðrik Ívarsson** | **Anna Dóra Garðarsdóttir**
**Guðjón Ívarsson** | **Erla Elísdóttir**
**Magnea Ívarsdóttir** | **Jón Rósmann Ólafsson**
**Óskar Ívarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Bróðir okkar,*

**Gunnar Guðmundsson**

andaðist í Danmörku föstudaginn 1. apríl. Bálför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Systkini hins látna,**
**Steinunn, Anna,**
**Kolbrún, Valgeir,**
**Hilmar, Hrefna,**
**Kristján, Eyþór**
**og fjölskyldur.**



**Hjörtu kvenna** slá hraðar en karlmannshjörtu. Meginástæða þess er sú að kvenlíkaminn er oftast smærri en líkami karls og þarf því ekki að pumpa blóði út í jafn mikinn líkamsmassa.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ
Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473










**Kristín Bergsdóttir tónlistarkona elskar brasilíska tónlist og kennir brasilískt samba í Kramhúsinu.**

## Samsuða gleði og orku



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ég hef haft áhuga á Brasilíu frá unga aldri en mamma hlustaði mikið á Stan Getz sem var í samstarfi við brasilíska listamenn. Svo hefur áhuginn bara aukist með árunum,“ segir Kristín Bergsdóttir tónlistarkona sem kenna mun grunnsporin í brasilísku samba í Kramhúsinu á þriðjudögum.

„Í Brasilíu mætast ólíkir menningarheimar og bæði tónlistin og dansinn suðupottur gleði og orku,“ segir Kristín. Hún dvaldi þrjá fyrstu mánuði ársins 2010 í Rio de Janeiro til þess að kynna sér brasilíska tónlist og menningu enn frekar. „Þar dansaði maður samba á nánast hverjum degi. Tónlistin er enda samtvinnuð dansinum og því komst maður ekki hjá því að hrista rassinn með,“ segir hún létt í lundu, en Kristín hefur æft dans frá unga aldri, bæði ballett og djassballett.

En hvað kom til að hún fór að kenna samba? „Þetta byrjaði með því að ég hélt karnival hátíðlegt í byrjun mars. Þá var ég með tvo kynningartíma í samba. Síðan var ég beðin um að vera með eitt vornámskeið þar sem ég myndi kenna grunnsporið og kynna nemendur jafnframt fyrir brasilískri tónlist,“ segir Kristín sem segir dansinn ekki síst snúast um að njóta þess að upplifa tónlistina í gegnum líkamann.

*solveig@frettabladid.is*



**Fólk nær sífellt hærri aldri** og um þessar mundir eru 483 milljónir manna í heiminum yfir 65 ára. Árið 2030 er gert ráð fyrir að 974 milljónir verði 65 ára og eldri.














# Svara brýnni fræðsluþörf

**Ítarlegt kver um lungnakrabbamein kom út fyrir skemmstu. Þörfin er mikil en lungnakrabbamein er annað algengasta krabbameinið á Íslandi. Ýmsar framfarir hafa hins vegar orðið í meðferð og greiningu.**

Hjarta- og lungnaskurðlæknirinn Tómas Guðbjartsson gaf út yfirgripsmikið kver um lungnakrabbamein fyrir skemmstu en um er að ræða ítarlegan texta sem ætlaður er sjúklingum og aðstandendum þeirra. „Það hefur lengi verið eftirspurn eftir fræðsluefni um lungnakrabbamein á íslensku og því var ákveðið að ráðast í þetta verkefni,“ segir Tómas. Hann segir lungnakrabbamein annað algengasta krabbameinið hér á landi hjá konum jafnt sem körlum og leggur það fleiri að velli en brjósta-, blöðruháls- og ristilkrabbamein samanlagt. „Meira er vitað um orsakir lungnakrabbameins en annarra krabbameina en í 90 prósent tilfella er hægt að rekja beint til reykinga. Það ætti því að vera auðvelt að fyrirbyggja sjúkdóminn og vissulega hefur reykingafólki fækkað. Það eru þó ennþá tæp átján prósent fullorðinna sem reykja og er það átján prósentum of mikið.“



Tómas ásamt hjúkrunarfræðingunum Ástu J. Björnsdóttur og Lilju Ásgeirsdóttur sem tóku þátt í gerð bæklingsins ásamt fjölda annarra sérfræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tómas segir það valda sérstökum áhyggjum að reykingavarnir hafi ekki skilað jafn góðum árangri á meðal unglinga og hjá fullorðnum „Samt sem áður reykja færri nú en áður og tíðni sjúkdómsins er lækkandi. Fólk er þó alltaf að eldast og við erum því ekki farin að sjá fækkun tilfella. Við erum ennþá að borga fyrir miklar reykingar síðustu áratuga og þar tóku íslenskar konur virkan þátt og reyktu meira en stallsystur þeirra í nágrannalöndunum. Ef heldur áfram sem horfir þá verður lungnakrabbamein jafn algengt hjá konum og hjá körlum hér á landi. Þetta er frábrugðið því sem þekkist í öðrum löndum þar sem karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem greinast. Því er mikilvægt að beina forvörnum sérstaklega að konum.“

Tómas segir að engu að síður hafi orðið miklar framfarir í greiningu og meðferð lungnakrabbameins á síðustu árum og er lögð sérstök áhersla á þessar nýjungar í kverinu. „Við erum bæði með betri tækjabúnað og aðgerðatækni og er árangur hér á landi mjög góður. Hins vegar greinast margir allt of seint sem skýrist meðal annars af því að einkenni sjúkdómsins fara gjarnan saman við krónísk óþægindi af völdum reykinga. Lækning lungnakrabbameins felst yfirleitt í skurðaðgerð en ef sjúkdómurinn er útbreiddur er ekki um slíkt að ræða.“

*vera@frettabladid.is*

---

**Kynning**



Ultimo burrito er grilluð og ljúffeng, 1.090 kr.



Sólveig með fersku tortillurnar sem nú eru líka seldar til að taka með heim.

# Ferskari tortillur og úrvals salsa

**Nú geturðu eldað mexíkóskt heima úr fyrsta flokks hráefni.**

Á Culiacan, Suðurlandsbraut 4a, fæst einn hollasti skyndibiti bæjarins. Staðurinn flutti nýverið úr Faxafeni, í stærra og betra húsnæði. Sólveig Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri Culiacan og segir viðtökurnar hafa verið vonum framar. „Það er alveg ljóst að þessi staðsetning er að virka betur fyrir okkur þó sú gamla hafi verið góð líka. Vegna fjölda áskorana erum við að byrja að selja vörurnar okkar þeim sem vilja elda heima.“ Hingað til hefur aðeins verið hægt að fá tortillur og sósur sem eru fullar af aukaefnum út í búð svo þær endist sem lengst í hillunni. Þessar vörur eru auðvitað ekkert sambærilegar við ferskar vörur. Tortillurnar sem við bjóðum upp á koma til okkar frosnar, svo þær eru miklu ferskari og betri en þær sem eru á hillunum úti í búð. Við lögum svo salsasósurnar frá grunni, úr grænmeti og kryddjurtum, svo þær eru lausar við aukaefni og fullar af vítamínum, enda geymum við þær í kæli. Nachos-ið okkar og ostasósan þykja lostæti og eru sósurnar seldar í boxum sem þola örbylgju, svo auðvelt er að hita upp heima.

Það sem við bjóðum upp á núna í þessari línu er: Culiacan-kjúklingur, sterk og mild salsa, sýrður rjómi, ostasósa, tortillur 3 stærðir og nachos-flögur.

Það hefur verið mikið að gera hjá okkur undanfarið í veisluþjónustunni. Við bjóðum upp á hópamatseðil fyrir aðeins 1.390 á manninn. Eina skilyrðið er að panta fyrir 10 eða fleiri. Þetta hefur verið vinsælt í fermingarveislur og ýmis mannamót,“ segir Sólveig.



Sósurnar sem fást í 250 g skömmtum núna eru sterk og mild salsa, ostasósa og sýrður rjómi.



Nú getur fólk eldað mexíkóskt heima úr ferskara og betra hráefni.

# Útkallsþjónustan hjá N1 er opin allan sólarhringinn

**N1 er ekki bara bensínstöðvar. Það er umboðsaðili fyrir dekk af gerðunum Michelin, Cooper og Kumho, er með átta hjólbarðaverkstæði og útkallsþjónustu allan sólarhringinn fyrir þá sem eru á felgunni í orðsins fyllstu merkingu.**


Sölustjórarnir Ásgeir Ásgeirsson, Fannar Pálsson, Kristján Hauksson, Bjarni H. Svavarsson, Arnar Tryggvason, Ásgrímur Resemhus og Einar Sveinbjörnsson, ásamt Degi rekstrarstjóra. MYND/GVA

„Michelin er eitt af okkar aðalmerkjum í hjólbörðum,“ segir Dagur Benónýsson, rekstrarstjóri þjónustuverkstæða N1, og telur Michelin afar endingargóð dekk og orkusparandi. Hann tekur fram að N1 sé líka með fleiri gæðamerki eins og Kumho og Cooper og útvegi allar stærðir af hjólbörðum, á allt frá reiðhjólum upp í stærstu vinnuvélar. „Við erum með algengustu stærðirnar á lager og rúmlega það,“ segir hann og bendir líka á vefverslunina www.dekk.is.

Hjólbarðaverkstæði N1 eru átta talsins, sex á höfuðborgarsvæðinu, eitt á Akranesi og eitt í Reykjanesbæ. Þau eru búin fullkomnustu tækjum sem völ er á og má þar nefna færibönd sem bæta verklag, minnka álag á starfsmenn og auðvelda þeim vinnu. Við það standa fjórir menn hverju sinni sem allir gera sitt ákveðna verk en geta skipst á til að gera vinnuna fjölbreyttari. Hvert færiband þjónar tveimur til þremur bílum í einu. Slíkar græjur eru komnar á þrjú verkstæði N1 en Dagur segir þau verða komin á þau öll innan tíðar.

„Við leggjum áherslu á að veita góða og hraða þjónustu með topp tækjabúnaði,“ segir Dagur um vinnulagið á verkstæðunum og hrósar sínum starfsmönnum í hástert. „Það er gríðarleg reynsla innan okkar hóps. Sölustjórarnir á verkstæðunum hafa starfað við þessa grein frá fimm árum upp í þrjátíu og átta og flestir þeirra hafa sótt þjálfun hjá Michelin.“ Hann bætir því við að stefnt sé að því að allir stjórar og lykilstarfsmenn á verkstæðunum sæki slík námskeið hjá Michelin.

Svokallað Dekkjahótel er eitt af því sem felst í þjónustu N1. Það þýðir að fólk getur geymt dekkin sín þar. Dagur segir það fyrirkomulag njóta gríðarlegra vinsælda, ekki síst hjá fyrirtækjum. „Við erum með heildarlausnir fyrir fyrirtæki í hjólbarðamálum. Þau geyma dekkin hjá okkur, við ráðleggjum þeim um bestu hugsanlegu nýtingu á þeim og eigum mjög gott samstarf við mörg fyrirtæki,“ segir hann.

Útkallsþjónustan er meðal þess sem N1 býður upp á. Síminn þar er 660 3350. Hún er til staðar allan sólarhringinn á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi og Akranesi og einnig er skroppið austur fyrir fjall ef þörf krefur. Dagur segir hana mikið notaða ef fólk lendir í vandræðum á vegum úti.




## Góð ráð frá Degi á N1

- Mælið loftþrýsting reglulega. Kjörþrýstingur hverrar bifreiðar er gefinn upp í hurðarfalsi eða handbók.
- Víxlið dekkjum. Leitið til fagmanna með ráðleggingar um hvernig best er að haga því.
- Látið jafnvægisstilla hjólbarðana vor og haust.
- Látið athuga hvort hjólamillibil bifreiðar sé rétt og einnig hjólahalli því ef svo er ekki getur það aukið slit á dekkjum gríðarlega.
- Leitið til fagmanna með val á dekkjum og látið aðeins fagmenn umfelga og gera við hjólbarða.



MICHELIN COOPER TIRES KUMHO TYRES
N1



SUMARDEKK OG FELGUR
Á ALLAR GERÐIR BIFREIÐA

N1 BÍLAÞJÓNUSTA
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 8 - 18
OG LAUGARDAGA 9 - 13

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ
FELLSMÚLA / ÆGISÍÐU / BÍLDSHÖFÐA / RÉTTARHÁLSI
LANGATANGA / REYKJAVÍKURVEGI

LANDSBYGGÐIN
GRÆNÁSBRAUT, REYKJANESBÆ / DALBRAUT, AKRANESI

N1 BÍLAÞJÓNUSTA
WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni



Toyo Proxes T1R

Eitt albesta sportbíladekkið á markaðinum. Ótrúlegt grip hvort sem er á blautum eða þurrum vegum. Draumadekk á hvaða sportbíl sem er.

TOYO TIRES



Toyo 350

Mjög gott sumardekk á fólksbíla þar sem aðaláherslan er lögð á þægindi og öryggi í akstri. Dekkin eru „Low Rolling Resistance“ sem sparar eldsneytiseyðslu bílsins.

TOYO TIRES



Toyo Proxes ST2

Frábært dekk á alla sportjeppa. Þolir mikinn hraða og mikið álag í beygjum eins og myndast á þungum og kraftmiklum sportjeppum.

TOYO TIRES



Accelera Alpha

Sumardekk fyrir fólksbíla á ótrúlega hagstæðu verði. Frábær dekk undir alla fólksbíla.

accelera

Bílabúð Benna

Vagnhöfða 23 // 110 Reykjavík // Sími 590 2000 // www.benni.is




Hjólbarðadeild Bílabúðar Benna er orðin umfangsmikil, sem tryggir hagstæðari samninga og betra verð á hjólbörðum til viðskiptavina. MYND/GVA

# Þjónusta byggð á áratuga reynslu

**Bílabúð Benna hefur síðastliðin ár lagt æ meiri áherslu á hjólbarðaþjónustu sína, og er í dag umboðsaðili fleiri tegunda af hjólbörðum en nokkru sinni fyrr.**



Rærnar á hverjum bíl eru hertar með handafli til að auka öryggi viðskiptavina.

Bílabúð Benna er hvað þekktust fyrir japönsku hágæðadekkin frá Toyo Tires. „Þau höfum við selt á Íslandi frá 2005 og viðtökurnar hafa verið frábærar,“ segir Jón Hauksson, yfirmaður hjólbarðadeildar Bílabúðar Benna en boðið er upp á sumar-, vetrar-, harðskelja-, heilsárs-, jeppa- og sendibíladekk frá Toyo.

Jón segir nokkrar nýjungar væntanlegar frá Toyo í sumar. „Það er Toyo Proxes T1-Sport, sem eins og nafnið gefur til kynna er ætlað kraftmiklum sportbílum; Toyo Proxes C1S, sem er ætlað stærri lúxusbílum og er einstaklega hljóðlátt, og síðast en ekki síst Toyo Proxes Ne sem er byggt á léttrúllandi „low rolling resistance“-tækni sem þýðir að eyðsla bílsins minnkar verulega án þess að grip dekksins minnki,“ segir Jón. Hann minnist einnig á að endurunnin efni séu notuð að hluta í framleiðslu Toyo Proxes Ne sem geri dekkið að einu umhverfisvænasta dekki sem framleitt er í dag. Það þykir mikill kostur enda keppast framleiðendur í síauknum mæli við að gera dekkin eins umhverfisvæn og kostur er.

Bílabúð Benna býður einnig upp á BFGoodrich jeppa- og fólksbíladekk, sem og Kormoran fólksbíladekk. Kormoran-dekkin eru framleidd af sama aðila og BFGoodrich-dekkin, og eru á hagstæðu verði. „BFGoodrich-dekkin þekkja flestir Íslendingar, enda hefur Bílabúð Benna selt þau dekk í áratugi við góðan orðstír,“ segir Jón.

Bílabúð Benna hefur einnig umboðið fyrir Accelera-dekkin en þau uppfylla alla alþjóðlega gæðastaðla og eru á afar hagstæðu verði. „Við erum með þau þriðja árið í röð og reynslan þeim hefur farið fram úr björtustu vonum.“

### ALLT Á SAMA STAÐ

Bílabúð Benna býður upp á alla alhliða hjólbarðaþjónustu, smurþjónustu og smáviðgerðir á sama stað. Þar fæst allt frá þurrkublöðum og perum til bremsuklossa og varahluta. Einnig rekur Bílabúð Benna verkstæðin Nesdekk á Granda í Reykjavík og Nesdekk í Reykjanesbæ. „Markmið okkar er að geta þjónustað allt fyrir bílinn á einum stað,“ segir Jón og segir mikið lagt upp úr öryggi á verkstæðunum. „Við leggjum gríðarlega mikið upp úr öruggum vinnubrögðum, og til dæmis handherðum við rærnar á hverjum einasta bíl sem við skiptum um dekk á, svo við vitum af viðskiptavinum okkar öruggum úti í umferðinni.“

### HAGSTÆTT VERÐ

„Meginmarkmið okkar þessa dagana er að halda verði eins lágu og hægt er. Einnig bjóðum við upp á vaxtalaus kreditkortalán til allt að 12 mánaða til að létta fólki róðurinn, ef þörf er á. Okkar markmið er að vörur okkar og þjónusta sé fyrsta flokks í alla staði, og að vöruverð sé eins hagstætt og kostur er,“ segir Jón. Hann bætir við að hjólbarðadeild fyrirtækisins sé orðin umfangsmikil, sem tryggi hagstæðari samninga og betra verð á hjólbörðum til viðskiptavina.

**● ÓKEYPIS ÖRYGGISSKOÐUN** Til að auka öryggi ökumanna og farþega í umferðinni er boðið upp á ókeypis munsturmælingu og loftmælingu hjá Bílabúð Benna og Nesdekkjum. Nesdekk mælir mótorolíuna að auki sé þess óskað. Nánar á toyo.is.



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429.

# Heimsins dýrustu bílar

**Á vefnum thesupercars.org hefur verið tekinn saman listi yfir tíu dýrustu bíla heims 2010-2011. Þessir bílar munu seint sjást á götum Reykjavíkur, en það er engin synd að láta sig dreyma.**



### 1. Bugatti Veyron – 1,7 milljón dollarar – er langdýrasti götubíllinn á markaði í dag.

*Hann fer úr núll í hundraðið á 2,6 sekúndum. Hámarkshraði Veyron er 253 mílur á klst., eða 407 km/klst.*



### 2. Lamborghini Reventon – 1,6 milljón dollarar.

*Kraftmesti og dýrasti Lamborghini sem smíðaður hefur verið. Hann fer frá 0-100 km/klst. á 3,3 sekúndum. Aðeins 20 slíkir eru til í heiminum.*



### 3. McLaren F1 – 970 þúsund dollarar.

*Árið 1994 var F1 fljótasti og dýrasti bíllinn en er enn í dag meðal dýrustu bíla heims og nær 386 km hraða á klst. og fer úr 0-100 á 3,2 sekúndum.*



### 4. Ferrari Enzo – 670 þúsund dollarar.

*Enzo er einn þekktasti ofurbíllinn. Hann nær 350 km/klst. og nær 100 km hraða á 3,4 sek. Aðeins 400 slíkir bílar voru smíðaðir.*



### 5. Pagani Zonda C12 F – 667,321 dollarar.

*Zonda er framleidd af sjálfstæðu fyrirtæki á Ítalíu. Hún kemst í 346 km/klst. og fer í hundraðið á 3,5 sekúndum.*



### 6. SSC Ultimate Aero – 654,400 dollarar.

*Þrátt fyrir að vera sjötti dýrasti bíllinn er Aero fljótasti götubíllinn í heimi með hámarkshraða upp á 413 km/klst. og fer úr 0-100 á 2,7 sekúndum. Líklega verða þó aðeins 25 slíkir framleiddir.*



### 7. Saleen S7 Twin Turbo – 555 þúsund dollarar.

*Bandarískur ofurbíll sem nær 399 km/klst. og fer frá 0-100 á 3,2 sekúndum.*



### 8. Koenigsegg CCX – 545,568 dollarar.

*Sænsk framleiðsla og er í stöðugri baráttu um að vera fljótasti bíll veraldar. Hámarkshraði er 394 km/klst.*



### 9. Mercedes Benz SLR McLaren Roadster – 495 þúsund dollarar.

*SLR McLaren er fljótasti sjálfskipti bíllinn. Hámarkshraði er 331 km/klst. og fer frá 0-100 á 3,8 sekúndum.*



### 10. Porsche Carrera GT – 440 þúsund dollarar.

*Nær 330 km/klst og fer úr 0-100 á 3,9 sekúndum.*




Toyo Open Country All Terrain

Frábær alhliða jeppadekk fyrir allar aðstæður. Mjúk og hljóðlát dekk sem skila þér alla leið.

TOYO TIRES



Toyo Open Country Mud Terrain

Níðsterkt og slitsterkt jeppadekk sem þolir hvað sem er. Frábært akstursdekk á vegum og utan vega. Þolir auðveldlega mjög þunga bíla.

TOYO TIRES



BFGoodrich Mud Terrain KM2

Nýtt og fílsterkt dekk frá BFGoodrich. 33% sterkari hliðar en áður. Ætlað í utanvegaakstur og mikil átök.

BFGoodrich Tires



BFGoodrich All Terrain

Áratuga reynsla á Íslandi. Sívinsæl jeppadekk fyrir íslenskar aðstæður, gott grip og frábær ending sem íslendingar kannast við.

BFGoodrich Tires

Bílabúð Benna

Vagnhöfða 23 // 110 Reykjavík // Sími 590 2000 // www.benni.is




# Góð þjónusta aðalatriðið

**Gúmmívinnustofan er eitt elsta starfandi hjólbarðaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu," segir Sturla Pétursson, eigandi Gúmmívinnustofunnar í Skipholti 35.**

„Verkstæðið var stofnað í kringum 1960 og hefur verið í eigu sömu fjölskyldu allar götur síðan. Það var afi konunnar minnar, Halldór Björnsson, sem stofnaði verkstæðið og fjölskyldan hefur alltaf haldið utan um reksturinn. Síðustu átta ár hefur verkstæðið svo verið í okkar eigu."

Sturla segir megináhersluna lagða á góða þjónustu enda eigi Gúmmívinnustofan marga trygga viðskipavini sem ekki geti hugsað sér að leita annað. „Við leggjum áherslu á að fólk fái góða þjónustu og að sjálfsögðu góða hjólbarða," segir hann. „Við erum með hjólbarða frá þekktum og góðum merkjum eins og Michelin, Goodyear og fleirum, auk ódýrari hjólbarða sem eru mjög góðir og endast vel. Enda erum við farnir að nota slagorðið: Öryggi bílsins byggist á góðum hjólbörðum, sem vísar til mikilvægis þess að menn séu á dekkjum með gott grip og hafi réttan loftþrýsting í þeim. Með því endast hjólbarðar lengur og það verður minni bensíneyðsla. Við förum vandlega yfir slík atriði hér á Gúmmívinnustofunni og leggjum mikla áherslu á að bílar séu rétt jafnvægisstilltir og allt í topplagi. Einnig erum við með Pólar-rafgeymaþjónustu."

Sturla hefur sex starfsmenn í vinnu á Gúmmívinnustofunni, auk þess að vinna þar sjálfur, og segir þar samankomna mikla þekkingu og reynslu enda hafi verkstæðið verið í fremstu röð í rúm fimmtíu ár. „Sjálfur er ég búinn að vinna hérna í tuttugu og fimm ár og hef gríðarlega reynslu af meðferð og sölu hjólbarða. Það hafa í gegnum árin skapast góð tengsl við okkar föstu viðskiptavini, sem upp til hópa eru mjög skemmtilegt fólk sem við höfum ánægju af að þjóna sem allra best og við tökum líka mjög vel á móti nýjum viðskiptavinum."



„Öryggi bílsins byggist á góðum hjólbörðum," segir Sturla Pétursson, eigandi Gúmmívinnustofunnar í Skipholti 35, sem hér er fyrir miðju ásamt starfsmönnum sínum. MYND/GVA





Sigurjón Árni Ólafsson er framkvæmdastjóri Max1 þar sem viðskiptavinir fá persónulega ráðgjöf við val á dekkjum. MYND/ANTON

# Fagmenn lesa í dekkin

„Max1 veitir faglega ráðgjöf við val á dekkjum út frá þörfum hvers og eins," segir Sigurjón Árni Ólafsson, framkvæmdastjóri Max1. Max1 sinnir ýmiskonar hraðþjónustu og er tilvalið að fá sérfræðinga þar til að fara yfir slit og loftþrýsting eða víxla dekkjum til að nýta þau sem best.

Sigurjón segir ábyrgð fylgja því að velja dekk. „Bíll verður að hafa grip við sem flestar aðstæður, við stýringu, hemlun, hliðarátak og spyrnu svo eitthvað sé nefnt og enn fremur verða dekk að vera hljóðlát og hagkvæm með tilliti til eldsneytiseyðslu og endingar," segir Sigurjón.

Að sögn Sigurjóns er ekki víst að liggi í augum uppi hvaða dekk geti verið hagstæðust en sérfræðingar Max1 geti hjálpað viðskiptavinum að komast að því hvað henti best.

„Vegir eru orðnir mjög slitnir og miklar vatnsrásir víða. Þá getur fólk lent í því að þótt dekk sé með réttri mynsturdýpt geta samt komið upp þær aðstæður að bíll fljóti ofan á vatni. Það eina sem losar vatn við slíkar aðstæður er mynstur með góðar vatnsraufar," segir Sigurjón.

„Eitt þarf fólk að skoða sérstaklega og það er hemlunarvegalengd dekkjanna. Það er nefnilega mikill gæðamunur á dekkjum. Hágæðadekk eins og Nokian sem eru úr vandaðri gúmmíblöndu geta haft miklu styttri hemlunarvegalengd en óþekkt dekkjamerki. Í nýlegri könnun var dekk frá slíkum framleiðanda með 70% lengri hemlunarvegalengd en Nokian H-dekkið sem hefur verið valið besta dekkið hjá European Automobile Association. Í könnun hjá ADAC stöðvaðist bíll með Nokian H dekki því 40 metrum fyrr á blautum vegi."




„Þjónustan í verslununum skiptir gríðarlegu máli en það skiptir ekki síður máli að þjónustan eftir kaupin sé fagleg og traust," segir Gunnar Freyr. MYND/GVA

# Gott verð, úrval og fagmennska

**Markmið Tölvulistans er að bjóða upp á hágæðavöru á góðu verði og leita allra leiða til að bæta þjónustuna. Tölvulistinn rekur nú verslanir sínar á sex stöðum á landinu.**

„Við leggjum mikla áherslu á að bjóða hágæðavöru á góðu verði og við erum sífellt að leita leiða til þess að bæta þjónustuna," segir Gunnar Freyr Jónsson, framkvæmdastjóri Tölvulistans. „Við erum í sterkum viðskiptatengslum beint við framleiðendur sem gerir það að verkum að við getum boðið bæði hagstætt verð en einnig hátt þjónustustig. Við viljum að viðskiptavinurinn sé ánægður og að upplifun hans af bæði vörunni og þjónustunni sé slík að hann komi aftur þegar kemur að næstu kaupum."

Gunnar nefnir tölvuverkstæðið sem dæmi. „Þjónustan í verslununum skiptir gríðarlegu máli en það skiptir ekki síður máli að þjónustan eftir kaupin sé fagleg og traust. Það getur alltaf eitthvað komið upp á eins og allir vita en það er hvernig málin eru leyst sem skiptir mestu. Þetta vitum við og höfum unnið hörðum höndum við að byggja upp þjónustuverkstæði sem einkennist af þekkingu, fagmennsku og vönduðum vinnubrögðum."

Tölvulistinn var stofnaður árið 1993 og var í fyrstu einungis póstverslun í litlu húsnæði í Reykjavík. „Starfsemin snerist fyrst um sölu á tölvum og leikjum en boltinn tók snemma að rúlla. Tölvulistinn jók vöruúrvalið svo um munaði og umsvifin jukust samhliða því. Ekki leið á löngu þar til Tölvulistinn gat boðið upp á allan mögulegan búnað og lausnir fyrir viðskiptavini, stóra sem smáa," segir Gunnar Freyr og brosir. „Smám saman færðum við út kvíarnar og stimpluðum okkur inn á fyrirtækjamarkaðinn en á fyrirtækjasviði okkar liggur nú gríðarleg þekking og reynsla. Í dag rekum við sex verslanir um allt land og það er óhætt að segja að okkur hafi alls staðar verið tekið vel."

Gunnar segir að Tölvulistinn leggi sig fram um að vera með breitt úrval af öllu sem tengist tölvum, hvort sem það er algeng söluvara eða mjög sérhæfður búnaður. „Úrvalið af fartölvum hjá okkur er það mesta sem þekkist á landinu og erum við núna með yfir 50 mismunandi módel á lager og því ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Til að geta boðið slíkt úrval vinnum við náið með stórum framleiðendum eins og Toshiba, Acer, MSI, Asus, Western Digital, Logitech, Corsair, Epson, Philips, Coolermaster og Dvico svo fáeinir séu nefndir."




**● TOSHIBA TECRA-TÖLVUR FYRIR FYRIRTÆKIN** Tecra-vélarnar frá Toshiba eru hannaðar fyrir athafnafólk sem vill aðeins það besta til að nota við sína vinnu. Tecra-fartölvur þola meira, endast lengur og henta vel þeim sem eru mikið á ferðinni og treysta á búnaðinn sinn. Tecra-vélar eru sérstaklega hentugar fyrir kerfisstjóra eða tæknideildir fyrirtækja þar sem einfalt er að staðla uppsetningar og viðhald. Hafið samband við fyrirtækjasvið Tölvulistans og kynnið ykkur Tecra-fyrirtækjavélarnar frá Toshiba.

**● GÓÐAR FERMINGARTÖLVUR Á SÉRSTÖKU TILBOÐI** Tölvulistinn er með mikið úrval af fartölvum á sérstöku tilboði yfir fermingarnar. Fólk hefur misjafnan smekk og er mikið lagt upp úr því að í Tölvulistanum geti allir fundið sér fartölvu við sitt hæfi. Kröfur sem unga fólkið gerir til tölvunnar sinnar eru mjög mismunandi. Sumir vilja hafa þær flottar og nettar, aðrir leggja meira upp úr því að hafa þær öflugar fyrir leikina. Komið og skoðið úrvalið, við tökum vel á móti ykkur. *www.tolvulistinn.is*








„Fyrir tveimur árum var biðtíminn á verkstæði þrjár vikur, en undanfarnar vikur hefur biðtíminn verið einn dagur," upplýsir Bjarni stoltur. MYND/ANTON

# Fólk á öllum aldri kaupir MacBook

**MacBook-fartölvan frá Apple á síauknum vinsældum að fagna. Gæði tölvunnar spilar þar sterkt inn í en einnig bætt þjónusta hjá Epli.is, umboðsaðila Apple á Íslandi, sem rekur verkstæði og verslun á Laugavegi 182.**

„Alls konar fólk kaupir MacBook. Unga fólkið hefur lengi kosið Apple en undanfarið höfum við fundið fyrir auknum áhuga frá eldra fólki," segir Bjarni Ákason, framkvæmdastjóra Epli.is, umboðsaðila Apple á Íslandi. Hann segir fyrirtæki einnig í meiri mæli nota McBook. „Það er greinilegt að þeir sem stjórna netkerfum fyrirtækja hafa uppgötvað kosti þessara tölva." Hann bætir við að grafíski heimurinn allur hafi lengi verið hrifinn af Apple enda tölvurnar kjörnar til myndvinnslu af ýmsu tagi.



Epli.is rekur glæsilega verslun að Laugavegi 182, en einnig má kaupa Apple-tölvur víðar, eins og í Elko, Fríhöfninni, á Akureyri, Akranesi, í Borgarnesi og Reykjanesbæ.

MacBook kemur í nokkrum útfærslum. Helstu nýjungarnar er að finna í MacBook Pro. „Hún er til dæmis með nýtt ofurtengi, Thunderbolt, sem styður allt að 10Gbps hraða í báðar áttir. Þannig verður allur gagnaflutningur mun hraðari. Þá er í tölvunum FaceTime sem er innbyggð vefmyndavél í HD upplausn, öflugt skjákort frá AMD og nýjustu örgjörvarnir frá Intel," útlistar Bjarni. Hann segir bilanatíðni í tölvunum lága vegna þess að sami framleiðandi búi til bæði stýribúnað og vélbúnað sem sé ekki raunin hjá öðrum tölvumerkjum.

Bjarni segir að fyrirtækið hafi gert átak í því að bæta þjónustuna að undanförnu. „Fyrir tveimur árum var biðtíminn á verkstæði þrjár vikur, en undanfarnar vikur hefur biðtíminn verið einn dagur," upplýsir hann stoltur. „Þá ætlum við að vera með opna þjónustu í versluninni okkar," segir hann. Opna þjónustan snýst um að tæknimaður verður í versluninni og fólk getur því komið til hans og fengið aðstoð. „Margt af því sem amar að tölvum er smávægilegt og tekur örstuttan tíma að ráða fram úr," segir Bjarni og telur þessa þjónustu vera algera nýjung á íslenskum markaði.

# iPad er framtíðin



Vinsældir iPad-tölvunnar eru gríðarlegar. Til marks um það er tölvan löngu uppseld hjá Epli.is og fleiri hundruð manns sem bíða óþreyjufullir. „Við vitum að við fáum mjög mikið magn fyrir páska, og ættum að anna eftirspurn," segir Bjarni Ákason Epli.is.

En af hverju stafa þessar vinsældir? „iPad er einfaldlega framtíðin," svarar Bjarni og heldur áfram. „Notkunin er allt önnur en í fartölvunum. Í stað lyklaborða og músa notar fólk fingurna á snertiskjá sem gerir notendaviðmótið mun einfaldara," segir hann. Þannig eru börn og eldra fólk mun fljótari að ná tökum á iPad en venjulegum fartölvum að sögn Bjarna. Þá telur hann einnig upp sem kost það mikla magn forrita sem sé að finna í iPad enda séu þau nú þegar orðin í kringum 100 þúsund og möguleikarnir óþrjótandi.

„Ég trúi því að eftir fimm ár verðum við öll farin að vinna á svona tölvur," segir Bjarni og tekur fram að iPad sé enda töluvert umhverfisvæn vél þar sem hann leysir pappír af hólmi.




## MacBook 13"

2,4GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
Aðeins 2,13 kg

**Verð: 169.990.-**



## MacBook Air 11,6"

Intel Core 2 Duo örgjörvi
2GB innra minni
64GB SSD diskur
Aðeins 1,32kg og 0,3-1,7cm þunn

**Verð: 169.990.-**



## MacBook Pro 13,3"

2,3GHz tveggja-kjarna Intel i5 örgjörvi
4GB innra minni
320GB harður diskur
Aðeins 2,04kg

**Verð: 219.990.-**

epli.is

Laugavegi 182, sími 512 1300
Opið 10-18 virka daga og 12-16 lau. | **www.epli.is**


**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462og Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429.


Jórunn Björk Magnúsdóttir, verslunarstjóri BT í Skeifunni, segir fyrirtækið bjóða helstu vörumerki í fartölvum í dag. MYND/STEFÁN

# Gæði og fjölbreytt úrval

**Verslanir BT í Skeifunni í Reykjavík og á Glerártorgi á Akureyri bjóða fjölbreytt úrval fartölva og aukahluta á góðu verði.**

„Við leggjum mikla áherslu á gott vöruúrval í verslunum BT," segir Jórunn Björk Magnúsdóttir, verslunarstjóri BT í Skeifunni. „Okkar markmið er að viðskiptavinir okkar finni þá fartölvu sem þeir leita að hjá okkur, á góðu verði. Og að sjálfsögðu leggjum við einnig áherslu á að hafa gott úrval af öllum aukahlutum sem þarf, eins og til dæmis mýs, lyklaborð, töskur, flakkara, minnislykla, prentara og svo framvegis."

Jórunn segir að helstu vörumerki BT í fartölvum í dag séu Samsung, HP og Packard Bell. „En auðvitað bjóðum við einnig upp á önnur þekkt vörumerki eins og til dæmis Acer, Asus og fleira."

Að sögn Jórunnar eru fartölvurnar frá Samsung að koma mjög sterkar inn um þessar mundir, en þar er náttúrulega um að ræða mjög góðar og vandaðar vörur frá einum stærsta og virtasta framleiðanda á raftækjum í heiminum í dag. „Starfsfólk BT ráðleggur svo fólki með tölvukaupin, því auðvitað er nauðsynlegt að vanda valið vel og velja réttu tölvuna fyrir þá notkun sem höfð er í huga hverju sinni," segir Jórunn að lokum og bætir við að auðvitað létti það einnig mörgum kaup á fartölvu að BT bjóði upp á vaxtalausar raðgreiðslur til allt að níu mánaða.

Verslanir BT eru í Skeifunni 11 í Reykjavík og í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi á Akureyri. Opið er til 22 alla daga í BT í Skeifunni.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu BT, www.bt.is.






**● AF HVERJU FRJÓSA TÖLVUR** Ýmsar ástæður eru fyrir því að tölvur frjósi. Greint er frá eftirfarandi á vefsíðunni trassi.is: Hugsanlega er minni tölvunnar það lítið að hún ræður illa við þegar mörg forrit eru opin í einu. Þá frýs hún. Gott er að slökkva á nokkrum þeirra og sjá hvort hún hrekkur ekki aftur í gang. Stundum rekst vefskoðarinn á forrit sem hann ræður ekki við. Þá gefst hann upp, slekkur á sér og stundum tölvunni í leiðinni. Loks getur ýmislegt farið úrskeiðis þegar tölvan er fyrst sett saman. Til dæmis geta sumir fylgihlutir passað illa við tölvuna, líkt og geislaspilarar, sem getur valdið því að hún frýs.



**● ORÐIÐ TÖLVA** Þegar búa þurfti til íslenskt orð yfir enska heitið computer varð orðið tölva fyrir valinu. Í desember árið 1964 eignaðist Háskóli Íslands fyrstu tölvu sína, af gerðinni IBM 1620. Sigurði Nordal prófessor er eignað íslenska orðið tölva sem hann setti fram 1965. Fram að því höfðu menn notast við orðið rafeindareiknir.

*Heimild: visindavefur.hi.is*



**● MAÐURINN BAK VIÐ MÚSINA** Tölvumús eða mús er miðunartæki í tölvu sem er hannað til að nema tvíviðar hreyfingar hennar á yfirborðinu fyrir neðan. Bandaríski rafmagnsverkfræðingurinn Douglas Engelbart er maðurinn á bak við tölvumúsina en hana kynnti hann til sögunnar á ráðstefnu í San Francisco árið 1968. Nafn hennar er leitt af útliti forvera nútímamúsarinnar sem þótti minna á samnefnt nagdýr. Engelbert eru eignaðar fleiri uppfinningar í tengslum við tölvur, en músin þykir áhrifamest.

*Heimild: wikipedia.org*

# Bæði lipur og létt í lófa

**Lipur og skemmtileg. Þannig lýsir Skúli Hersteinn Oddgeirsson, verslunarstjóri hjá Samsung setrinu, fyrstu kynslóð spjaldtölvu Samsung.**


Skúli Hersteinn Oddgeirsson, verlsunarstjóri hjá Samsung setrinu, með eintak af Galaxy Tab-tölvu sem býður upp á ýmsa möguleika. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samsung setti litla og netta spjaldtölvu, Galaxy Tab, á markað í fyrra. Orð hefur verið haft á því að hún taki sambærilegum tölvum fram í gæðum.

„Enda er þetta mögnuð græja sem býr yfir óteljandi möguleikum," segir Skúli, verslunarstjóri Samsung setursins, Síðumúla 9. Hann lýsir eiginleikunum nánar. „Þetta er mjög lipur tölva, ekki nema 380 grömm og með 7 tommu snertiskjá og fellur því vel í lófa. Það er því leikur einn að halda á henni í annarri og pikka á hana með hinni og svo er hægt að geyma hana í brjóstvasanum meðan hún er ekki í notkun." Hann segir að í gegnum hana megi nálgast milljónir bóka, blaða og tímarita, og yfir 100 þúsund forrit og leiki. Úrvalið fari ört vaxandi.

Galaxy Tab keyrir að auki á Android-stýrikerfinu frá Google, er með 512 MB vinnsluminni og 16 GB disk (sem hægt er að stækka). Tölvan er með micro SD korta rauf sem tekur allt að 32 GB. „Tölvan styður við Flash, þannig að einfalt er að skoða heimasíður, og 3G og er útbúin tveimur myndavélum, einni 3 MP að aftan og annarri 1,3 MB að framan. Með aftari vélinni er hægt að taka upp myndbönd í háskerpu og sú fremri, sem er 1,3 M Pixla, er fyrir myndsamtöl. Þá er örgjafinn 1 GHZ sem er einstaklega gott," bendir Skúli á og bætir við að tölvan sé auk þess búin GPS-staðsetningatæki. „Og meðan ég man, þá er hægt að nota hana sem síma. Þannig að allt til alls fylgir," segir hann og hlær.

Fyrir sumum kunna þessar upplýsingar að virðast svolítið ruglingslegar en Skúli segir Galaxy Tab-spjaldtölvuna einstaklega auðvelda í notkun. „Þetta er bara allt saman spurning um að venjast því að nota snertiskjá í stað lyklaborðs. Þegar menn eru komnir upp á lagið með það þá er þetta leikur einn."

# Þriggja ára ábyrgð á rafhlöðum

**Það er óhætt að segja að tölvuframleiðandinn Dell hafi ávallt fylgt samtímanum og jafnvel verið skrefi á undan. Nú býður Dell upp á þriggja ára ábyrgð á rafhlöðum í nýjustu útgáfum af Latitude E-fyrirtækjalínunni.**

„Dell er fyrsta tölvufyrirtækið sem býður upp á þriggja ára ábyrgð á rafhlöðunni en við höfum einnig í rúmt ár boðið upp á fimm ára ábyrgð á varahlutunum," segir Bjarni Þór Sigurðsson, sölustjóri vörulausna hjá EJS. „Dell skilur að tæknin er orðin hluti af lífi starfsmanna bæði í vinnu og tómstundum. Starfsmenn nota tölvuna jafnt í ritvinnslu og bókhaldi í vinnunni, þeir nota samskiptaforrit á borð við Skype í tölvunni og tjá sig á samfélagsmiðlum eins og á bloggi, Twitter og Fésbókinni. Til þess að koma til móts við breyttar þarfir eru Latitude-fyrirtækjatölvurnar með vefmyndavélum og hljóðnemum auk þess sem tölvurnar veita öflugan stuðning við þráðlaus net þannig að starfsmenn geta alltaf verið í sambandi. Þetta er það sem markaðurinn er að kalla eftir og Dell-tölvurnar sameina þetta allt."

Bjarni segir að sömu rafhlöður gangi í alla E-línunna. „Það er svo hægt að bæta við rafhlöðum bæði undir tölvurnar og einnig er hægt að taka út geisladrifið og bæta þar við rafhlöðu til þess að fá enn lengri endingu. Það tekur rafhlöðuna aðeins klukkutíma að ná 80% hleðslu. Slíkt getur verið mjög hentugt ef fólk er til dæmis á leið í nokkurra tíma flug en á ef til vill lítið eftir af rafhlöðunni." En það er ekki aðeins endingargóð rafhlaða og meiri ábyrgð sem er einkennandi fyrir Dell-fartölvurnar. Í þeim eru nýjustu Intel-örgjörvarnir, hægt er að fá skjáina í stærðum frá 12" til 15", og einnig er grindin og hjarirnar enn sterkari en áður.


„Dell er fyrsta tölvufyrirtækið sem býður upp á þriggja ára ábyrgð á rafhlöðunni en við höfum einnig í rúmt ár boðið upp á fimm ára ábyrgð á varahlutunum," segir Bjarni Þór Sigurðsson, sölustjóri vörulausna hjá EJS. MYND/GVA

Bjarni segir að íslensk fyrirtæki geri miklar öryggiskröfur til tölva. „Við bjóðum upp á ýmsar lausnir. Latitude-vélarnar eru með fallvörn, fingrafaralesara og ýmsa fleiri öryggisþætti. Þá eru vélarnar tilbúnar fyrir rafræn skilríki en þau eru sífellt að verða útbreiddari hér á landi. Að lokum má ekki gleyma útlitinu, það er stíll yfir því. Dell eru litaglaðir í fartölvunum. Þær eru ekki aðeins til í svörtu heldur í ýmsum öðrum litum."

EJS sameinaðist um síðustu áramót SKÝRR en það er í dag stærsta upplýsingafyrirtæki landsins og áttunda stærsta fyrirtækið á Norðurlöndunum í sínum geira. „Það má segja að við komum við sögu hjá hverjum einasta landsmanni á hverjum degi í okkar rekstri í upplýsingageiranum og það er bæði skemmtilegt og krefjandi verkefni," segir Bjarni Þór.

# Smáar en knáar og **meðfærilegar**

**Samsung-tölvur hafa meðal annars þann kost að bila mjög sjaldan að sögn Kjartans Gústavssonar sölumanns í Ormsson. Hann segir fartölvur verða minni og minni að umfangi en æ öflugri tæknilega.**

„Samsung er aðalmerkið hjá okkur í fartölvunum. Þær hafa verið að koma mjög vel út hvað varðar lága bilanatíðni, eftir því sem fram kemur á netinu hjá óháðum dómurum," segir Kjartan Gústavsson, sölumaður í Ormsson. Hann segir vélarnar að sjálfsögðu ávallt koma með nýjasta stýrikerfinu hverju sinni, núna sé það Windows 7. Spurður út í forritin sem fylgi þeim svarar hann: „Þetta er misjafnt eftir vélum. Sumar koma núna með Trial-útgáfu af Office sem notandinn getur prófað í ákveðinn tíma áður en hann ákveður hvort hann vilji kaupa það, aðrar eru með önnur afbrigði af Office sem fylgir tölvunni. Ég get nefnt Work sem er frá Microsoft líka."

Annars segir Kjartan lítið um nýjungar innan fartölvugeirans nema hvað þær verði alltaf minni og minni og öflugri og öflugri en þó á sambærilegu verði og áður. Er sem sagt endalaus þörf fyrir meiri kraft? „Það eru fyrst og fremst tölvuleikirnir sem gera alltaf kröfur um öflugri vélar en hin hefðbundna heimilisnotkun gerir það ekki," upplýsir hann.





Hvað um skólafólkið? Vill það eitthvað sérstakt? „Litlu vélarnar sem eru með 10,1 tommu skjá eru mjög vinsælar meðal skólafólks. Þær eru svo léttar og meðfærilegar í alla staði og vinnslugeta þeirra mikil," svarar Kjartan og bætir við að minnstu tölvurnar þyki líka eftirsóknarverðar fyrir þá sem eru mikið á ferðinni.

Sú vél sem best selst sem fermingargjöf þetta vorið er 15,6 tommu tölva að sögn Kjartans enda er fólk þar að fá fína vél á hagstæðu verði. „Við höfum verið að bjóða vélar frá 79 þúsundum og upp úr. Svo fer það eftir því í hvað á að nota tölvurnar hvað við ráðleggjum fólki að kaupa," segir hann.

Að lokum berst talið að litum. „Algengustu litirnir í tölvunum eru silfraðir, rauðir, hvítir og svartir," upplýsir Kjartan og tekur fram að þá sé átt við lokið en yfirleitt séu þær með dökkt eða silfrað lyklaborð.


„Það fer eftir því í hvað á að nota tölvurnar hvað við ráðleggjum fólki að kaupa," segir Kjartan Gústavsson, sölumaður hjá Ormsson. MYND/GVA




Pitstop er með þrjár þjónustustöðvar, að Dugguvogi 10 í Reykjavík og svo á tveimur stöðum í Hafnarfriði, að Hjallabraut 4 og Rauðhellu 11. MYND/GVA

# Gott verð og frábær greiðslukjör hjá Pitstop

**Pitstop býður upp á víðtæka þjónustu við bíleigendur, bæði við almenning og atvinnubílstjóra. Pitstop leitast við að bjóða upp á flest af bestu og ódýrustu tegundunum sem finnast á heimsmarkaði hverju sinni.**

Sagan á bak við nafnið Pitstop, sem er sex ára gamalt fyrirtæki, er svolítið skemmtileg. „Í heimi akstursíþrótta þýðir merkið pitstop örstutt pása og ökumaðurinn fær tækifæri til þess að anda á meðan bíllinn er yfirfarinn og skipt er um dekk,“ Segir Sigurður Ævarsson, sölustjóri Pitstop. Hann segir fyrirtækið vinna eftir sömu formúlu. „Viðskiptavinir njóta hvíldarinnar á Pitstop Café, kíkja í blöðin eða á netið og krakkarnir dunda sér í leikhorninu á meðan við sjáum um bílinn. Við erum með þrjár þjónustustöðvar, að Dugguvogi 10 í Reykjavík og svo á tveimur stöðum í Hafnarfriði, að Hjallabraut 4 og Rauðhellu 11.“



Sigurður Ævarsson

Sigurður segir Pitstop leggja áherslu á gott verð og frábær greiðslukjör, hvort sem fólk sé að kaupa sér dekk fyrir sumarið eða veturinn. Lánin eru vaxtalaus í allt að sex mánuði. „Við viljum koma eins langt til móts við viðskiptavininn og við getum. Við erum framsækið fyrirtæki og teygjum okkur alltaf lengra eins og að flytja inn umhverfisvæn dekk. Þau vörumerki sem við erum með í dekkjum eru á heimsmælikvarða en á meðal framleiðenda eru Interstate sem framleiða fyrsta flokks fólksbíladekk ásamt sendibíla- og jeppadekkjum en Interstate leggur mikið upp úr umhverfisvænum framleiðsluaðferðum svo sem Clean Oil. Dekkin frá Interstate eru sérlega hljóðlát og þýð í akstri. Í jeppadekkjum erum við með ásamt Interstate Bf Goodrich, Mastercraft, NITTO, Ground Hawgs,“ segir Sigurður og fipast ekki í upptalningunni. „Við flytjum einnig inn vörubíladekk en þar býður Pitstop upp á hin frábæru Hanksugi, sóluð dekk í öllum stærðum fyrir sendi- og vörubíla.“ Og enn stækka dekkin sem fyrirtækið flytur inn því í vinnuvéla-, landbúnaðardekkjum og fjórhjóladekkjum er boðið upp á frábær og ódýr dekk frá indverska framleiðandanum BKT.




Viðskiptavinir Pitstop geta notið hvíldarinnar á Pitstop Café, kíkt í blöðin eða á netið og krakkarnir dundað sér í leikhorninu á meðan starfsmenn sjá um bílinn.

„BKT er sérlega öflugur framleiðandi, varan er í hæsta gæðaflokki en verðið er einstaklega gott. Við höfum tryggt okkur einkaumboð á þessu frábæra vörumerki.“

Á hverjum tíma er Pitstop með í gangi tilboð á ýmsum gerðum dekkja, jafnt undir fólksbíla, jeppa sem og stærri bíla. „Viðskiptavinir geta leitað upplýsinga hjá starfsmönnum Pitstop um þau tilboð sem eru í gangi þá og þá stundina og hvort þar sé ekki eitthvað sem falli að þeirra þörfum,“ segir Sigurður Ævarsson og bendir á heimasíðuna www.pitstop.is.

INTERSTATE CLEAN OIL

Góð kaup í umhverfisvænum, hljóðlátum og öruggum dekkjum.



HANKSUGI HS38

Ódýr en sterk og góð vörubíladekk, rásföst, í allan akstur.






BKT AGRIMAX 657

Einstök gæði, frábært verð, bestu kaupin.

www.pitstop.is pitstop

Rauðhellu 11, Hfj. ☎ 568 2035
Hjallahrauni 4, Hfj. ☎ 565 2121
Dugguvogi 10 ☎ 568 2020



● **NÝJAR MERKINGAR Á DEKKJUM** Nú ætlar Evrópusambandið að auðvelda fólki að velja sér hjólbarða með því að innleiða frá og með næsta ári nýjar og auðlæsilegar merkingar á hjólbarða. Þessar nýju merkingar eiga að sýna í sjónhendingu mótstöðu dekkja, hversu hávaðasöm þau eru og síðast en ekki síst hemlunareiginleika þeirra á votum vegi. Nýju merkingarnar verða á áberandi límmiðum sem festir verða við nýja hjólbarða.

Töluvert hefur, undanfarin ár, borið á hjólbörðum á markaði í Evrópu sem eru mjög ódýrir og er oftast um að ræða hjólbarða sem tæpast uppfylla lágmarks öryggiskröfur. Sum þessara dekkja hafa einfaldlega reynst hræðilega og jafnvel átt það til að hvellspringa á fullri ferð. Vonast er til að nýju merkingarnar muni með tímanum útrýma lélegustu hjólbörðunum af markaðinum.

Nánar má fræðast um málið á heimasíðu FÍB fib.is.


DEKK
ARCTIC TRUCKS
arctictrucks.is

Mikið úrval
af jeppadekkjum
í stærðum 33-44".
Ódýr og góð
þjónusta - lítil bið.

Kíktu í heimsókn!

MÍKRÓSKURÐUR!
kr. 7.900,- GANGURINN
STÆRÐIN SKIPTIR EKKI MÁLI!
Gildir þegar keyptur er dekkjagangur






Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík
Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is





**„Við bjóðum dekk undir flestar gerðir jeppa og jepplinga," segir Gunnar Haraldsson, verslunarstjóri hjá Arctic Trucks.** MYND: STEFÁN

# Arctic Trucks

## – miðstöð allra jeppamanna

„Okkar helsta einkenni í dekkjum er AT-405, 38 tommu dekk sem við látum framleiða eftir okkar eigin hönnun," segir Gunnar Haraldsson, verslunarstjóri hjá Arctic Trucks Kletthálsi 3. „Þetta er mest selda 38 tommu dekkið á landinu í dag, heilsársdekk sem menn geta notað allt árið, en er auðvitað neglanlegt líka. Mynstrið á því er hannað til að bæta grip og endingu, auk þess sem það er mjög hljóðlátt. Þetta er stórt jeppadekk sem hentar ekki síst þeim sem vilja ferðast um hálendið á veturna."

Arctic Trucks sérhæfir sig í þjónustu við stóra fjallatrukka og hafa 44 tommu Dick Cepek-dekkin verið afar vinsæl í gegnum tíðina.

„Þetta dekk hefur verið á markaði hér í áraraðir en er í dag sérstaklega framleitt fyrir okkur," segir Gunnar. „Arctic Trucks notar það meðal annars undir alla þá bíla sem við framleiðum til að sinna verkefnum á Suðurskautslandinu, og hafa þau reynst einstaklega vel við þær erfiðu aðstæður sem menn og tæki þurfa að glíma við þar."

„Þótt Arctic Trucks sé kannski þekktast fyrir þjónustu við stóra og mikla fjallajeppa, þá bjóðum við dekk undir flestar gerðir jeppa og jepplinga," segir Gunnar. „Hjá okkur er alltaf heitt á könnunni fyrir þá sem vilja koma og kynna sér þá þjónustu sem við höfum upp á að bjóða eða fræðast um ferðamennsku á jeppum."

● **ÁÐUR EN LAGT ER AF STAÐ:**



Þegar halda á í langferð á bílnum er gott fara yfir nokkur atriði:

**Vökvar**
- Athuga stöðu kælivatns, bremsuvökva, stýrisvökva, rúðuvökva og olíu og bæta við ef með þarf.

**Dekk**
- Athuga hvort varadekk sé í lagi og allur fylgibúnaður til að skipta ef dekk springur.

**Loftþrýstingur**
- Athuga loftþrýsting í dekkjum og varadekki.

**Ljósabúnaður**
- Yfirfara ljósabúnað og endurnýja perur þar sem þörf er á, þar á meðal ljósa- og glitmerkjabúnað eftirvagna.

**Rúður**
- Þrífa rúður vel, innan sem utan, og endurnýja þurrkublöð ef með þarf.

**Varahlutir**
- Hafa meðferðis nauðsynlegan búnað s.s. viftureim, perur, dráttartaug, nauðsynlega vökva, rakaeyði á brúsa fyrir kveikjukerfi, bensínbrúsa, verkfærasett, startkapla, sjúkrakassa, teppi, lítið handslökkvitæki, hlífðarvettlinga o.fl.

**Eftirvagn**
- Eftirvagn má ekki vera þyngri en skráningarskírteini bílsins segir til um. Enn fremur eru vagnar skráningarskyldir sem eru yfir 750 kg að leyfðri heildarþyngd og allir tjaldvagnar, fellihýsi og hjólhýsi. Eftirvagnar eða tengitæki sem eru yfir 750 kg þurfa að vera með hemlum. Allir eftirvagnar/tengitæki þurfa að vera með afturljós, stefnuljós og hemlaljós. Þyngd eftirvagnsins má heldur ekki fara yfir þau mörk sem tengibúnaðurinn segir til um.

**Speglar**
- Fyrir akstur þarf að þrífa og stilla spegla vel svo að sjónsvið ökumanns sé sem best. Varast ber að skyggja á baksýn með farangri við afturrúðu. Ef dreginn er eftirvagn, tjaldvagn, hjólhýsi eða annað sem hindrar baksýn verður að hafa spegla á framlengdum örmum svo ökumaður sjái aftur með eftirvagninum.

*www.us.is*

● **GERVIHLJÓÐ SETT Í RAFBÍLA**

Hljóðlátir bílar á borð við rafbíla þykja orðið hættulega hljóðlátir, eftir því sem fram kemur í frétt á www.fib.is. Þar segir að Volvo, sem nú vinni hörðum höndum að þróun rafbíla, hafi meira að segja sett upp sérstaka deild sem vinnur að því að búa til hljóðgjafa og „gervihljóð" fyrir væntanlega rafbíla Volvo.

Japönsk yfirvöld hafa hvatt bílaverksmiðjurnar til að búa til hljóðkerfi sem í heyrist þegar bílunum er ekið undir 25 km hraða. Obama Bandaríkjaforseti gengur lengra því að hann hefur fengið samþykkt lög, sem taka gildi 2014, um að í bílunum skuli heyrast þegar þeim er ekið. Ástæða þessa er sú að rafbílar hafa valdið slysum. Þau verða þannig að gangandi og hjólandi vegfarendur sem eru vanir því að í bílum heyrist og að treysta heyrninni ekkert síður en sjóninni, heyra ekkert bílahljóð og verða fyrir hljóðlausum rafbíl.






● **DEKKIN ENDURNÝTT** Talsvert er um að dekk séu endurnýtt eftir að þau hafa þjónað gildi sínu undir ökutækjunum. Þau hafa til dæmis verið notuð sem hreiðurstæði fyrir æðarfugl, þar sem hlúð er að varpi hans og hægt er að fóðra með þeim hrútastíur svo þeir hafi eitthvað þægilegt að hnubba í. Að sögn Más Karlssonar hjá Úrvinnslusjóði eru dekk líka tætt niður og notuð í gúmmímottur.


Við bjóðum
frábært verð
Umfelgun
á fólksbíl 5490.-
Umfelgun
á smájeppa 6490.-
Til eldri borgara:
Umfelgun
á fólksbíl 4900.-
Umfelgun
á smájeppa 5900.-






VDO
Borgardekk
Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

Betra Púst
- Almennar pústviðgerðir og sérsmíði
- Þjónusta f. stóra bíla
- Bílrúðuísetningar
- Bílrúðuviðgerðir
- Góð og örugg þjónusta





SKÓGARHLÍÐ 10, REYKJAVÍK
Sími: 555 7070
www.betrapust.is
betrapust@betrapust.is
Betra púst ehf
Skógarhlíð 10
105 Reykjavík



Fyrsta bifreiðin á Íslandi reyndist of kraftlaus.

**FYRSTI BÍLLINN Á ÍSLANDI** 1903 veitti Alþingi Ditlev Thomsen, konsúl og kaupmanni, styrk að upphæð 2.000 krónur til að gera tilraunir með hvort hægt væri að nota bifreiðar á vegum hér á landi. Bifreiðin kom til landsins 1904 og var notuð á götum Reykjavíkur. Einnig var henni ekið til Hafnarfjarðar, Eyrarbakka og Stokkseyrar. Hún reyndist ekki vel, bilaði oft og var of kraftlítil til að komast upp brattar brekkur. Hún var send úr landi aftur.



**SKIPT UM DEKK**
Þegar springur á bílnum er gott að geta bjargað sér, enda ekki sjálfgefið að einhver annar bjóðist til að aðstoða. Á vef Umferðarstofu eru gefin góð ráð varðandi hjólbarðaskipti.

**1.** Setjið bílinn í gír og handhemilinn á og steina við hjól ef þörf krefur.

**2.** Setjið viðvörunarþríhyrninginn 50-100 m fyrir aftan bílinn.

**3.** Takið hjólkoppinn af og losið um allar felgurærnar, en takið þær ekki af.

**4.** Náið í varahjólbarðann og tjakkinn. Stillið tjakknum undir bílinn. Upplýsingar um hvar hann er og hvar á að setja hann undir eru í eigandahandbókinni.

**5.** Lyftið bílnum þar til hjólbarðinn, sem skipta á um, er í lausu lofti.

**6.** Skrúfið felgurærnar af og takið sprungna hjólbarðann undan.

**7.** Setjið varahjólbarðann undir og skrúfið rærnar á – sú hlið róarinnar sem er með úrtakinu (kóniska hliðin) á að snúa að hjólbarðanum (felgunni). Herðið rærnar á misvíxl, þannig að felgan sitji rétt á.

**8.** Slakið bílnum niður, takið tjakkinn undan og herðið allar rærnar aftur. Setjið hjólkoppinn á.



Kristján Guðjón Bjarnason fer fyrir sveit vaskra manna á nýju dekkjaverkstæði Heklu. MYND/GVA

# Fullkomið dekkjaverkstæði

**Viðskiptavinir Heklu munu eiga von á góðu í apríl þegar þar verður opnað nýtt dekkjaverkstæði af fullkomnustu gerð.**

Hekla hefur um árabil boðið bifreiðaeigendum upp á framúrskarandi þjónustu. Til marks um það ætlar fyrirtækið að opna dekkjaverkstæði af fullkomnustu gerð í þessari viku.

„Hingað til höfum við rekið lítið dekkjaverkstæði með einum starfsmanni sem hefur varla haft undan við að sinna vaxandi eftirspurn eftir þjónustu. Við ákváðum því að blása til sóknar með því að opna stærra verkstæði og þannig koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar, sem geta nú komið beint inn af götunni án þess að panta tíma,“ segir Kristján Guðjón Bjarnason, verkefnastjóri dekkjaverkstæðis Heklu.

Nýja verkstæðið er í portinu aftan við Heklu á Laugavegi 170-174, þar sem fyrir er smurstöð. „Hekla býður nú upp á alhliða bílaþjónustu; viðgerðaverkstæði, fullkomna smurstöð og svo núna fullkomið dekkjaverkstæði,“ segir Kristján og lýsir þjónustunni nánar. „Við sinnum öllum almennum dekkjaviðgerðum; umfelgum, jafnvægisstillum, veitum ráðgjöf við val á dekkjum og seljum ný dekk frá nær öllum framleiðendum og tökum auðvitað vel á móti öllum gerðum bíla, bæði fólksbílum og jeppum og ekki bara tegundum sem Hekla selur,“ telur Kristján upp, en hann er enginn aukvisi og með áralanga reynslu að baki.

Loks getur Kristján þess að í apríl verði sérstaklega vel tekið á móti viðskiptavinum dekkjaverkstæðisins. „Já, við verðum með alls konar góð og spennandi tilboð í gangi út mánuðinn, sem eiga vafalaust eftir að nýtast fólki mjög vel. Þannig bjóðum við umfelgun á fólksbíla frá 2.990 krónum, svo dæmi sé nefnt.“

Umfelgun
frá 2.990 kr.
HEKLA



# Sumardekk í miklu úrvali

Sólning og Barðinn bjóða vönduð og örugg dekk frá Continental, Hankook, Nankang og Mastercraft.



HANKOOK

Continental

Mastercraft TIRES

NANKANG

Afgreiðslutímar í Sólningu, Smiðjuvegi og Barðanum, Skútuvogi

**Virka daga 8.00–18.00**
**Laugardaga 10.00–14.00**

**SÓLNING**

Kópavogur, Smiðjuvegi 68–70 | Sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12 | Sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2 | Sími 482 2722

**BARÐINN**

Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080

www.solning.is www.bardinn.is

# BÍLAR & FARATÆKI

Bílalíf



JEEP WRANGLER SAHARA 35". Árgerð 2008, ekinn 78.þ km, Sjálfskiptur,það fylgja orginal dekk og felgur. Verð 3.590.000. Rnr.243929.Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og laugardögum 12-16**
**www.bilalif.is**

HEIMSBÍLAR



MMC Pajero GLS dakar did. Árgerð 2005, ekinn 82 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. leður, AC, Mjög vel búinn bíll. Verð 4.150.000. Rnr.142742. BÍLLINN ER Á STAÐNUM.



AUDI A4 sedan 130 hö.. Árgerð 2004, ekinn 111 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. leður,ssk. Verð 2.190.000. Rnr.143036. MJÖG VEL ÚTBÚINN BÍLL, ER Á STAÐNUM

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

SUZUKI



Allir Suzuki utanborðsmótorar á lækkuðu verði og flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



LEXUS RX400h EXE. 6/2007, 17 þ.km, sjálfskiptur, dráttarkrókur. Verð 6.380.000. Rnr.121149.



TOYOTA Land Cruiser 150 GX. 2/2010, 30þ.km, dísel, sjálfskiptur, dráttarkrókur, topplúga, filmur. Verð 8.950.000. Nýr samskonar kostar 10.350.000. Rnr.115925.



TOYOTA Land Cruiser 120 VX. 9/2008, 46 þ.km, dísel, sjálfskiptur, dráttarkrókur. Verð 7.980.000. Rnr.121183.



TOYOTA Land Cruiser 120 VX. 1/2008, 78 þ.km, dísel, sjálfskiptur, sóllúga, grind+kastarar, dráttarkrókur. Verð 7.290.000. Rnr.121242.



TOYOTA Hilux d/c SR 3.0 35". 2/2008, 47 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, Webasto, heitklæðning, loftdæla. Verð 5.490.000. Rnr.115940.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18,**




Volvo V70 2,4T AWD, árg. 2/2000, ek. 172þús.km, sjálfskiptur, 194hö, leður, loftkæling, nýleg heilsársdekk, Flottur og vel með farinn, Ásett verð 1290þús. kr, áhv.488þús, Billinn er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Frábær fjölskyldubíll til sölu. Plymouth Voyager Base árg'96, sk'12. V. 312 þús. Uppl. í s. 861 9939



**Tilboð 870þ.**
Dodge Grand Caravan 3,3. Árg.2002 ek.111m. Góður 7 manna bíll. Uppl. í s. 6945078.



M. Pajero árg. '97. Dísel, ekinn 175 þús. Smurbók frá upphafi, álfelgur, nagladekk fylgja. Glæsilegt eintak! 300þ. Sími 864 1806.



**Frúarbíll**
Toyota Corolle S/D Terra 1600 árg '05, ssk. ek. 48 þ. sumardekk, vetradekk, álfelgur, smurbók, eingöngu ekið á malbiki. Einn eig. Verð kr. 1.690 þ. Uppl. 824-0440




Græn verðlækkun: Jeppar, pallbílar, fólksbílar. Nýjir frá verksmiðju METAN & BENSÍN. Umhverfisvæn tollalækkun. Tugir þúsunda sparast mánaðarlega í elsneyti. Fáðu kynningarbækling á islandus.com og reiknaðu dæmið til enda. Grænir leigubílstjórar spara yfir 100þús/kr á mánuði! Bílar frá öllum helstu framleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000

Benz E280 '96 ssk ek. 250þ.km sk. '12 án ath. Bíll í góðu standi. Ásett 800þús, fæst á mjög góðu stgr. verði. Uppl. 698 5023.

## 0-250 þús.

Renault megane,'98 árg. ssk., ekinn 160 þús.dráttarkrókur,2012 skoðun. v. 250þ.615 2929.

## Bílar óskast

**!!! 0-300þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 300þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma

659 9696.

Bílar óskast ekki eldri en árg.'98, greiðsla með viðskiptaneti. Skipti á Subaru árg.'98 vil fá dýrari bíl og greiði með viðskiptaneti. Uppl. í s. 693 0405 & 616 1170.

**Japanskur fólksbíll óskast, t.d. Toyota, Nissan, Honda eða MMC.**
Árg. 1998-2003. Vil helst bíl í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Get borgað 100-350 þúsund. Uppl. 772-5450.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



TIL SÖLU MAN 8-163. EKINN AÐEINS 159.000KM. LYFTA, BAKKMYNDAVÉL, WEBASTO MIÐSTÖÐ, HILLUREKKAR+BORÐ, KASSI ER 6,2M LANGUR BREMSUR NÝ YFIRFARÐAR, NÝ SKOÐAÐUR OG Í GÓÐU LAGI. Verð 1.950þ m-vsk Uppl. í s. 864 3560.

## Mótorhjól




## Reiðhjól







**Kría Hjól**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com

## Vinnuvélar



LEIGÐU LENGRI VINNUDAG! RAFSTÖÐVAR 4-160KW OG LJÓSAMÖSTUR MEÐ 220V ÚRTAKI. EINNIG DIESEL VATNSDÆLUR MEÐ 72m3/klst AFKSÖTUM. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Bátar

**Nýtt - Nýtt**
Grásleppuveiðimenn stál skurðaborð f. grásleppu, festist á tunnu. Heimavík, S. 892 8655. www.heimavik.is

## Bílaþjónusta

VAKA



Flytjum vinnuvélar og bifreiðar af öllum gerðum. VAKA SÍMI: 5676700

## Hjólbarðar

Til sölu lítið notuð sumardekk. Cooper 17", 245/65R17. Uppl. Sími: 866-6104

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smiðjuvegi 11 sími 661 5270.

**VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir**
**S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bilabúð, Suðurhella 10, Hfj.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacetti. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Garðyrkja










Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.




**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

**MINIGRAFA**
tilvalinn í garðinn gröfum fyrir öllu. Staurabor - Fleygur Fast verð eða tímavinna. Uppl. í síma 771 9800.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

## Vélaleiga

# Til leigu
**Bjóðum til leigu vel útbúnar hjólagröfur með rototilt og ýmsum gerðum af skóflum**



KRAFTVÉLALEIGAN



Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is


Sönglúðrar lýðveldisins flytja nýja tónlist eftir Áskel Másson á háskólatónleikum á miðvikudag.

## Sönglúðrar lýðveldisins í HÍ

Á háskólatónleikum miðvikudaginn 13. apríl flytja Sönglúðrar lýðveldisins nýja og nýlega tónlist eftir Áskel Másson. Kvintettinn skipa trompetleikararnir Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, Emil Friðfinnsson sem leikur á horn, Sigurður Þorbergsson sem leikur á básúnu og Tim Buzbee á túbu. Einnig leikur Frank Aarnink á víbrafón.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12.30 og verða í Hátíðarsal Háskóla Íslands í aðalbyggingu. Á afmælisári skólans er enginn aðgangseyrir að tónleikum og allir eru velkomnir.


Aukasýning á söngleiknum Mamma mia í Kópavogi í dag.

## Aukasýning á Mamma mia

Vegna mikillar aðsóknar hefur leikfélag Menntaskólans í Kópavogi bætt við aukasýningu á söngleiknum Mamma mia í dag klukkan 17.

Miðapantanir eru í síma 775 2883 og er síminn opinn frá 15.00 til 20.00. Miðaverð er 1.500 krónur. Þetta eru allra síðustu forvöð að sjá sýninguna því uppselt er á lokasýninguna annað kvöld.

Kolbrún Björt Sigfúsdóttir er leikstjóri sýningarinnar, Eva Rós Guðmundsdóttir er danshöfundur og Nína Jóhanna Madsen er tónlistarstjóri.


**VERÐLAUNAHAFAR** Þórunn og Megas hampa Rauðu hrafnsfjöðrinni í ár.

## Forvitnilegar kynlífssenur

Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir og Megas hlutu á dögunum verðlaunin Rauðu hrafnsfjöðrina fyrir bókina Dagur kvennanna – ástarsaga.

Lestrarfélagið Krummi stendur að baki verðlaunum sem eru árlega veitt rithöfundum fyrir forvitnilegar kynlífslýsingar. Þau voru fyrst veitt Eiríki Norðdahl fyrir Eitur fyrir byrjendur 2007. Elísabet Jökulsdóttir varð hlutskörpust fyrir Heilræði lásasmiðsins 2008. Hermann Stefánsson hreppti verðlaunin 2008 fyrir Algleymi og 2009 fékk Steinar Bragi Guðmundsson hana fyrir Himninninn yfir Þingvöllum.

Bergsveinn Birgisson, Sigurður Guðmundsson, Arnaldur Indriðason og Kári Tulinius voru einnig tilnefndir í ár.

# Hvernig er best að halda stjórnlagaþing?



Jon Elster, Robert K. Merton-prófessor í félagsvísindum við Columbia-háskóla í New York, heldur opinn fyrirlestur í Hátíðarsal Háskóla Íslands í dag klukkan 16 undir heitinu „Hvernig er best að halda stjórnlagaþing?“

Fyrirlesturinn er haldinn á vegum EDDU – öndvegisseturs í samstarfi við franska sendiráðið á Íslandi og innanríkisráðuneyti Íslands.

Jon Elster er í hópi fremstu félagsheimspekinga heims. Hann varði doktorsritgerð sína við Sorbonne-háskóla í París, þar sem hann vann undir leiðsögn Raymonds Aron. Hann er prófessor í félagsvísindum við Columbia-háskóla og heiðursprófessor við Collège de France í París. Hann hefur meðal annars hlotið Jean Nicod-verðlaunin. Framlag hans er á fjölmörgum sviðum félagsvísindarannsókna og hugmyndasögu. Elster hefur fjallað sérstaklega um stjórnarskrárfestu og pólitísk og lagaleg úrræði á umbreytingaskeiðum eftir stjórnkerfisbreytingar til dæmis í kjölfar byltinga, borgarastyrjalda eða annarra samfélagsáfalla. - fsb




Sumarið nálgast

Má bjóða þér landslagsráðgjöf?



Komdu og fáðu hugmyndir!

Hjá BM Vallá finnurðu úrval af hellum og hleðslusteinum til að fegra garðinn og umhverfið. Einnig ýmiskonar garðeiningar eins og bekki, blómaker, brýr, sorptunnuskýli og fleira.

Komdu í heimsókn til okkar á Breiðhöfðann. Þar geturðu gengið um garðinn okkar í Fornalundi og fundið margar spennandi hugmyndir, lausnir og útfærslur sem þú getur lagað að garðinum þínum á auðveldan hátt.

Við bjóðum fría ráðgjöf landslagsarkitekts.








PIPAR\TBWA • SÍA • 110859

Hafðu samband við söludeild BM Vallá og við aðstoðum þig við útfærslu hugmynda og efnisval.

BM Vallá ehf
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ

bmvalla.is

# Tangó sameinar

Tónlistarhópurinn Fimm í tangó heldur útgáfutónleika á morgun, miðvikudaginn 13. apríl klukkan 20.30 í Þjóðmenningarhúsinu. Tilefnið er nýr diskur með tangótónlist sem sveitin er að gefa út. Sá viðburður vafalaust fagnaðarefni öllum þeim sem unna tangó.

Fimm í tangó kom fyrst saman að frumkvæði Kristínar Lárusdóttur sellóleikara. Kristín hafði kynnst finnskri tangóhefð á námsárum sínum í Finnlandi og markmiðið með stofnun hópsins var að kynna hana fyrir Íslendingum.

Upphaflega spilaði hópurinn eingöngu finnskan tangó en ákvað fljótlega að leita eftir samstarfi við tónskáld í þeim tilgangi að fá sérsamin íslensk tangóverk til flutnings.

Kristín kveðst vonast til að fólk mæti á tónleikana í Þjóðmenningarhúsinu og eigi þar góða stund og telur ekki af veita eftir klofninginn í Icesave-kosningunni. „Það er aldrei að vita nema að tangóinn geti sameinað þjóðina aftur," segir hún brosandi.

- gun



**FIMM Í TANGÓ** Heldur tónleika í Þjóðmenningarhúsinu annað kvöld.

# Salka styrkir konur í nauðum

Bókaútgáfan Salka hefur frá upphafi látið sig varða um ýmis konar góðgerðamál, sérstaklega þegar þau lúta að konum. Á dögunum fengu Kvennaathvarfið og Mæðrastyrksnefnd bókagjöf frá Sölku. Kvennaathvarfið fékk fjölda eintaka af dagatalsbókinni Konur eiga orðið 2011 en ætlunin er að allar konur sem leita á náðir kvennaathvarfsins fái eintak af bókinni. Auk þess að vera hefðbundin dagatalsbók er að finna í henni teikningar, ljósmyndir og uppbyggileg orð; allt eftir konur.

Sama dag heimsótti starfsfólk Sölku Mæðrastyrksnefnd og færði þeim fjölmörg eintök af bókinni Út í birtuna. Bókin er ætluð skjólstæðingum Mæðrastyrksnefndar og er meðal annars tilvalin fermingargjöf. Í bókinni er að finna tilvitnanir í Biblíuna sem síðan er lagt út frá í texta eftir Arnfríði Guðmundsdóttur guðfræðiprófessor og myndum eftir listakonuna Æju – Þórey Magnúsdóttur.



**FRÁ KONUM TIL KVENNA** Á myndinni veita starfskonur Mæðrastyrksnefndar bókagjöfinni viðtöku en Halldór Bachmann afhenti bækurnar fyrir hönd Sölku.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Brynhildur Ingibjörg Vilhjálmsdóttir**

frá Brandaskarði, til heimilis að Árnastíg 8, Grindavík,

lést á heimili sínu, fimmtudaginn 7. apríl. Hún verður jarðsungin frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 15. apríl kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Sigurður Vilhelm Garðarsson**



†

*Minn yndislegi eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristófer Sturla Jóhannesson**

Stóragerði 36, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 15. apríl kl. 13.00.

**Þorbjörg Sveinsdóttir**
**Kristín Kristófersdóttir** **Jónas Jónasson**
**Guðrún Kristófersdóttir** **Javier Casanova**
**Jóhannes Kristófersson** **Berglind Björk Ásgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Minn elskaði sonur, eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Ragnar J. Ragnarsson**

lést laugardaginn 9. apríl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 20. apríl kl. 13.00.

**Stasía Jóhannesson**
**Steinunn Magnúsdóttir**
**Ragnhildur Ragnarsdóttir**
**Birgir Ragnarsson** **Hlíf Þorgeirsdóttir**
**Eyþór Ragnarsson** **Torfhildur Sigurðardóttir**
**Dennis D. Jóhannesson** **Hjördís Sigurgísladóttir**
**Linda Ragnarsd. Jóhannesson**
**Jónbjörn, Ragnar, Þórey, Irja, Rakel, Daníel Snær, Dagur Steinn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Vigdís Þormóðsdóttir**

Hvassaleiti 58, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 8. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 14. apríl kl. 13.00.

**Þormóður Sveinsson** **Sigríður H. Hjörleifsdóttir**
**Höskuldur Sveinsson** **Helena Þórðardóttir**
**Ásgerður Sveinsdóttir** **Hallgrímur Hólmsteinsson**
**Gunnhildur Sveinsdóttir** **Svanbjörn Thoroddsen**
**og barnabörn.**



†

*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Sigurðsson**

Staðarbakka 20,

verður jarðsunginn frá Áskirkju fimmtudaginn 14. apríl kl. 13.00.

**Jóhanna Stefánsdóttir**
**Stefán Ólafsson** **Ragnheiður Sumarliðadóttir**
**Sigurður Ólafsson** **Fjóla Agnarsdóttir**
**Anna Ólafsdóttir**
**barnabörn og langafabarn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Ingimarsdóttir**

andaðist á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri, föstudaginn 8. apríl. Útför hennar verður gerð frá Akureyrarkirkju mánudaginn 18. apríl kl. 10.30.

**Margrét Jóhannsdóttir**
**Ásgeir Sverrisson** **Helga Sigurðardóttir**
**barnabörn og langömmustelpurnar.**



†

*Innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát móður minnar, tengdamóður, ömmu okkar og langömmu,*

**Þórunnar Sigurjónsdóttur**

áður Hvassaleiti 58, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Skjóls fyrir einstaklega góða umönnun og umhyggju.

**Birna Garðarsdóttir** **Guðmundur Jónsson**
**og fjölskylda.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórdís Þorbergsdóttir**

Víðigerði 15, Grindavík,

áður til heimilis að Mávabraut 12d Keflavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 14. apríl kl. 14.00.

**Gunnar Páll Guðjónsson**
**Ingibjörg Gunnarsdóttir** **Geir Gunnarsson**
**Guðrún Gunnarsdóttir** **Ólafur E. Ólafsson**
**Þórdís Gunnarsdóttir** **Ómar Ásgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Baldur Þorsteinsson**

frá Bægisá, Stapasíðu 10, Akureyri,

lést 3. apríl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 15. apríl kl. 13.30.

**Unnur Herbertsdóttir**
**Þorsteinn Baldursson** **Ceniza Iris**
**Ingimar Þór Baldursson**
**Birgir Baldursson**
**afabörn og langafabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jónas Guðberg Ragnarsson**

hafnsögumaður, Aratúni 16 Garðabæ,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni laugardagsins 9. apríl. Útförin tilkynnt síðar.

**Marsibil Katrín Guðmundsdóttir**
**Ragnar Jónasson** **Sólveig Einarsdóttir**
**Ólafur Jónasson**
**Guðmundur Einisson** **Valgerður Gísladóttir**
**Óðinn Einisson** **Laufey E. Gunnarsdóttir**
**Björk Einisdóttir** **Valtýr E. Valtýsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Verslun
Ármúla 26

522 3000

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# SJÓNVARP MEÐ INNBYGGÐU DVD Í FERMINGARGJÖF

## 19”

**Salora LCD sjónvarp með DVD**
HD-Ready 1366 x 768 sjónvarp með innbyggðum digital tuner (DVB-T), CI-kortarauf og DVD-spilara. Gengur einnig fyrir 12 volt. Fæst í hvítu og svörtu.



tilboð 59.995
SALORA
1941dvx



## 24”

**Salora LCD sjónvarp með DVD**
Full HD 1920 x 1080 sjónvarp með innbyggðum digital tuner (DVB-T), CI-kortarauf og DVD- spilara. Gengur einnig fyrir 12 volt. Fæst í hvítu og svörtu.

SALORA
3161/2
tilboð 69.995

## 26”

**Mjög gott LCD HD Ready 1366 x 768 sjónvarp**
Með innbyggðum DVD-spilara og tveimur HDMI-tengjum.



tilboð 79.995
SALORA
3135



## 32”

**Mjög gott LCD HD Ready 1366 x 768 sjónvarp** Með innbyggðum DVD-spilara og tveimur HDMI-tengjum. Fæst í hvítu og svörtu.

tilboð 89.995
SALORA
3141

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 103233

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** stynja, **6.** frá, **8.** tala, **9.** fálm, **11.** frú, **12.** titill, **14.** fótmál, **16.** tónlistarmaður, **17.** af, **18.** farfa, **20.** tveir, **21.** útgáfunúmer tónverks.

**LÓÐRÉTT**
**1.** atorka, **3.** snæddi, **4.** freðmýri, **5.** eyrir, **7.** flutningaskip, **10.** kvenkyns hundur, **13.** hluti verkfæris, **15.** ekki margir, **16.** nögl, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** mása, **6.** af, **8.** tíu, **9.** pat, **11.** fr, **12.** príor, **14.** skref, **16.** kk, **17.** frá, **18.** lit, **20.** ii, **21.** ópus.
**LÓÐRÉTT: 1.** kapp, **3.** át, **4.** síffreri, **5.** aur, **7.** farskip, **10.** tík, **13.** orf, **15.** fáir, **16.** kló, **19.** tu.


LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is



FERMING 2011
+ Úrval gjafa á góðu verði

Puma Animagical fyrir herrann
Töff og stílhreinn herrailmur frá Puma í fjörugum umbúðum.
PUMA animagical herra
EDT 40 ml
2.990 kr.





Puma Animagical fyrir dömuna
Ferskur og nútímalegur dömuilmur frá Puma í flottum umbúðum.
PUMA animagical dömu
EDT 40 ml
2.990 kr.

Maybelline
Með kaupum á einu stykki úr Maybelline línunni **fylgir snyrtibudda og augnblýantur – frítt.**
Tilboðið gildir til 20. apríl.





OROBLU
Fermingartilboð
**20% afsláttur**
af ALL COLORS
Tilboðið gildir til 20. apríl.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 54424 03.2011

Skrautlegt, skemmtilegt og sívinsælt
Hárskraut, skart og frábært úrval af öllum þessum gjöfum sem alltaf koma sér vel.



Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík


# Hvar sem er nema hér

**BAKÞANKAR**
**Þórunnar Elísabetar Bogadóttur**

Undanfarið hefur hugsunin um það hvers vegna ég sé ekki flúin af landi brott komið oftar upp í huga minn. Hún hefur svo sem alltaf gert það reglulega, en fjölskylda, vinir, vinna og nám valda því nú að hér viljum við mörg vera, þrátt fyrir allt.

**EINMITT** í dag er ár liðið frá því að rannsóknarskýrsla Alþingis kom út. Skýrslunnar hafði verið beðið með eftirvæntingu og það var almenn sátt um hana og innihald hennar í íslensku samfélagi. Þennan dag í fyrra ríkti ekki bara vonleysi yfir því hvað hafði aflaga farið, heldur von um að nú yrði úr bætt.



**ÁR** er svo sem ekki langur tími og siðbót íslensku þjóðarinnar átti alltaf að taka lengri tíma en ár. Vissulega sagði enginn að þetta yrði auðvelt verk. Horfurnar eftir þessa 365 daga eru þó ekkert sérstaklega góðar, svona með tilliti til undanfarinna vikna.

**„MIKILVÆGT** er að leita sátta í samfélaginu“ stendur á einum stað í skýrslunni. Ári síðar bólar lítið á einhverri sátt um nokkurn skapaðan hlut. Það er helst að þjóðin sé sammála um veðrið.

**„LEGGJA** þarf áherslu á réttnefnda samfélagsábyrgð og hamla gegn sérhagsmunaöflum og þröngri einstaklingshyggju.“ Ekki hefur þetta enn gengið eftir heldur. Þvert á móti virðast sérhagsmunaöfl verða háværari á meðan samfélagsábyrgðin fer ekki neitt sérstaklega hátt.

**„LEGGJA** þarf rækt við raunsæja, ábyrga og hófstillta sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar“ stendur annars staðar. Samt hefur nú mikið farið fyrir ómældri sjálfsánægju og þjóðernisrembu nú eins og áður. Að þjóðin hafi nú endurheimt sjálfstraust sitt eftir þjóðaratkvæðagreiðslur.

**„EFLA** þarf góða rökræðusiði meðal þjóðarinnar og kjörinna fulltrúa hennar.“ Rökræðusiðir felast ekki í því að úthúða persónum og kalla fólk ýmist fífl eða fávita, oft í skjóli nafnleysis og tölvu. Þá er því miður ekki heldur alltaf að finna meðal þingmanna í þingsal.

**„ÞAÐ** er langtímaverkefni sem krefst framlags frá fólki á öllum sviðum samfélagsins.“ Gott og vel og vonum það besta. En miðað við þetta, er eitthvað skrítið þó hugurinn reiki stundum burt héðan þegar þetta er raunin og mann langi að vera hvar sem er nema hér?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Skilnaðurinn særði Evu Longoria

Eva Longoria ræddi í fyrsta skipti skilnaðinn við Tony Parker, leikmann NBA-liðsins San Antonio Spurs, í þætti Piers Morgan á CNN. Leikkonan viðurkenndi að skilnaðurinn hefði sært hana afar mikið.

Longoria átti erfitt með að brynna ekki músum á meðan hún ræddi um hjónabandsslitin við Morgan. „Þú verður að fyrirgefa, þetta er í fyrsta skipti sem ég ræði þetta opinberlega,“ sagði Longoria. „Sambandsslitin voru mjög erfið, þau særðu mig mjög mikið vegna þess að ég sá mig sem eiginkonu og sem frú Parker. Allt í einu var það horfið og ég þurfti að svara þeirri spurningu hver ég var.“ Parker er grunaður um að hafa haldið framhjá leikkonunni með þáverandi eiginkonu liðsfélaga síns og fetað þannig í fótspor Johns Terry, fyrirliða Chelsea og enska landsliðsins, en hann átti vingott við unnustu Waynes Bridge, þáverandi félaga hans hjá Chelsea og enska landsliðsins.

Longoria lét erfiðar spurningar Piers ekki slá sig út af laginu og neitaði meðal annars að ræða hvers vegna þau hefðu skilið. „Það er ástæða fyrir því að við Tony giftumst og það var ástæða fyrir því af hverju við vorum saman í sjö ár. Það er líka ástæða fyrir því af hverju við skildum en ég ætla ekki að úttala mig um hana. Ég elska hann enn þá, við tölum saman og erum hluti af lífi hvort annars enn þann dag í dag.“



**SORG** Eva Longoria segir að skilnaður hennar og Tony Parker hafi sært hana mjög mikið og hún átti erfitt með að svara spurningum um sambandsslitin í viðtalsþætti Pierse Morgan.



**SKOTIN** Samkvæmt tímaritinu Star eru Gwyneth Paltrow og Matthew Morrison afskaplega hrifin hvort af öðru.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Afar hrifin hvort af öðru

Tímaritið Star greinir frá því að sést hafi til Gwyneth Paltrow og Matthews Morrison snæða saman kvöldverð í London í lok mars. Eftir matinn færði parið sig yfir á Grosvenor House-hótelið þar sem þau sátu að snakki fram á nótt.

Leikararnir kynntust við tökur á sjónvarpsþættinum Glee og hefur tímaritið eftir heimildarmanni sínum að þau hafi strax fundið til hrifningar. „Það fór ekki framhjá neinum að þau voru mjög hrifin af hvort öðru og létu eins og ástfangnir táningar meðan á tökum stóð. Þau voru aldrei langt frá hvort öðru og Gwyneth gaf Matthew símanúmer sitt áður en hún lauk gestahlutverki sínu. Þau hafa verið í stöðugu sambandi síðan þá,“ var haft eftir innanbúðarmanni.

Morrison var staddur í London í lok síðasta mánaðar og því ákváðu leikararnir að nýta tækifærið, fá sér kvöldverð saman og minnast gamalla stunda. Paltrow er gift breska tónlistarmanninum Chris Martin og eiga þau saman tvö börn. Parið hefur þó sjaldan sést saman á almannafæri að undanförnu.



**MEIRI FRÍTÍMI** Fergie ætlar að finna tíma fyrir manninn sinn á þessu ári.

# Sólóferill í biðstöðu

**Fergie, hin þokkafulla söngkona Black Eyed Peas, hefur ákveðið að leggja sólóferilinn til hliðar um stundarsakir. Hana langar einfaldlega að eyða meiri tíma með manninum sínum, Hollywood-leikaranum Josh Duhamel. Fergie gaf út sína fyrstu sólóskífu 2006 og seldi ríflega sex milljónir eintaka af The Dutchess. „Það eru mörg verkefni á borðinu hjá mér og þetta ár mun snúast alfarið um að reyna að einfalda aðeins hlutina og veita þeim hlutum athygli auk þess sem mig langar til að eyða meiri tíma með manninum mínum,“ segir Fergie í samtali við Access Hollywood.**



! **HARALDUR SIGURÐARSON** eldfjallafræðingur fagnar útgáfu sjálfsævisögu sinnar í Eymundsson við Skólavörðustíg klukkan 17 í dag. Bókin nefnist Eldur niðri og heldur Haraldur erindi og áritar bókina, sem verður á tilboðsverði.

# Þrek og tár ár eftir ár

Leikhús ★★

**Bjart með köflum**

Eftir Ólaf Hauk Símonarson

**Leikarar:** Edda Arnljótsdóttir, Örn Árnason, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Hilmir Jensson, Pálmi Gestsson, Heiða Ólafsdóttir, Ævar Þór Benediktsson, Anna Kristín Arngrímsdóttir, Atli Þór Albertsson, Ólafur Egill Egilsson, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Hannes Óli Ágústsson, Friðrik Friðriksson, Þórunn Lárusdóttir, Lára Sveinsdóttir. **Hljómsveit:** Björn S. Ólafsson, Ingi Björn Ingason, Stefán Már Magnússon, Einar Þór Jóhannsson, Stefán Örn Gunnlaugsson **Leikmynd:** Axel Hallkell **Lýsing:** Halldór Örn Óskarsson **Búningar:** Berglind Einarsdóttir **Leikstjóri:** Þórhallur Sigurðsson

Hver er stefna Þjóðleikhússins? Eru íslenskir áhorfendur virkilega hættir að vilja sjá leikhúsið sitt þróast? Íslensk dægurlagatónlist sjöunda áratugarins er ansi hreint skemmtileg, en þarf hún myndskreytingu?

Frumsýning á föstudegi í Þjóðleikhúsinu. Tónlist sjöunda áratugarins ómar inn á milli frásagnar um sveitafólk frá einhverjum allt öðrum tíma. Þolum við ekki leikræna frásögn án þess að brostið sé á með söngleikjasprikli á fimm mínútna fresti? Fyrir hvern var þessi sýning og hvað var verið að segja áhorfendum?

Fólkið á Gili þáði allt frá fólkinu í Hvammi. Bóndinn á Gili sem trúði á gamla tímann og hékk eins og öskupoki á honum hét Sólbjartur, það er ekki laust við að það minni á nafn annars bónda sem allir eru að „neimdroppa" um þessar mundir.



**BJART MEÐ KÖFLUM** „… yfirfull af klisjum," segir í leikdómi.

Gunnvör, þéttingsstúlka og dugnaðarforkur, fór á sjóinn og gat það sem bara karlar geta. Átti hún kannski að minna á einhverja Salvöru? Að fara og freista gæfunnar eða hokra og sjá hvað setur. Vondi kapítalistinn og góði vesalingurinn. Um margt minnti þessi sýning á fyrri sýningar Ólafs Hauks og kannski hafa hugmyndirnar á bakvið Mömmu Míu-æðið sett þetta verk af stað. Saga hljóðskreytt með söngvum sem allir þekkja úr allt öðru samhengi. Er það máske einhver þörf fyrir gömlu gildin nú þegar allt er í rugli að leita aftur í leikfélögin úti á landi og þykjast vera þau?

Leikmyndin var góð og þjónaði verkinu vel. Gervi, lýsing og tónlistarflutningur þrælgóður. Örn Árnason og Pálmi Gestsson hvíldu eins og herforingjar í hlutverkum sínum með hlýju og útgeislun hver á sinn máta. Eins er Ólafía Hrönn Jónsdóttir sannfærandi í hlutverki Arnhildar sem gift er Sólbjarti en greinilega fyrrverandi kærasta Kristófers.

Edda Arnljótsdóttir léði hinni óhamingjusömu drukknu móður líf með frábærum húmor. Þórunn Arna Kristjánsdóttir lék litlu dekurskjóðuna og heillaði áhorfendur með glettilegum leik sínum. Var sambland Barbie og lítillar dúkku. Unga manninn Jakob sem báðar stúlkurnar urðu skotnar í leikur Hilmir Jensson og skilar hann hlutverkinu vel og sama er að segja um aðra leikara sýningarinnar, ekki síst Önnu Kristínu Arngrímsdóttur sem fékk svolítið bitastætt hlutverk í ömmunni með hnyttin svör við öllu.

Heiða Ólafsdóttir í hlutverki hinnar sjálfstæðu Gunnvarar naut sín best í söngatriðum. Bræðurnir Ari og Gísli, sem þeir Friðrik Friðriksson og Hannes Óli Ágústsson léku, voru báðir nokkuð skondnir. Ævar Þór Benediktsson og Ólafur Egill Egilsson voru synir úr Gili sem hugðust flytja til Ástralíu og komu með tvær förðunarskvísur úr bænum, þær Hönnu og Boggu, sem Þórunn Lárusdóttir og Lára Sveinsdóttir léku glettilega.

Þórhallur Sigurðsson leikstýrir og lausnir eru smekklegar og hópatriðin eins og búast má við í söngleikjum, en sýningin í það heila var bara svo yfirfull af klisjum að það var næstum því móðgandi við áhorfendur í ríkisreknu atvinnuleikhúsi.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Vel unnin sýning en uppfull af klisjum.



**ALLT Í VINNSLU** „Umsóknarfresturinn getur líka virkað sem hvati fyrir fólk sem er með verkefni í skúffu að drífa sig í að klára þau," segir Janus Bragi Jakobsson, sem nýlega tók við stjórn heimildarmyndahátíðarinnar Skjaldborgar ásamt fleira fólki.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skjaldborg í fimmta sinn

„Í mínum huga eru þrjú atriði sem þurfa að vera til staðar til að fólk ráðist í að gera heimildarmynd: viðfangsefni, réttar græjur og staður til að sýna myndirnar. Íslenskar heimildarmyndir hefur skort það síðastnefnda og hátíðin hefur reynt að bæta úr því," segir kvikmyndagerðarmaðurinn Janus Bragi Jakobsson, sem nýlega tók við stjórn heimildarmyndahátíðarinnar Skjaldborgar ásamt eiginkonu sinni, Tinnu Ottesen og fleiri aðilum. Hátíðin verður haldin í fimmta sinn á Patreksfirði dagana 10. til 12. júní næstkomandi.

Janus og Tinna hafa raunar aldrei verið gestir á sjálfri hátíðinni, þótt þau hafi framleitt þrjár myndir sem hafa verið þar á dagskrá síðustu árin. „Við höfum annaðhvort verið í útlöndum, í prófum eða skítblönk þegar hátíðin hefur farið fram, þannig að við hlökkum mjög mikið til," segir Janus og bætir við að undirbúningur sé farinn af stað þótt ekki sé hægt að tilkynna hinn árlega heiðursgest eins og sakir standa. „Þetta er allt í vinnslu," segir Janus.

Frestur til að senda myndir inn á hátíðina er til 10. maí, en til að heimildarmynd teljist gjaldgeng á Skjaldborg má hún hvorki hafa verið sýnd í sjónvarpi né í kvikmyndahúsi. Janus telur að eftir fimm ár sé komin góð reynsla á hátíðina og heimsóknin til Patreksfjarðar sé orðin fastur liður á dagskránni hjá mörgu kvikmyndagerðarfólki og áhugafólki. „Umsóknarfresturinn getur líka virkað sem hvati fyrir fólk sem er með verkefni í skúffu að drífa sig í að klára þau. Bara hella upp á kaffi og taka helgina í að klippa og klára eins og maður eigi lífið að leysa."

**- kg**


# Iceland Express Handling óskar eftir að ráða starfsfólk!

Iceland Express Handling er nýtt fyrirtæki sem sér um flugafgreiðslu á flugflota Iceland Express á Keflavíkurflugvelli. Fyrirtækið var stofnað til að auka þjónustu fyrir farþega Iceland Express í takt við stækkandi markaðssvæði og sterka verkefnastöðu Iceland Express. Fyrirtækið þarf því að ráða gott fólk í hinar ýmsu stöður, bæði sumarstarfsmenn og fólk í heilsársstöður. Um er að ræða deildarstjóra og starfsfólk í aðrar stöður. Viðkomandi þarf að búa yfir þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi, stundvísi, dugnaði og hafa óflekkað mannorð.




## Farþegaþjónusta

(lágmarksaldur 20 ár)

**Starfssvið:**
· Innritun farþega
· Móttaka farþega við komu til landsins
· Umsjón og framkvæmd á allri þjónustu við farþega
· Sala farmiða
· Samvinna við tollayfirvöld, landamæra- og öryggiseftirlit
· Samstarf við hópferðabifreiðar og hótel
· Fylgd fyrir farþega
· Þjónusta við hreyfihamlaða farþega
· Byrðing flugvéla

**Hæfniskröfur:**
· Menntun sem nýtist í starfi
· Frumkvæði við úrlausn verkefna
· Sjálfstæð vinnubrögð
· Hæfni í mannlegum samskiptum
· Mjög góð tungumálakunnátta
· Góð tölvukunnátta

## Hleðslueftirlit

(lágmarksaldur 22 ár)

**Starfssvið:**
· Gerð hleðsluskráa
· Samskipti við samstarfsaðila innan fyrirtækis sem utan
· Samskipti við flugrekanda
· Öll tilfallandi verkefni er varða hleðslueftirlit

**Hæfniskröfur:**
· Menntun sem nýtist í starfi
· Frumkvæði við úrlausn verkefna
· Sjálfstæð vinnubrögð
· Hæfni í mannlegum samskiptum
· Mjög góð tungumálakunnátta
· Góð tölvukunnátta
· Viðkomandi þarf að geta unnið undir álagi
· Viðkomandi þarf að vera talnaglöggur

## Ræsting

(lágmarksaldur 18 ár)

**Starfssvið:**
· Ræsting flugvéla
· Umsjón með lager ræstideildar

**Hæfniskröfur:**
· Almenn ökuréttindi (vinnuvélaréttindi æskileg)
· Hæfni í mannlegum samskiptum
· Rík þjónustulund
· Stundvísi
· Dugnaður og árvekni

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknarfresturinn rennur út 20. apríl og senda skal umsóknir á **job@icelandexpress.is.** Allar nánari upplýsingar er að finna á **www.icelandexpress.is/jobs**

Fíton/SÍA

Iceland Express

www.icelandexpress.is

58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

SAMBÍÓIN




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| SUCKER PUNCH | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:40VIP - 8 - 10:20 | 10 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:50 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SUCKER PUNCH | kl. 8 - 10:20 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| SOURCE CODE | kl. 5.30 - 8 - 10.15 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| LIMITLESS | kl. 8 - 10.35 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 8 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| HALL PASS | kl. 5.25 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 10.35 | 10 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| BARNEY´S VERSION Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | L |
| SUCKER PUNCH | kl. 8 | 12 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU Númeruð sæti | kl. 10:40 | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 | L |
| TRUE GRIT Númeruð sæti | kl. 5:50 | 16 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




**SMÁRABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| YOUR HIGHNESS LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 - 8 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 10.10 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BIUTIFUL | KL. 6 - 9 | 12 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 6 - 8 | L |
| LIMITLESS | KL. 10 | 14 |

Nánari upplýsingar og miðasala á
midi.is AUKAKRÓNUR 5%
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Þriðjudagur er tilboðsdagur.
NO STRINGS ATTACHED 12 700 KR.

**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| YOUR HIGHNESS | 6, 8 og 10.10 |
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| HOPP - ENS TAL | 8 |
| KURTEIST FÓLK | 6, 8 og 10 |
| NO STRINGS ATTACHED | 10 |




DEERHUNTER Bradford Cox, Moses Archuleta, Lockett Pundt og Josh Fauver lenda á Klakanum á laugardag og spila á Reykjavík Music Mess á sunnudagskvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

# ROKKARAR SKOÐA FOSSA, HLJÓÐVER OG PLÖTUBÚÐIR

**Reykjavík Music Mess verður haldin í fyrsta sinn um næstu helgi. Aðalnúmerið er bandaríska rokksveitin Deerhunter. Meðlimir sveitarinnar ætla að taka sér nokkurra daga frí á Íslandi í kringum hátíðina. Planið er að skoða náttúruperlur, hljóðver og grúska í plötubúðum.**

„Þeir vilja fara í Bláa lónið og sjá Gullfoss og Geysi. Svo reynum við að sýna þeim eitthvað sem er ekki á vitorði allra túrista," segir Baldvin Esra Einarsson tónleikahaldari.

Bandaríska hljómsveitin Deerhunter er aðalnúmerið á tónlistarhátíðinni Reykjavík Music Mess sem haldin verður um næstu helgi. Liðsmenn sveitarinnar hafa ákveðið að eyða fjórum dögum hér á landi í kringum hátíðina til að hlaða batteríin. Sveitin er að ljúka mánaðarlöngu tónleikaferðalagi um Evrópu.

**31** hljómsveitir og listamenn koma fram á Reykjavík Music Mess um helgina. Nánari upplýsingar má finna á reykjavikmusicmess.com.




BALDVIN ESRA Tekur á móti Deerhunter um helgina.

Baldvin segir að stefnan sé að taka heilan dag í að sýna rokkurunum náttúruperlur hér en þess utan ætla þeir að kynna sér menningu og mannlíf í borginni. „Þeir eru áhugasamir um íslenska tónlist, segjast til dæmis vera hrifnir af Björk og svo múm," segir Baldvin. Ein af óskum meðlima Deerhunter er að fá að skoða íslensk hljóðver. Baldvin segist ekki vita hvort forvitnin ein reki Deerhunter-menn áfram eða hvort þeir ætli sér að taka upp efni hér á landi. „Það er aldrei að vita með þessa menn. Ég var að horfa á viðtal við Bradford Cox söngvara þar sem hann sagði að hann semdi lög þannig að tónlistin flæddi bara út úr honum. Svo bara gefur hann út. Þannig gaf hann út fjórar breiðskífur um daginn á heimasíðunni sinni, bara eitthvert efni sem hann hafði gert heima hjá sér. Honum verður mjög tíðrætt um eitthvað sem hann kallar tónlistarlega standpínu. Þess vegna reykir hann ekki né drekkur kaffi, það gæti truflað standpínuna."

Bradford þessi Cox virðist annars vera mjög forvitnilegur náungi. Útlit hans vekur jafnan mikla athygli. Hann er hávaxinn en mjög grannur og þjáist af erfðasjúkdómi sem veldur ofvexti í liðamótum. Auk þess að semja tónlist Deerhunter hefur Cox gefið út undir nafninu Atlas Sound. „Hann er mikill pælari og grúskari. Ég geri ráð fyrir að við förum með hann í plötubúðir og leyfum honum að grúska," segir Baldvin.

hdm@frettabladid.is

LYFJA – Lifið heil
www.lyfja.is
+20% afsláttur í apríl af Vivag vörulínunni
Sápur, klútar, gel, skeiðarhylki og krem.




Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 54476 04/11

BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS
MÁNUDAGUR

| | |
|---|---|
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:00, 22:10 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLACK SWAN | 23:00 |
| LOVE AND OTHER DRUGS | 17:50 |
| ÚRBANIKKA: PLAYTIME | 20:00 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 850 KR. MIÐINN




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



**SAMVINNUÞÝÐUR** Matthew McConaughey og sambýliskona hans, Camilla Alva, eru samvinnuþýð þegar smella á af þeim mynd. NORDICPHOTOS/GETTY

# Samvinnuþýður við ljósmyndara

Bandaríski leikarinn Matthew McConaughey viðurkennir að þótt honum þyki ágangur paparazza-ljósmyndara óþolandi hefur hann sætt sig við að þurfa að umgangast þá.

„Ég var orðinn þreyttur á því að vera alltaf fúll út í þá. Ég hugsaði með mér; „Er ég tilbúinn að flytja eitthvert þar sem þá er ekki að finna? Er ég tilbúinn til að girða heimili mitt alveg af?“ Og svarið var nei. Þannig að ég ákvað að sætta mig við þetta og takast á við það eins vel og ég get,“ sagði leikarinn. Hann reynir þess í stað að taka lífinu með ró og vera samvinnuþýður þegar kemur að myndatökum. „Ef ég er staddur á ströndinni með börnin segi ég við ljósmyndarana: „Smelltu af og leyfðu okkur að vera svo í ró og næði.“ Hingað til hafa þeir virt það. Vissulega finnst mér það þreytandi en mér finnst þetta alls ekki óréttlátt.“ McConaughey er kvæntur brasilísku fyrirsætunni Camillu Alva og saman eiga þau tvö börn.

# Gjafmild stjarna

Eftir sambandsslitin við Justin Timberlake hefur leikkonan Jessica Biel ákveðið að losa sig við allar gjafirnar sem hann hafði gefið henni í gegnum tíðina.

„Hún gaf aðstoðarkonu sinni Rolex úr og viðskiptafélaga sínum gaf hún demantsarmband og eyrnalokka í stíl. Jessica vill ekki eiga hluti sem minna hana á sambandið,“ var haft eftir innanbúðarmanni. Skartið sem Biel er að láta frá sér kostar sitt og því hljóta vinir hennar að vera bæði þakklátir og ánægðir.



**GJAFMILD** Jessica Biel hefur ákveðið að losa sig við allar gjafirnar sem Justin Timberlake hefur gefið henni.

# Vesturport á vöktum í Pétursborg

„Þetta er náttúrulega bara bilun,“ segir Gísli Örn Garðarsson, einn af forsvarsmönnum leiklistarhópsins Vesturport. Yfir fimmtíu manna hópur frá Vesturporti og Borgarleikhúsinu flaug til St. Pétursborgar í gær en þar mun afhending evrópsku leiklistarverðlaunanna fara fram 17. apríl.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hlýtur Vesturport þennan mikla heiður en þarf, réttara sagt neyðist, af þeim sökum að setja upp tvær sýningar; annars vegar Hamskiptin og hins vegar Fást.

Hamskiptin er tiltölulega einföld sýning miðað við Fást því sú síðarnefnda krefst gríðarlegs undirbúnings hjá sviðslistarfólki, strengja þarf net yfir allan salinn og það er ekki sama hvernig það er gert, öll öryggisatriði þurfa að vera í lagi. „Verkin verða svo bara sýnd einu sinni, síðan er sviðsmyndin tekin niður. Og það er ekkert selt inn á þessar sýningar heldur eru þær bara í boði fyrir fjölmiðla og fólk í bransanum; þetta er bara svona „showcase“,“ útskýrir Gísli en bætir því við að þau séu öll afar spennt og hlakki mikið til.

En þessi törn og stutti tími milli sýninga þýðir að menn verða að vinna á vöktum allan sólarhringinn á meðan á havaríinu stendur. „Hamskiptin eru sýnd 13. apríl og Fást 15. apríl þannig að við verðum að láta hendur standa fram úr ermum og nýta allan tímann vel.“

- fgg



**BRJÁLUÐ VINNA** Gísla og félaga bíður mikil vinna en Vesturport sýnir Hamskiptin og Fást á aðeins þremur dögum í sama leikhúsinu. Unnið verður á sólarhringsvöktum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HOSTELLING INTERNATIONAL

Fyrirtæki – skólar – vinahópar

Þórsmörk









Er hópurinn að huga að vorferð?

Komið í Húsadal og upplifið þessa náttúruperlu í aðeins 150 km fjarlægð frá Reykjavík. Þórsmörk er sannkallað ævintýraland náttúruunnenda með endalausum möguleikum á gönguleiðum og útiveru þar sem jöklar, ár, fjöll og gróður kallast á í þessu magnaða landslagi.

Fjölbreytt gisting

Í Húsadal er fjölbreytt aðstaða fyrir einstaklinga og hópa til styttri eða lengri dvalar. Boðið er upp á gistingu í tveggja manna herbergjum, smáhýsum og skálum.

Frábær aðstaða

Í glæsilegum funda- og veitingasal eru sæti fyrir um 100 manns, hvort sem um er að ræða fundi, ráðstefnur eða veisluhöld. Við getum boðið upp á fulla þjónustu í mat og drykk fyrir hópa. Auk þess eru gufubað og sturtur á staðnum og hvað er betra eftir hressandi gönguferð en að skella sér í gufu?

Fróðleikur um gosin.
Við bjóðum upp á fyrirlestur og myndasýningu um gosin í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi og afleiðingar þeirra. Einnig skipuleggjum við gönguferðir, kvöldvökur, leiki, grillveislur og gerum tilboð í akstur. Hafið samband eða farið á vefsíðu okkar www.thorsmork.is til að fá frekari upplýsingar.

Sjáumst í Mörkinni!

Farfuglar | Borgartúni 6 | 105 Reykjavík | Sími 552 8300 | thorsmork@thorsmork.is | www.thorsmork.is



**GUÐJÓN SKÚLASON** hætti í gær sem þjálfari karlaliðs Keflavíkur í körfubolta. Keflavík er því þjálfaralaust í karla- og kvennaflokki. Guðjón hætti þar sem hann sagðist ekki hafa náð markmiðum sínum með liðið. Gunnar Jóhannsson, formaður körfuknattleiksdeildar Keflavíkur, sagði deildina stefna á að klára þjálfaramálin í vikunni. Sigurður Ingimundarson, fyrrum þjálfari Keflavíkur, er á meðal þeirra sem koma til greina í starf þjálfara karlaliðsins.

Þjálfarar KR og Stjörnunnar voru að vonum missáttir eftir leikinn í gær:

# Fríið engin afsökun fyrir tapinu

**KÖRFUBOLTI** Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, var svo undrandi á lélegri frammistöðu síns liðs í gær að hann hreinlega glotti er blaðamaður hitti á hann eftir leik.

„Þetta var flenging. Það er ekki hægt að neita því. Við lentum líka á mjög góðu KR-liði sem var að hitta vel. Við áttum líka hlut að máli enda vorum við að hleypa þeim í auðveld skot. Þeir fengu að spila eins og þeim hentar best. Þetta var ekta KR-leikur en ekki ekta Stjörnuleikur. Það sem ég er svekktastur með er að mitt lið mætir ekki til leiks,“ sagði Teitur vonsvikinn.

Hans lið hafði ekki spilað í ellefu daga og var eðlilega nokkuð ryðgað. Teitur vildi þó ekki nota það sem afsökun.

„Það væri rosalega gáfulegt hjá mér að hoppa á þetta og nota sem helvítis afsökun. Ég hef bara ekki geð í mér til þess að gera það. Meðalaldurinn í þessu liði er í kringum 27 ár. Þetta eru engin börn. Þeir eiga að vita betur,“ sagði Teitur heiðarlegur og bætti við. „Það fór allt loft úr okkur of snemma og þá var þetta fljótt að fara upp í 30 stig. Þessi flenging hlýtur að brýna okkur fyrir næsta leik. Það kemur í ljós á fimmtudaginn hvort við höfum eitthvað í þetta einvígi að gera.“

Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, var rólegur og yfirvegaður eftir leik. „Enginn leikur er auðveldur en vörnin sem við spilum í seinni hálfleik er afrakstur þrotlausra æfinga,“ sagði Hrafn en hann var að vonum ánægður með strákana sína sem mættu algjörlega tilbúnir til leiks.

„Við keyrum allar æfingar á hröðu tempói og það skilar sér síðan í hröðum leik. Hugsandi menn hreyfa fæturna hægar. Þetta er frábær byrjun og dýrmætt að geta hvílt menn eins og Fannar fyrirliða í dag,“ sagði Hrafn en Fannar Ólafsson gat ekki leikið vegna meiðsla en beið á bekknum ef á þyrfti að halda.

Næsti leikur liðanna fer fram í Garðabænum á fimmtudag. - hbg



**HEITUR TEITUR** Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, var líflegur á hliðarlínunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SJÓÐANDI HEITUR** Brynjar Þór Björnsson hefur farið á kostum í úrslitakeppninni og átti enn einn stórleikinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Föst flenging í fyrsta leik

**KR-ingar voru með refsivöndinn á lofti í Frostaskjóli í gær og hreinlega flengdu Stjörnuna í fyrsta leik liðanna um Íslandsmeistaratitilinn.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar unnu fyrstu orrustuna gegn Stjörnunni um Íslandsmeistaratitilinn í gær. Stjarnan hékk í KR í fyrri hálfleik en í þeim síðari settu KR-ingar í fluggírinn og skildu Stjörnuna eftir. Niðurstaðan ótrúlegur 30 stiga sigur, 108-78. Ryðgaðir Stjörnumenn þurfa því heldur betur að girða sig í brók fyrir næsta leik ef ekki á illa að fara. Tapið í gær var ekkert annað en neyðarlegt.

KR mætti til leiks án fyrirliðans síns, Fannars Ólafssonar, sem er meiddur í lærinu. Hann var þó til taks á bekknum ef á þyrfti að halda. Ekki kom til þess. Það verður að viðurkennast að mætingin á þennan fyrsta úrslitaleik olli miklum vonbrigðum og vantaði sárlega fleiri Garðbæinga í húsið. Það var engu líkara en það hefði gleymst að auglýsa leikinn í Garðabæ. Stemningin var síðan eftir því – ekki nógu góð.

Hvað um það. KR tók völdin í upphafi og Hreggviður Magnússon, sem kom inn fyrir Fannar, lék eins og andsetinn í upphafi og raðaði niður körfunum. Í stöðunni 21-9 tók Teitur, þjálfari Stjörnunnar, leikhlé sem skilaði sínu því ryðgaðir Stjörnumenn komust aftur inn í leikinn.

Hraðinn í leiknum var ekkert sérstakur og er að hluta um að kenna slökum dómurum sem flautuðu á nákvæmlega allt. Línan svona fimm sinnum strangari en í úrslitakeppninni til þessa og dómararnir voru hreinlega að drepa leikinn með stanslausum flautukonsert. Þess utan vantaði meiri ákefð og grimmd í leikmenn liðanna. Fyrri hálfleikurinn því lítið fyrir augað.

KR var alltaf skrefi á undan þökk sé stórleik Brynjars Þórs og Hreggviðs. Alltaf þegar KR virtist ætla að stinga af kom Stjarnan til baka leidd af sjóðheitum Shouse og Lindmets. Nokkuð munaði um að Jovan fékk fjórar villur í hálfleiknum og gat því takmarkað spilað. Engu að síður aðeins átta stiga munur í hálfleik, 56-48, en Brynjar setti niður glæsilegan flautuþrist í lokin og krónaði góðan hálfleik.

KR-ingar byrjuðu síðari hálfleik með látum. Náðu 10-2 kafla og 16 stiga forskoti, 66-50. Brynjar Þór og Walker kraumandi heitir og Stjarnan átti engin svör. 87-66 eftir þriðja leikhluta og ballið svo gott sem búið. Algjör stórskotasýning hjá KR-ingum.

KR-hraðlestin hélt uppteknum hætti í síðari hálfleik og hreinlega niðurlægði Garðbæinga sem vissu ekki sitt rjúkandi ráð. „Sjálfstraustið er í lagi hjá mér þessa dagana. Þeir voru að gefa mér nokkuð opin skot sem ég náði að setja niður,“ sagði brosmildur Brynjar Þór Björnsson, leikmaður KR, eftir leikinn. „Við sendum ákveðin skilaboð. Þeir héldu í við okkur í 20 mínútur en þeir halda ekki í við okkur í 40 mínútur.“

henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

**KR-Stjarnan 108-78**

KR: Brynjar Þór Björnsson 28/4 fráköst, Marcus Walker 23, Hreggviður Magnússon 16/5 fráköst, Finnur Atli Magnússon 10/4 fráköst/4 varin skot, Pavel Ermolinskij 10/9 fráköst/7 stoðsendingar, Ágúst Angantýsson 6/8 fráköst, Jón Orri Kristjánsson 6/8 fráköst, Martin Hermannsson 3, Ólafur Már Ægisson 3, Skarphéðinn Freyr Ingason 3.

Stjarnan: Justin Shouse 19/6 stoðsendingar, Renato Lindmets 18/7 fráköst, Guðjón Lárusson 12/8 fráköst, Jovan Zdravevski 11/4 fráköst, Daníel G. Guðmundsson 5/4 fráköst, Kjartan Atli Kjartansson 4, Fannar Freyr Helgason 4/4 fráköst, Dagur Kár Jónsson 3, Ólafur Aron Ingvason 2.



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT3 2 SPORT4 2 SPORT5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**BREIKDANS?** Nei, þetta er Wayne Rooney að fagna sigurmarkinu í fyrri leiknum á afar sérstakan hátt. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Chelsea á erfitt verkefni fyrir höndum eigi að vinna upp forskot Man. Utd í kvöld:

# Ferguson ekki að hugsa um þrennuna

**FÓTBOLTI** Man. Utd og Chelsea mætast í kvöld í síðari leik liðanna í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Leikurinn fer fram á Old Trafford en Man. Utd gerði sér lítið fyrir í fyrri leiknum á Stamford Bridge og vann, 0-1.

„Við erum á fínni siglingu þessa dagana. Þegar við komumst á svona skrið er erfitt að eiga við okkur. Það keyrir leikmennina áfram að vera á slíkri siglingu. Það er mjög gott á þessum tíma þar sem hver leikur er eins og bikarúrslitaleikur," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd.

„Leikmennirnir þrífast á mikilvægi þessara leikja. Það skiptir því engu þó svo ég þurfi að gera miklar breytingar eins og um helgina. Stundum getur maður efast um slíkar breytingar en þegar við erum á siglingu og stemning í hópnum þá skiptir ekki máli hver spilar hverju sinni."

Man. Utd mun endurheimta Wayne Rooney í kvöld enda er hann ekki í banni í Meistaradeildinni. United á enn möguleika á að landa þrennunni eins og árið 1999. Ferguson er þó enn með báða fætur á jörðinni.

„Það eru allt aðrar aðstæður núna en 1999. Þá lentum við ekki í neinum meiðslavandræðum. Við höfum staðið okkur frábærlega þrátt fyrir allt mótlætið. Ég veit ekki hvernig við förum að þessu."

Frá því að Roman Abramovich keypti Chelsea hefur liðið unnið allt nema Meistaradeildina. Það var alltaf markmið Abramovich og Ferguson segir að málið sé orðið að þráhyggju hjá Rússanum.

„Þess vegna keypti hann Torres. Þetta er þráhyggja hjá Roman sem veit hvað hann vill," sagði Sir Alex. - hbg



**GRÆNI JAKKINN** Phil Mickelson klæðir hér Schwartzel í hinn fræga græna jakka sem sigurvegarinn fær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Masters-mótið í golfi:

# Schwartzel fékk græna jakkann

**GOLF** Charl Schwartzel lét verkin tala þegar mest á reyndi á Masters-mótinu í golfi á lokahringum á sunnudag.

Hinn 26 ára gamli Suður-Afríkumaður fékk fjóra fugla á síðustu fjórum holunum á Augustavellinum og tryggði sér græna jakkann á fyrsta risamóti ársins.

Samtals lék hann hringina fjóra á -14 en Ástralarnir Jason Day og Adam Scott deildu öðru sætinu á -12.

Rory McIlroy frá Norður-Írlandi var með fjögurra högga forskot fyrir lokahringinn en hann stóðst ekki pressuna og lék lokahringinn á 80 höggum. Tiger Woods sýndi gamla takta og blandaði sér í baráttuna en hann endaði á -10. - seth



**FYRSTU MÖRKIN** Andy Carroll er byrjaður að skora fyrir Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Liverpool skellti Man. City:

# Carroll sá um Man. City

**FÓTBOLTI** Andy Carroll var hetja Liverpool í gær er það vann sannfærandi 3-0 sigur á Man. City á Anfield. Carroll skoraði tvö marka Liverpool í leiknum.

„Þetta var frábær dagur og snilld að ná fyrsta markinu fyrir Liverpool. Hvatningin sem ég hef fengið frá stuðningsmönnum félagsins hefur hjálpað mér mikið. Það er frábært að vera hérna," sagði afar kátur Carroll.

„Það var virkilega sætt að skora fyrra markið. Að sjá boltann liggja í netinu var einstakt. Ég vissi að ég myndi skora. Við settum pressu á þá í þessum leik og það skilaði mörkum snemma. Það skilaði sigrinum."

Hollendingurinn Dirk Kuyt skoraði hitt mark Liverpool í leiknum. - hbg

Mat á umhverfisáhrifum

Orkuveita Reykjavíkur

Nýting jarðhita við Gráuhnúka fyrir Hellisheiðarvirkjun

Fimmtudaginn 14. apríl kl. 17:00

Mat á umhverfisáhrifum nýtingar jarðhita við Gráuhnúka fyrir Hellisheiðarvirkjun verður kynnt almenningi í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1.

Húsið er opið frá kl. 16:30 til 18:30. Þar verða til sýnis kynningarspjöld um framkvæmdina. Kynningarspjöldin verða til sýnis til 10. maí og eru aðgengileg á skrifstofutíma.

Allir velkomnir – Orkuveita Reykjavíkur



ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 54504 04/11

• Hellisheiðarvirkjun nýtir jarðvarma til rafmagns- og heitavatnsframleiðslu

www.or.is



## > Owen Wilson

„Ég hef aldrei tekið sjálfan mig alvarlega sem leikara.“

***Owen Wilson leikur mann að nafni Taylor sem er heimilislaus betlari en þykist vera sérfræðingur í bardagaíþróttum til þess að geta aðstoðað tvo stráka sem lenda í hrekkjusvínum fyrsta skóladaginn í gamanmyndinni Drillbit Taylor sem er á Stöð 2 Bíói kl. 20 í kvöld.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR **SAT SPENNT YFIR HESTAÞÆTTI**

## *Úrillur læknir sýnir á sér mjúka hlið*



Flestir þekkja leikarann Martin Clunes sem hinn úrilla Martin lækni sem sinnir íbúum breska smábæjarins Portwenn í bresku sjónvarpsþáttunum Doc Martin. Téður Dr. Martin Ellingham er geðstirður í meira lagi og á í miklum samskiptaörðugleikum við bæjarbúa. Það getur á tíðum leitt til æði skondinna atvika.

Þó er ljóst að leikarinn Martin á ekki margt sameiginlegt með nafna sínum lækninum. Það sést best á þeim heimildarþáttum sem sýndir hafa verið í Sjónvarpinu núna og síðasta vetur.

Í fyrra tók Martin Clunes fyrir sögu hundsins allt frá því að hann var villtur úlfur og til dagsins í dag. Nú nýlega voru síðan sýndir þættir um hesta. Sem hestakona gat ég ekki látið þá fram hjá mér fara og ég varð ekki fyrir vonbrigðum. Þátturinn ber nafnið Horsepower, eða hestöfl, og var sýndur í tveimur hlutum.

Clunes ferðaðist um heiminn, allt frá Mongólíu og eyðimörk Arabíu til Bandaríkjanna og Ítalíu. Hann kynnti sér uppruna hestsins og hvernig kom til að maðurinn og þessi stóra en ljúfa skepna tengdust þeim tryggðaböndum sem raun ber vitni.

Þrátt fyrir að hlutverki hestsins sem helsta samgöngutækis og vinnudýrs mannsins sé að mestu lokið komst Clunes að því að enn lifir samband hests og manns góðu lífi. Enda vita þeir sem þekkja að fátt skákar þeirri tilfinningu að skella sér í góðan reiðtúr.

### SJÓNVARPIÐ

**15.20 Meistaradeild í hestaíþróttum** (e)
**15.35 Þýski boltinn** (e)
**16.35 Íslenski boltinn** (e)
**17.20 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (10:12) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Skordýrin í Sólarlaut** (43:43)
**18.23 Skúli skelfir** (36:52)
**18.34 Kobbi gegn kisa** (21:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Skólahreysti** (4:6) Í Skólahreysti keppa grunnskólar landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda.
**20.40 Að duga eða drepast** (23:31) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð.
**21.25 Návígi**
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Njósnadeildin** (5:8) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Tími nornarinnar** (3:4) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**06.30 Drillbit Taylor**
**08.10 Jurassic Park**
**10.15 Making Mr. Right**
**12.00 Kirikou and the Wild Beasts**
**14.00 Jurassic Park**
**16.05 Making Mr. Right**
**18.00 Kirikou and the Wild Beasts**
**20.00 Drillbit Taylor**
**22.00 Love at Large**
**00.00 Carlito's Way**
**02.20 A Nation Without Women**
**04.00 Love at Large**
**06.00 Land of the Lost**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 The New Adventures of Old Christine**
**10.40 Wonder Years** (6:17)
**11.05 Burn Notice** (2:16)
**11.50 Flipping Out** (2:9)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (25:43)
**13.30 So You Think You Can Dance**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (2:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (5:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (7:17)
**20.10 The Big Bang Theory** (2:23)
**20.35 How I Met Your Mother** (3:24) Í þessari fimmtu þáttaröð, fáum við að kynnast þeim Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin enn betur.
**21.00 Bones** (3:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings.
**21.45 Hung** (1:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO og fjallar um Ray Drecker sem er skólaliðsþjálfari á fimmtugsaldri.
**22.15 Eastbound and Down** (1:6)
**22.45 Daily Show: Global Edition**
**23.10 Pretty Little Liars** (20:22)
**23.55 Grey's Anatomy** (18:22)
**00.40 Ghost Whisperer** (4:22)
**01.25 Remnants of Everest: The 1996 Tragedy**
**03.05 Brothers of the Head**
**04.35 Bones** (3:23)
**05.20 Hung** (1:10)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 KR/Keflavík - Stjarnan**
**16.40 Spænsku mörkin**
**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**18.00 Meistaradeildin - upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins.
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Man. Utd. - Chelsea** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Þetta er seinni leikur liðanna í 8 liða úrslitum.
**20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu i knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**21.05 Meistaradeild Evrópu: Shakhtar - Barcelona**
**22.55 Meistaradeild Evrópu: Man. Utd. - Chelsea**
**00.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Man. City** Útsending frá leik Liverpool og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**14.35 Wolves - Everton** Útsending frá leik Wolverhampton Wanderers og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**16.20 Bolton - West Ham** Útsending frá leik Bolton Wanderers og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**18.05 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.00 Blackpool - Arsenal** Útsending frá leik Blackpool og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**20.45 Aston Villa - Newcastle** Útsending frá leik Aston Villa og Newcastle United í ensku úrvalsdeildinni.
**22.30 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.00 Man. Utd. - Fulham** Útsending frá leik Manchester United og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁR EINN

**07.20 Spjallið með Sölva** (8:16)
**08.00 Dr. Phil** (153:181)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.00 Dr. Phil** (154:181)
**17.45 Got To Dance** (14:15)
**18.35 America's Funniest Home Videos**
**19.00 Being Erica** (9:13)
**19.45 Whose Line is it Anyway?**
**20.10 Matarklúbburinn** (3:7) Hrefna Rósa Sætran snýr aftur í nýrri þáttaröð af Matarklúbbnum. Í næstu þáttum mun fólk af erlendum uppruna en búsett á Íslandi kynna matargerðarhefðir sínar.
**20.35 Innlit/útlit** (6:10) Vinsælir þættir um sniðugar lausnir fyrir heimilið með áherslu á notagildi.
**21.05 Dyngjan** (9:12) Konur kryfja málin til mergjar í Dyngjunni, glænýjum sjónvarpsþætti undir stjórn kjarnakvennanna Nadiu Katrínar Banine og Bjarkar Eiðsdóttur.
**21.55 The Good Wife** (12:23) Þáttarröð með stórleikkonunni Julianna Margulies sem slegið hefur rækilega í gegn.
**22.45 Makalaus** (6:10) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós og fjalla um Lilju Sigurðardóttir sem er einhleyp stúlka í Reykjavík og stendur á tímamótum.
**23.15 Jay Leno** (229:260)
**00.00 CSI** (13:22)
**00.00 Matarklúbburinn** (3:7)
**00.25 Pepsi MAX tónlist**
**00.50 Heroes** (2:19)
**01.35 The Good Wife** (12:23)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁR*GOLF*

**07.00 World Golf Championship** (1:5)
**11.10 Golfing World** (60:240)
**15.50 Champions Tour - Highlights** (6:25)
**16.45 Ryder Cup Official Film 2006**
**18.00 Golfing World** (62:240)
**18.50 Dubai Desert Classic** (4:4)
**22.00 Golfing World** (62:240)
**22.50 PGA Tour - Highlights** (7:45)
**23.45 ESPN America**
**00.00 Golfing World** (62:240)
**00.50 World Golf Championship** (2:5)

### EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Gossip Girl** (9:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Jamie Oliver's Food Revolution** (3:6) Í þessari Emmy-verðlaunaþáttaröð ferðast sjónvarpskokkurinn geðþekki til Bandaríkjanna í þeim ásetningi að berjast gegn offitu, hjartasjúkdómum og sykursýki.
**22.45 The Event** (15:23) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök. Ásamt kærustu sinni lendir hann á flótta og áður en þau vita af eru þau orðin flækt í meiri háttar samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.
**23.30 Nikita** (6:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnunargögnum um fyrra líf þeirra og gerir þau að færum njósnurum og morðingjum.
**00.15 Saving Grace** (5:14)
**01.00 Gossip Girl** (9:22)
**01.45 The Doctors**
**02.25 Sjáðu**
**02.50 Fréttir Stöðvar 2**
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Sigtryggur Baldursson heimsóttur.
**21.00 Græðlingur** Vorverkin halda áfram með Gurrýju.
**21.30 Svartar tungur** Flokksbræður þremenningana leysa þá af í kvöld
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


# STÆRSTA PÁSKAEGGJALEIT LANDSINS

Það er aðeins ein sneið af frábærri dagskrá á 10 ára afmælishátíð Fréttablaðsins 16. apríl í Perlunni. **Fylgstu með!**



FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 22.15**
**Eastbound and Down**
Fyrsti þátturinn í nýrri gamanseríu sem fjallar um fyrrverandi hafnaboltahetju sem er útskúfað úr atvinnuboltanum vegna stjörnustæla. Hann snýr því aftur á heimaslóðir og gerist íþróttakennari. Aðalhlutverkið leikur Danny McBride (Pineapple Express).

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Stjórnarskrá að eigin vali **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Kamala, saga frá Indlandi **15.30** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.16** Fimm fjórðu **23.08** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**10.25** Top Gear **11.10** Keeping Up Appearances **11.40** ,Allo ,Allo! **12.15** A Bit of Fry and Laurie **12.45** Dalziel and Pascoe **13.30** Dalziel and Pascoe **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Keeping Up Appearances **16.00** ,Allo ,Allo! **16.30** Fawlty Towers **17.00** A Bit of Fry and Laurie **17.30** The Inspector Lynley Mysteries **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** The Office **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Live at the Apollo **23.00** EastEnders

### DR 1

**12.00** Smag på Norden **12.30** Kongehuset indefra **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Kasper & Lise **14.30** Lille Nørd **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Kender du typen **18.30** Cirkus Revyen - En stor familie **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Wallander: Mordere uden ansigt **20.55** Wallander: Mordere uden ansigt **21.50** Gintberg på kanten - Thyborøn

### NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Puls **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** NRK nyheter **14.10** Nummer 1 **14.50** Filmavisen **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Ut i naturen **18.15** Kjærlighetshagen **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Brennpunkt **20.30** Nurse Jackie **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Ari og Per **22.15** Bakrommet. Fotballmagasin **22.45** Skavlan

### svt

**10.00** Rapport **10.05** Djursjukhuset **10.35** Det söta livet **11.15** En djungelsaga **12.45** Flight of the Conchords **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Notes From the Underbelly **14.30** Så ska det låta **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Huset fullt av hundar **19.00** Veckans brott **20.00** Dox **21.30** Brottet och straffet **23.00** Rapport **23.05** Carmen


# BJÓSTU VIÐ AUKAGJÖLDUM? ÞÁ VERÐUM VIÐ ÞVÍ MIÐUR AÐ VALDA ÞÉR VONBRIGÐUM

Reykjavík ↔ Báðar leiðir*

BERLÍN KR69,200
MÜNCHEN KR70,000
HAMBORG KR67,300
VARSJÁ KR62,400
ZÜRICH KR72,900
MÍLANÓ KR72,100
ÓSLÓ KR48,800
GAUTABORG KR60,400
PEKING KR119,100
BANGKOK KR135,600

**Ávallt með SAS**
Engin dulin gjöld
23 kg farangur án endurgjalds
Frí vefinnritun
EuroBonus punktar
25% barnaafsláttur

ICELANDAIR

SAS Scandinavian Airlines

**flysas.is**

A STAR ALLIANCE MEMBER

*Öll fargjöld miðast við flug báðar leiðir, skattar og gjöld innifalin og framboð er takmarkað. Verð á flugi til Berlínar, München, Hamborgar, Varsjár, Zürich, Mílanó, Peking og Bangkok miðast við flug um Kaupmannahöfn. Verðdæmi til Gautaborgar miðast við flug um Ósló. Dæmi miðast við verð 16. mars 2011 og framboð er takmarkað.





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT3 2 SPORT4 2 SPORT5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér oftast bara Honey Nut Cheerios.“*

Magdalena Sara Leifsdóttir, nýkjörin Elite-fyrirsæta ársins.

# Konunglegt brúðkaup á tveimur stöðvum

„Jú, ég er búin að fallast á að lýsa þessu fyrir Stöð 2. Við erum ekki búin að ákveða öll smáatriði en þetta verður örugglega mjög skemmtilegt,“ segir Hildur Helga Sigurðardóttir blaðamaður.

Hildur verður í beinni útsendingu ásamt völdum gestum í myndveri Stöðvar 2 þegar Vilhjálmur prins og Kate Middleton játast hvort öðru frammi fyrir Guði og mönnum í kirkjunni Westminster Abbey föstudaginn 29. apríl.

Það virðist því ekki vera neinn einkaréttur á útsendingu frá konunglegum brúðkaupum því eins og kom fram í fjölmiðlum í síðustu viku þá verður einnig sýnt beint frá athöfninni á RÚV. Þær berjast því um sitthvað fleira en bara landsleik í handbolta. Bogi Ágústsson og Elísabet Brekkan lýsa því sem fyrir augum ber. „Við Elísabet höfum nú gert eitthvað svipað saman áður, gott ef það var ekki brúðkaup hjá dönsku konungsfjölskyldunni og svo lýstum við líka einu sinni jarðarför. Það er alltaf voðalega gaman að lýsa einhverju í beinni útsendingu,“ segir Bogi sem kveðst þó ekki vera konungssinni númer eitt á Íslandi. Bein útsending hefst klukkan sjö um morguninn en Bogi var efins um að hann og Elísabet hæfu störf svo snemma. Henni lýkur síðan klukkan 12.34, svo því sé haldið til haga.

Hildur Helga er spennt fyrir brúðkaupinu og segir þetta alltaf vera skemmtilegan viðburð. Og ekki veiti nú af í öllu þessu volæði. „Ég veit að það er fólk úti um allan bæ sem ætlar að halda partí. Ég á vinkonur sem fara og sækja ömmurnar á elliheimilin, kaupa brandý og konfekt og horfa á brúðkaupið.“ - fgg



**SLEGIST UM PRINSINN** Hildur Helga lýsir brúðkaupi Vilhjálms prins og Kate Middleton á Stöð 2 en það eru þau Bogi Ágústsson og Elísabet Brekkan sem sjá um lýsinguna fyrir RÚV.


**Djúsfasta og hreinsun í Kríunesi við Elliðavatn um páskana, 20 - 25 apríl 2011**



Anna Katrín Ottesen sjúkraþjálfari

Gisting - Heilsudjúsar - Fræðsla - Hreyfing - Slökun,

General-prufa 50 % afsláttur

**Frekari upplýsingar**
kriunes@kriunes.is • 897 0749 og 898 7522



**SMJÖRLÍKI EHF.**
**FUNDARBOÐ**

Stjórn Smjörlíkis ehf. boðar til aðalfundar Smjörlíkis ehf. 2011, sem verður haldinn þriðjudaginn 19. apríl 2011 að Stuðlahálsi 1, Reykjavík, kl. 12.00.

**DAGSKRÁ:**
1 Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár
2 Endurskoðaður ársreikningur félagsins fyrir síðastliðið starfsár lagður fram til samþykktar og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og framlög í varasjóð
3 Breyting samþykkta
4 Ákvörðun um greiðslu arðs
5 Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna á komandi starfsári og greiðslu til endurskoðenda fyrir liðið starfsár
6 Kosning stjórnar
7 Kosning endurskoðanda
8 Önnur mál

Reykjavík, 11. apríl 2011
*Stjórn Smjörlíkis ehf.*



ÞÆGILEGT &
UMHVERFISVÆNT
minnkum notkun á plasti og pappabollum



Baggubag eru sterkir, litríkir, umhverfisvænir pokar sem rúma jafn mikið og venjulegur plastpoki.

kr. 1299.-

Fallegir fjölnota postulínsbollar með sílikonloki og haldi.



kr. 1950.-

náttúrulega
heilsuhúsið


ÞÓR KJARTANSSON: ÞEIR FENGU ALLT ÞAÐ BESTA OG VILLTASTA

# Stórleikarinn Gyllenhaal í háskaleik á Eyjafjallajökli

Jake Gyllenhaal eyddi helginni í aftakaveðri uppi á Eyjafjallajökli og Fimmvörðuhálsi í tökum fyrir sjónvarpsþáttaröðina Man vs. Wild sem ævintýramaðurinn Bear Grylls stjórnar.

Þættirnir ganga út á að lifa af í ótrúlegum aðstæðum án utanaðkomandi aðstoðar og hafa þættir Grylls notið mikilla vinsælda, eru meðal annars sýndir á Channel 4 í Bretlandi og á Discovery Channel.

Tilkynnt var um þátttöku Gyllenhaals á vefsíðu leikarans í byrjun mars á þessu ári og kom hann til Íslands beint frá Róm þar sem hann var að kynna kvikmynd sína, The Source Code. Gyllenhaal er ekki eina stjarnan sem hefur samþykkt að vera með í þessari frægðarfólks-útgáfu af þáttaröðinni en leikarar á borð við Ben Stiller og Will Ferrell munu einnig ganga í gegnum þolraunir.

„Já, ég get staðfest að við erum með þeim Gyllenhaal og Grylls en ég vil ekkert tjá mig neitt frekar um málið. Þeir fengu allavega allt það villtasta og besta í íslenskri náttúru,“ segir Þór Kjartansson, framleiðandi hjá framleiðslufyrirtækinu True North, sem þjónustar tökuliðið uppi á jökli.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóð til að ljúka tökum uppi á jökli í gærkvöldi. Það er auðvitað engin tilviljun að þetta svæði varð fyrir valinu. Eldgosið í Eyjafjallajökli lamaði alla flugumferð í Evrópu og víðar fyrir ári en Ísland fær ögn betri landkynningu í gegnum þessa þáttaröð því talið er að 1,2 milljarðar manna horfi reglulega á Bear Grylls og ævintýri hans úti um allan heim.

Það er því ekkert skrítið að Gyllenhaal skyldi hafa látið lítið fyrir sér fara í Reykjavík um helgina. Hann klæddi sig upp fyrir tökurnar í verslun 66 gráður norður í Bankastræti og náði sér í mikilvæga næringu á Laundromat í Austurstræti. „Hann kom hingað tvisvar, á föstudagskvöldinu og laugardeginum og var bara alveg silkislakur,“ segir Steinn Einar á veitingastaðnum Laundromat. Gyllenhaal hefur því augljóslega ekki kviðið fyrir þeirri reynslu að fara upp á íslenskan jökul með ævintýramanni sem virðist ekkert hræðast.

freyrgigja@frettabladid.is



**FENGU ALLT**

**Jake Gyllenhaal** og **Bear Grylls** voru alla helgina uppi á jökli með tökuliði frá True North að gera þátt fyrir Man vs. Wild, einn vinsælasta kapalsjónvarpsþátt Bandaríkjanna. Talið er að 1,2 milljarðar áhorfenda eigi eftir að fylgjast með svaðilförum stórleikarans uppi á Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Jóhannes orðinn hrikalegur

„Ég verð Jóhannesi innan handar ef það vakna spurningar um líkamsrækt. Og ef mig vantar upplýsingar um leik og leikræna tilburði þá get ég alltaf leitað til Jóhannesar. Það verður gott samstarf okkar á milli á tökustað,“ segir Egill „Gillz“ Einarsson. Tökur á kvikmyndinni Svartur á leik hefjast seinna í þessum mánuði en myndin er byggð á samnefndri bók Stefáns Mána um undirheima Reykjavíkur.

Egill Gillzenegger leikur stórt hlutverk í myndinni en þetta verður frumraun hans á hvíta tjaldinu. Þetta er hins vegar ekki í fyrsta sinn sem leiðir Egils og Jóhannesar liggja saman því sá síðarnefndi lék svonefndan „rasshaus“ í sjónvarpsþáttunum Mannasiðir Gillz. „Jóhannes hefur tekið sig mikið á síðan þær tökur fóru fram, hann var alveg hnöttóttur; með kringlóttan haus og svakalega bumbu,“ segir Egill en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu þá hefur Jóhannes verið fastagestur í líkamsræktarstöðvum borgarinnar til að undirbúa sig líkamlega undir hlutverk handrukkara í myndinni. Og sú vinna hefur sannarlega skilað sér.

Egill segist ekkert hafa þurft á kvikmyndahlutverkinu að halda, hann sé að skrifa bók, gera aðra seríu um Ameríska drauminn og Mannasiðina auk þess að vera uppbókaður sem einkaþjálfari. Hann hafi hins vegar viljað ögra sjálfum sér. „Ég pældi aðeins í þessu, þessi karakter sem ég leik er náttúrulega glæpamaður, hann gerir ljóta hluti í myndinni og það gæti náttúrulega haft áhrif á mína ímynd. En svo ákvað ég bara að láta slag standa, myndin verður væntanlega líka bönnuð börnum.“ - fgg



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Þeir Jóhannes Haukur og Egill Einarsson skipta um hlutverk í Svörtum á leik. Jóhannes leikur aðalhandrukkarann en Egill er dópsali og varmenni. Ekki er langt síðan Jóhannes Haukur lék „rasshaus“ í sjónvarpsþáttunum Mannasiðir sem slógu í gegn á Stöð 2.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# GARDÍNUR!




**SASJA myrkvunargardínur**
Frábærar, þykkar og góðar myrkvunargardínur sem halda birtunni úti. Gardínurnar fást í 3 litum: Gráar, kremaðar og svartar. Stærð: 1 x 140 x 175 sm. 1 vængur í pakka.




**MEGAN myrkvunargardínur**
Góðar myrkvunargardínur, fást í svörtu og beige. Stærðir: 80 x 170 sm. **1.995,-** 100 x 170 sm. **2.295,-** 120 x 170 sm. **2.695,-** 140 x 170 sm. **2.995,-** 180 x 170 sm. **3.995,-** 90 x 210 sm. **2.495,-**




**CIRCLE myrkvunargardínur**
Flottar, munstraðar myrkvunargardínur. Litur: Grár. Stærðir: 60 x 170 sm. **1.995,-** 80 x 170 sm. **2.495,-** 90 x 210 sm. **2.995,-** 100 x 170 sm. **2.995,-** 120 x 170 sm. **3.495,-** 140 x 170 sm. **3.995,-** 180 x 170 sm. **4.995,-**




**CHERYL rúllugardínur**
Mjög flottar rúllugardínur með samlitu jaquardmynstri. Fáanlegar í natur lit og svörtu. Stærðir: 80 x 170 sm. **1.995,-** 90 x 210 sm. **2.995,-** 100 x 170 sm. **2.495,-** 120 x 170 sm. **2.995,-** 140 x 170 sm. **3.495,-** 180 x 170 sm. **3.995,-**




**DARK myrkvunargardínur**
Þykkar og góðar myrkvunargardínur. Litur: Hvítt. Stærðir: 60 x 170 sm. **2.495,-** 80 x 170 sm. **2.695,-** 100 x 170 sm. **3.295,-** 110 x 170 sm. **3.495,-** 120 x 170 sm. **3.695,-** 140 x 170 sm. **4.295,-** 150 x 170 sm. **4.695,-** 160 x 170 sm. **5.295,-** 180 x 170 sm. **5.695,-** 150 x 250 sm. **5.995,-** 90 x 250 sm. **3.995,-** 200 x 170 sm. **5.995,-**




**SCREEN gardínur**
Góðar screen rúllugardínur sem eru gæddar þeim eiginleikum að þú sérð út en síður inn. Litur: Hvítt. Stærðir: 80 x 170 sm. **5.995,-** 100 x 170 sm. **7.295,-** 120 x 170 sm. **8.295,-** 140 x 170 sm. **9.495,-** 150 x 170 sm. **10.495,-** 160 x 170 sm. **10.950,-** 180 x 170 sm. **11.950,-** 200 x 170 sm. **12.950,-** 150 x 250 sm. **13.950,-**

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kurteisisleg aðsókn

Aðstandendur Kurteiss fólks geta verið sáttir við dómana sem þeir fengu í fjölmiðlum og sæmilega ánægðir með aðsóknina. Alls hafa tæplega fjögur þúsund manns séð myndina um lánlausa verkfræðinginn sem verður að teljast viðunandi. Okkar eigin Osló er sem fyrr vinsælasta íslenska kvikmyndin það sem af er ári en tæplega 22 þúsund gestir hafa greitt sig inn á þessa gamanmynd sem skartar meðal annars Þorsteini Guðmundssyni, Brynhildi Guðjónsdóttur og **Ladda** í helstu hlutverkum.



### Hafnfirðingur svíkur lit

Körfuboltalið KR-inga tók Stjörnuna í bakaríið í Vesturbænum í gær að viðstöddu fjölmenni – sem studdi reyndar að langmestu leyti við bakið á heimamönnum. Það fór hins vegar ekki fram hjá mörgum áhorfendum að ákafasti áhangandinn í stúkunni var splunkunýr. Sá heitir **Símon Birgisson**, best þekktur sem fréttahaukur á Stöð 2 og þrátt fyrir að vera einn frægasti sonur Hafnarfjarðar, og hafa hingað til ekki verið þekktur fyrir mikinn áhuga á íþróttum, vafði hann sig í KR-trefil og söng hástöfum með stuðningsmöntrum þeirra svarthvítu. Símon var mættur í fylgd kollega síns, Andra Ólafssonar, sem einnig er meðal háværustu fylgismanna KR. Hann er líka Hafnfirðingur.

**- fgg, sh**



## Mest lesið vísir

1. Ótrúlegt augnablik - náði myndum af eldingunni
2. Forsetinn í freyðivíns-fjölmiðlabaði
3. Sérfræðingur segir allt óvíst um skaðabótamál
4. Bílrúður sprungu og fjárhús fauk - tjónið víða en hvergi …
5. Bíða eftir myndum úr kjúklingabúum Matfugls

## Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

10 ÁRA 2001-2011 MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Allt sem þú þarft

